Rit Byggðasafns Skagfirðinga I

# Miðaldakirkjur

## 1000-1300

## Skagfirska kirkjurannsóknin

*Sigríður Sigurðardóttir*

2. útg. 2018

Ritnefnd:
Arna Björg Bjarnadóttir, sagnfræðingur
Guðmundur Stefán Sigurðarson, heimspekingur og fornleifafræðingur
Guðný Zoëga, fornleifafræðingur og mannabeinafræðingur
Þór Hjaltalín, sagnfræðingur og fornleifafræðingur

**Formáli**

Undanfarna áratugi hafa starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga unnið að rannsóknum á kirkjum og kristnum grafreitum í byggðum Skagafjarðar. Rannsóknirnar ganga undir heitinu *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Athyglinni hefur fyrst og fremst verið beint að fornleifum sem kunna að veita upplýsingar um elstu kirkjur og grafreiti, til viðbótar þeim rituðu heimildum sem við höfum. Það sem hér fer á eftir eru samanteknar heimildir um elstu kirkjur í útgefnum ritum, örnefnum, munnmælum og fornleifaskráningum og þær bornar saman við hugmyndum um elstu kirkjur og niðurstöður fornleifarannsókna á fornum kirkjugörðum í Skagafirði.

Rit þetta var gefið út á prenti árið 2012. Orðalag hefur verið lagað á stöku stað í þessari vefútgáfu og á blaðsíðu 81 er bent á rannsóknarskýrslur frá fornleifarannsóknum sem farið hafa fram undir merkjum Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar síðan þá. Þær geta komið lesendum að gagni hafi þeir áhuga á að kynna sér efnið betur.

*Sigríður Sigurðardóttir*

© Byggðasafn Skagfirðinga/Sigríður Sigurðardóttir.
Kortavinnsla: Bryndís Zoëga.
Prentað 2012 – Ásprent/Stell, Akureyri.
Efni ritsins má ekki nota án leyfis.
978-9935-9043-4-8.
Menningarráð Norðurlands vestra styrkti útgáfuna.

**Inngangur** .... 4
**I ELSTU KIRKJUR** .... 10
Kirkjujarðir í ritheimildum .... 10
Tafla I. Skagfirskar kirkjur í Auðunarmáldaga 1318. .... 12
Tafla II. Guðshús í máldögum og öðrum ritheimildum milli 1318 og 1709. .... 14
Tafla III. Guðshús fyrst nefnd í Jarðabók á 18. öld. .... 15
Byggðaheiti í Skagafirði .... 17
Kirkjutal .... 18
Ketu- og Hvammssóknir .... 18
Sauðárkróks-, Fagranes-, Sjávarborgarsóknir .... 19
Reynistaðarsókn .... 21
Glaumbæjarsókn .... 22
Víðimýrarsókn .... 23
Reykjasókn .... 24
Mælifellssókn .... 25
Goðdala- og Ábæjarsóknir .... 26
Silfrastaðasókn .... 27
Miklabæjarsókn .... 28
Flugumýrarsókn .... 29
Rípursókn .... 31
Hofsstaða-, Hóla- og Viðvíkursóknir .... 32
Hofs- og Hofsóssóknir .... 36
Fellssókn .... 37
Barðs- og Knappsstaðasóknir .... 38
Dreifing þekktra kirkna .... 42
Kirkjutalstúlkun .... 43
Listi yfir kirkjur í Skagafirði frá 1000 til 2000 .... 44
Sóknaskipulagið .... 47
**II ELSTU GRAFREITIR** .... 52
Kristni í heiðnu umhverfi og öfugt .... 52
Greftrun kristinna .... 53
Tafla IV. Staðfestir 11. og 12. aldar grafreitir .... 54
Kirkjugarðar fyrir kristniréttartíma .... 55
**III MINNI OG MINJAR** .... 58
Merki fornra kirkjugarða .... 58
Tafla V. Hringlaga grafreitir .... 59
Grafreitir í húsarústum og kirkjuflutningar .... 59
Munnmæli og örnefni .... 61
Tafla VI. Munnmæli og kirkjuörnefni .... 63
Einkenni elstu kirkjubygginga .... 64
Kirkjubúnaður og dýrlingar .... 68
**IV NIÐURSTÖÐUR** .... 71
**HEIMILDIR** .... 74
Skammstafanir .... 74
Prentaðar heimildir .... 74
Örnefnaskrár .... 80
Skýrslur, minnisblöð og munnlegar heimildir .... 81
**Kirkjurannsóknarskýrslur á rafrænu formi frá 2011-2018** .... 81

## Inngangur

Í riti þessu eru kynntar þær niðurstöður *Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar* sem lúta að sagnfræðilegum heimildum og aðferðum en í rannsókninni er einnig beitt aðferðum mannabeina- og fornleifafræði. Lögð er áhersla á að staðsetja og staðfesta kirkjur og kirkjugarða til að hægt sé að átta sig á fjölda þeirra og dreifingu fyrir 1300. Í rannsókninni eru skoðaðir byggingafræðilegir þættir þeirra, greftrunarsiðir og fyrirkomulag í grafreitum og litið eftir samfélagsgerð, lífsskilyrðum og lífsviðurværi fólks, sem lesa má af líkamsleifum hinna jarðsettu. Grafreitir sem horfið hafa úr notkun á liðnum öldum njóta forgangs í rannsókninni. Áhersla er lögð á að ná fram sem mestum upplýsingum án þess að raska um of fornum minjum.

Hér er unnið með upplýsingar sem aflað hefur verið í ritheimildum svo sem í *Fornbréfasafni*, einkum máldögum biskupanna Auðunar Þorbergssonar frá 1318 og Péturs Nikulássonar 1394-9 og alkirkjutal Hólabiskupsdæmis frá 1461, elstu reglugerðum og sögnum. Þessar heimildir eru bornar saman við hugmyndir um tilhögun kirkjuhalds framan af öldum og upplýsingar sem felast í minjaumhverfinu og sem komið hafa fram í nýlegum fornleifarannsóknum. Á undanförnum árum hafa fjórtán kristnir 11. til 13. aldar grafreitir verið fornleifakannaðir á tólf jörðum í Skagafirði. Ritaðar heimildir finnast um helming þeirra.

Skrifunum er skipt í þrennt þannig að fjallað er um hvernig: 1) elstu kirkjur koma fyrir í ritheimildum, 2) elstu grafreitir koma fram og 3) örnefni, munnmæli og aðrar menningarminjar geta hugsanlega nýst sem heimildir um fornkirkjur. Skoðað er hvers konar heimildir eru til um kirkjuhald fyrstu árhundraðanna og hvernig þær hafa verið túlkaðar í tímans rás. Elsta ritheimild um búsetu í landinu er skrif Ara fróða Þorgilssonar í Íslendingabók. Ari sýndi skrifin Katli Þorsteinssyni, sem var biskup á Hólum 1122-1145, Þorláki Runólfssyni, biskupi í Skálholti 1118-1133 og Sæmundi fróða Sigfússyni presti í Odda þannig að hún hefur verið rituð einhver tíma á bilinu 1122 til 1133. Biskupssynirnir Teitur og Gissur Ísleifssynir, Þorkell föðurbróðir Ara og Þuríður dóttir Snorra goða voru meðal heimildamanna hans. Þau voru öll fædd á 11. öld, eins og Ari sjálfur. Prófessor Hjalti Hugason heldur því fram að *Íslendingabók* hafi verið ætlað að flytja friðarboðskap og efla samhug meðal landsmanna.[1] Það kann vel að vera. Hún er í það minnsta ekki nothæf heimild um elstu kirkjur fremur en Íslendingasögur sem vitna um frásagnarlist og fortíðarhugmyndir skrásetjara og eru skrifaðar nokkrum kynslóðum eftir að atburðir eiga að hafa átt sér stað. Sumar sögur flokkast sem helgi- og dæmisögur og jafnvel uppskáldaðar skemmti- eða áróðurssögur. Fróðlegt er þó að sjá hvernig sagnaritarar kynna hugmyndir um eldri tíma í ritum sínum. Þeir gátu notað minjar og staði kennda við persónur, athafnir og atburði til að færa sönnur á eða afsanna frásögnina og eignarétt á landi með því að flétta þá inn í atburðarásina. Hér er ekki lagt mat á það en skoðað er hvaða ályktanir má hugsanlega draga af skrifum þeirra og hvort hægt er að sjá samsvörun milli skrifa miðaldaritara og fornleifa frá sama tíma.

Í Eyrbyggju, sem talin er rituð á 13. öld, segir að Snorri goði hafi hvatt Vestfirðinga til að taka kristni strax eftir að hún var lögtekin.

> Þegar er þingi var lokið lét Snorri goði gera kirkju að Helgafelli en aðra Styr mágur hans undir Hrauni. Hvatti hann menn mjög til kirkjugerðar og sagði að það var fyrirheit kennimanna að hver maður skyldi jafnmörgum mönnum eiga heimilt rúm í himinríki sem standa mættu í kirkju þeirri sem hann léti gera. Þóroddur skattkaupandi lét og kirkju gera á bæ sínum að Fróðá en prestar urðu eigi til að veita tíðir að kirkjum þótt gervar væru því að þeir voru fáir á Íslandi í þann tíma.[2]

Hvort sagan hefur verið færð í stílinn er óvíst en hvergi annars staðar er minnst á að maður

[1] Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Bls. 107.

[2] *Íslendinga sögur og þættir* I (1987). Bls. 601. Eyrbyggja.

kæmi jafnmörgum inn í himnaríki eins og gætu staðið í kirkju hans. Þarna bergmálar sögumaður það álit að menn hafi verið hvattir til að reisa sínar eigin kirkjur og hugsanlega lagt að mönnum að hafa þær stærri en smærri.[3] Þarna kemur fram að vandi hafi verið að ná í prest en hvorki í þessari sögu né öðrum er sagt berum orðum að það hafi hamlað byggingu kirkna eða vígslu grafreita. Örlygur Hrappsson, landnámsmaður á Esjubergi, fékk „plenárium ok járnklokku" í veganesti frá Patreki biskupi á Suðureyjum þegar hann hélt á hafið.[4] Þess er ekki getið að Örlygur hafi verið prestur þannig að mögulega má túlka þá frásögn þannig að biskup hafi meint að hann gæti þá bjargað sér sjálfur. Hugsanlega var gert ráð fyrir því að óvígt fólk gæti séð um athafnir eins og að skíra börn en þeim lögum var breytt á 12. öld.[5] Ákvæði um að óvígðir mættu skíra, ef í nauðir rak, fremur en að láta barn deyja óskírt, mátti sjá fram á 13. öld.[6] Það var háð því að alls engan prest væri að fá og farið væri eftir ströngum fyrirmælum.

Elstu regluverk um kristnihald á Íslandi eru tíundarlög sem voru samþykkt 1096/7. Þá lét Gissur biskup leiða í lög „at allir menn tölðu ok virtu fé sitt ok svörðu eið at rétt væri, hvárt sem var í löndum eða lausum aurum, ok gerðu tíund af".[7] Ari fróði sagði „miklar jarteknir, hvat hlýðnir landsmenn váru"[8] Gissuri. Goðar höfðu ekki ástæðu til að amast við skattheimtunni því goðorð voru skilgreind sem veldi „en eigi fe".[9] Kannski sáu goðar sér leik á borði að styrkja stöðu sína í gegn um kirkjuhald og með gjöldum sem runnu til kirkna.[10] Í *Hungurvöku,* sem var skráð um 1200, segir frá því hvernig Gissur Ísleifsson stjórnaði að hætti höfðingja, var ígildi konungs, á meðan hann var biskup og hvernig hann gerði kirkjuna að ríkisvaldi.[11]

Tíundin var eignaskattur en ekki tekin af vinnu sem mestu máli skipti í framleiðslukostnaðinum.[12] Þjónustutollar, gjafir og áheit voru helstu tekjustofnar kirkna áður en tíund var lögtekin og sú innkoma hélt áfram.[13] Tíundargjöldum var skipt í fernt, einn hluti rann til biskups, annar til prests, þriðji til kirkju og fjórði til fátækra. Biskup skipaði til um framfærslu presta og „reiða þeim manne i hönd er kirk[i]o þa varðveiter".[14] Kirkjubændur innheimtu tíundina sjálfir og gátu átt fleiri en eina kirkju. Þeir urðu að sjá þeim fyrir ljósmeti og halda þær vel og gátu misst leyfi til kirkjuþjónustu ef kirkjuhúsið „eigi var syngjanda í öllum veðrum".[15]

Ákvæði var um að ef prestur flúði þá kirkju sem hann átti að þjóna gat kirkjueigandinn heimtað hann til refsingar. Það kann að hljóma á skjön við prestsembættið en samfélagsgerðin var þá talsvert önnur og öðru vísi horft á skyldur og ófrjálst vinnuafl en síðar varð.

[3] Sjá greinarskrif prófessors Helga Þorlákssonar um Hruna í *Árnesingi* V, árið 1998, þar sem hann kemur inn á sögnina um tengsl himnaríkispláss og kirkjustærðar.
[4] *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 53. Neðanmáls er plenáríum útskýrt sem bók með Biblíutextum.
[5] *Grágás* (2001). Bls. 3-4, þar segir að prestar eigi skilyrðislaust að skíra börn, nema í neyð. Drengir niður í 7 vetra aldur, máttu skíra sjúk börn.
[6] DI II (1893). Bls. 564. *Grágás* (2001). Bls. 2-3.
[7] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti Bls. 40-41.
[8] *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 22.
[9] DI I (1857-76). Bls. 77.
[10] Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist". Bls. 60-61. Magnús telur að ástæða fyrir jákvæðni manna gagnvart tíundinn hafi verið sú að goðar gátu stýrt kirkjumálum framan af og að tíundarlögin miðuðu við innlendar réttarfarsaðstæður. Tíundinni var breytt úr eignaskatti í tekjuskatt á 13.-14. öld.
[11] *Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2. Hungurvaka. Bls. 16. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (2012). *Íslensk kirkjusaga.* Bls. 36.
[12] Gísli Gunnarsson, Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (1998). „Var tíundin, óbeinn tekjuskattur?". Bls. 234.
[13] Björn Þorsteinsson (1978). *Íslenzk miðaldasaga.* Bls. 123. Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju.* Bls. 193-4.
[14] DI I (1857-76). Bls. 81.
[15] *Grágás (*2001*).* Bls. 1, 14. Ljósmeti var t.d. lýsi á lampa og kolur eða tólg til kerta.

Þrælahald var t.d. við lýði fram yfir 1100.[16] Með kristni og kirkjuhaldi breyttist margt. Til varð stétt presta sem vann fyrir sér með fyrirbænum og því að framfylgja reglum um helgihald og skyldum manna gagnvart Guði og kirkju. Kristnir siðir og störf presta var umfjöllunarefni prófessors Orra Vésteinssonar árið 2000 í ritinu *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300.* Þar lýsir hann m.a. sjálfstæði presta uns þeir réðust til þjónustu til kirkna og klaustra í eigu biskupsstóla á 12. öld.[17]

Árið 2005 tók Benedikt Eyþórsson, sagnfræðingur, saman yfirlit um tilgátur og kenningar um elstu kirkjur á tímabilinu 1000-1300[18] og skoðaði stöðu rannsókna um kirkjuhald á þeim tíma. Prófessor Magnús Stefánsson ritaði góða samantekt um þjóðveldiskirkjuna, sem hann kallar svo, í 2. bindi af *Sögu Íslands* sem kom út 1975 og í formála *Kristni sögu*, *Kristinna þátta* og *Biskupasaga* í 15. bindi *Íslenzkra fornrita*, fjalla ýmsir fræðimenn um fornkirkjuhald.[19] Margt merkilegt er komið fram en hugmyndir um kristnihald á 11. og 12. öld byggjast samt enn mest á vangaveltum út frá fáum heimildum og mismunandi rannsóknaraðferðum fræðigreina. Margir eru sammála um að trúarbragðaskiptin á Íslandi hafi verið liður í víðtækri þróun sem var „hluti af kristnun germanskra þjóða í norðanverðri Evrópu [...] nátengd trúarbragðaskiptum á Norðurlöndum“[20], eins og Hjalti Hugason orðaði það. Siðurinn var orðinn svo rótgróinn á Írlandi og á Bretlandseyjum og svo vel þekktur víða á Norðurlöndum um 900 að útilokað var að hérlendis hefði þróunin „tekið öfuga stefnu“[21], sagði séra Sveinn Víkingur 1970 og hafði líklega rétt fyrir sér í því.

Talið er sennilegt að enskra áhrifa hafi gætt hérlendis a.m.k. framan af 11. öld en dvínað eftir fall „norræna ríkisins á Englandi árið 1066“.[22] Norrænir konungar, undir engilsaxneskum trúaráhrifum[23] lögðu kapp á að kristna Norðurlandbúa á 10. og 11. öld í þeim tilgangi að efla völd sín og ítök og þótt Ísland væri frjálst í orði kveðnu þá höfðu þeir áhrif á framkvæmd trúboðs og trúarsiða hér. Líklegt er að fólk hafi verið blendið í trúnni og sett þá alla á sama stall Óðin, Þór og Jesú Krist, eins og prófessor Helgi Þorláksson og fleiri hafa talið.[24] Fólk hefur því varla látið greinarmun á trúarbrögðum trufla sig við dagleg störf. Meginmálið fyrir kristið fólk var að þekkja grunnatriði trúarinnar og semja sig að þeim siðum sem kenndir voru, hvort sem það var að skíra barn, jarða ástvini eða tilhögun við bænagjörðir. Hafi hinir kristnu fengið ákúrur vegna trúar sinnar í lagalega bundnu heiðnu samfélagi, eins og hér á að hafa verið á 10. öld, hafa þeir getað dulið trú sína til að lenda ekki í óþægindum, eins og prófessor Jón Jóhannesson benti á.[25]

Frásagnir af samskiptum heiðinna og kristinna á 10. öld vitna um að heiðnir hafi verið hinum kristnu fjandsamlegir á seinni hluta aldarinnar, sem gæti hafa skapast af varnarviðbrögðum hinna heiðnu því líklega var meiri hluti Íslendinga undir sterkum áhrifum frá kristnum siða-

---

16 Björn Þorsteinsson (1978). *Íslenzk miðaldasaga.* Bls. 74, 76, 121.

17 Sjá skrif Orra Vésteinssonar (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300.* Einnig skrif Björns Þorsteinssonar (1978) í *Íslenzkri miðaldasögu.* Bls. 120.

18 Benedikt Eyþórsson (2005). „History of the Icelandic Church 1000-1300“. Bls. 21.

19 Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist“. Bls. 57-144. Ásdís Egilsdóttir, Guðrún Ása Grímsdóttir, Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote rituð formála að 15. bindi *Íslenskra fornrita.*

20 Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju.* Bls. 17, 26.

21 Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar.* Bls. 56.

22 Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (2012). *Íslensk kirkjusaga.* Bls. 31.

23 Cormack, Margret (1994). *The Saints in Iceland.* Bls. XII-XIII.

24 Helgi Þorláksson (2006). „Goðar og trú á 10. öld“. Bls. 150.

25 Jón Jóhannesson (1956). *Íslendinga saga 1. Þjóðveldisöld.* Bls. 161. Á seinni hluta 10. aldar giltu Úlfljótslög sem Gulaþingslög hin norsku voru sögð fyrirmynd að *(Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 7).

boðskap. Helgi Þorláksson hefur hafnað þeim hugmyndum „að landið hafi verið alheiðið í nálægt 100 ár fyrir 1000 í þeim skilningi að ekki hafi gætt kristinna áhrifa“[26] og telur að kristin menning hafi á löngum aðlögunartíma myndað samfellu með málamiðlunum.

Ríkjandi skoðun er að goðar hafi fyrstir reist kirkjur, haldið þær stærstu og verið sjálfir prestar.[27] Svokallaðar höfuðkirkjur, eins og Ólafur Haraldsson konungur kom á í Noregi, voru einhvers konar trúarmiðstöðvar og gegndu mikilvægum hlutverkum við skipulag kristni þar. Hugsanlega hefur fyrsta almenningskirkjan, sem var reist á Þingvöllum fyrir tilstilli Ólafs konungs, átt að gegna því hlutverki. Hún var reist „eftir er Íslendingar höfðu fært lög sín ok sett kristinn rétt“.[28] Snorri Sturluson hélt því fram á 13. öld að hann hefði gefið viði og klukku til hennar 1015-1020 og jafnframt að Haraldur harðráði hafi gefið þeirri kirkju aðra klukku þegar hann tók við völdum.[29] Þingvallakirkja hefur væntanlega gegnt mikilvægu hlutverki á 11. öld[30] en hún brotnaði í fárviðri á fyrri hluta 12. aldar. Þá var búið að reisa dómkirkjur í hvoru biskupsdæminu fyrir sig sem hafa leyst þessa fyrstu höfuðkirkju þjóðarinnar af hólmi.

Prófessor Björn Þorsteinsson kallaði presta þá sem þjónuðu stærstu kirkjunum höfuðpresta og vísar þar til höfuðkirkna, sem hann taldi hafa verið víðar en á Hólum og í Skálholti. Höfuðprestar tilnefndu íslensku biskupsefnin frá 11. til 13. aldar, eða til 1238[31] og höfðu þannig áhrif á þróun kirkjumála. Í Noregi voru fylkiskirkjur þar sem fólk innan ákveðinna fylkja reisti kirkju í sameiningu og hélt henni við.[32] Norsku fylkiskirkjurnar voru sambærilegar „minster churches“[33] á Englandi, eins og hérlendar sóknarkirkjur. Áhrif á kristnihald hér á landi voru úr ýmsum áttum, eins og hinn íslensk-norski kristniréttur, sem var lögtekinn á Alþingi 1123/1132, sýnir en hann er talinn hafa verið undir áhrifum franskrar kirkjustefnu.[34] Menn voru ekki í neinu tómarúmi að semja leikreglur íslensks kristnihalds.

Miðaldamenn litu þannig á að „yfirráð yfir landi táknuðu einnig yfirráð yfir fólki“.[35] Jarðeignir hafa því skipt miklu máli fyrir þá sem vildu völd. Kirkjur, sem áttu jörðina sem þær stóðu á, juku mjög gildi sitt er tímar liðu og áheit og ítök í hlunnindum eins og reka og eldivið voru farin að safnast til þeirra. Á 12. og 13. öld, þegar farið var að skoða kirkju og jörð sem sjálfstæða rekstrareiningu[36] voru þeir sem bjuggu á kirkjujörðum kallaðir kirkjubændur og varðveittu eignir kirkjunnar.

Prófessor Magnús Stefánsson telur að fólk hafi strax á 11. öld tileinkað eða gefið kirkjum sínum land í heimanfylgju, jafnvel alla jörðina, og að kirkjubændur hafi verið orðnir ráðandi afl bæði í valdapólitísku umhverfi og hagkerfi

[26] Helgi Þorláksson (2006). „Goðar og trú á 10. öld“. Bls. 150. Í *Landnámabók* er sagt að Helgi magri hafi trúað á Krist en heitið á Þór og Óðinn.

[27] Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998*. Bls. 14. Orri Vésteinsson (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300*. Bls. 39-45. Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Islandske storkirker før 1300“. Bls. 157, 162.

[28] Snorri Sturluson (1944). *Heimskringla* II. Bls. 371.

[29] Snorri Sturluson (1944). *Heimskringla* II. Bls. 576.

[30] Í fyrsta bindi *Fornbréfasafns* segir að mögulegt sé að mönnum hafi verið boðað að marka stikumál að hverri þeirri kirkju, sem leyft var að grafa lík að, eftir álnarmáli sem markað var á kirkjuvegg á Þingvöllum (DI I (1857-76). Bls. 307).

[31] Björn Þorsteinsson (1978). *Íslenzk miðaldasaga*. Bls. 113. DI II (1893). Bls. 536, 540.

[32] *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 9.

[33] Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia*. Bls. 285.

[34] Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist“. Bls. 72. Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 94. Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia*. Bls. 289.

[35] Árni Daníel Júlíusson (2007). „Hver fann upp fjósið? Norska landbúnaðarsagan ...“. Bls. 173. Hann miðar við árabilið 800-1350.

[36] Í hinum svokallaða rómverska rétti, sem innleiddur var á 12. öld, kvað á um að líta ætti á kirkjur sem sjálfseignastofnanir.

landsins í lok 11. aldar.[37] Fleiri eru á þeirri skoðun. Að reisa kirkju „gat hafa haft pólitíska merkingu, a.m.k. öðrum þræði. Slík bygging hefur getað þótt sýna frumkvæði kirkjueigandans og tilkall til áhrifa í héraðinu“[38], segir Orri Vésteinson. Jarðir sem gefnar voru drottni urðu staðir á 12. öld þegar svokölluð staðarmál hófust og bændur og kirkjuyfirvöld tókust á um eignarétt jarðanna. Gunnar F. Guðmundsson, sagnfræðingur, segir að menn hafi verið farna að hafa varann á sér með eignarhaldið þegar kom fram á 13. öld, gjöfum til kirkna hafi fækkað og menn hafi nær hætt að gefa þeim heimalönd.[39] Hugsanlega vegna þess að þá voru biskupar og umboðsmenn þeirra farnir að vilja stýra kirkjuhaldinu og hverjir fóru með umboð kirkjueigna. Efni þessara skrifa er ekki að finna út hvernig valdakerfi 13. aldar byggðist á stöðu manna gagnvart kirkjunni þótt ekki verði litið fram hjá því að valdabarátta þess tíma hefur litað afstöðu fræðimanna til kirkjuhalds á fyrstu öldum kristni. Kirkjujarðir, sem menn hafa talið elstar, tengjast sögum um landnám og kenningum um höfuðból og falla að þeim hugmyndum að goðar hafi fyrst reist kirkjur og stýrt kirkjuhaldi á 11. öld. Um það er allt gott að segja, annað en kirkjur virðast hafa verið miklu fleiri á 11. öld en gert hefur verið ráð fyrir og fleiri áttu kirkjur en goðar. Erfingjar landnámsmanna hafa verið misjafnlega settir eftir því hvort þeir erfðu höfuðbólið, voru heppnir með land eða voru betri bændur en hinir og ekki voru þeir allir þingmenn goða. Hafi kirkjubændur verið búnir að ná völdum í landinu um 1100 hefur mikill sægur landsmanna getað talið sig standa jafnfætis í trúmálum.

Í Laxdæla sögu segir að svo fáar kirkjur hafi verið í fyrstu kristni að fólk hafi flutt vini og ættingja langar leiðir til að láta grafa þá.[40] Hvað skrásetjari sögunnar á við með fyrstu kristni er óljóst. Í Víga-Glúms sögu kemur hið sama fram um kirkjufæð og segir að menn hafi fengið leg hjá elstu kirkjunni á meðan engin önnur reis.[41] Í Finnbogasögu ramma, sem er talin skrifuð á 14. öld, var prestur sagður nauðsynlegur til þjónustu við andlát.[42] Frásagnir þessar geta vel verið fremur heimildir um hugmyndir manna á tímum skrásetjaranna heldur en veruleikann á 11. öld. Fornleifarannsóknir varpa ljósi á grafsiði og skipulag eða óskipulag kristnihalds á 11. öld og sagnir um kirkjufæð í fyrstu kristni stangast á við það sem virðist hafa verið veruleikinn, þótt fullyrðingar um kennimannafæð[43] verða sennilega seint skoðaðar út frá fornleifum. „Að öndverðu létu bændur hér á landi gera guði kirkjur með einfaldri heimanfylgju henni og kennimanni til uppheldis, svo það skyldi hvorki þverra né minka og kirkjan skyldi af sínum tiundum uppheldi hafa“[44], skrifaði séra Jón Halldórsson, prófastur, fyrir nærri hundrað árum. Þá hugmynd hafa margir aðhyllst. Um miðja 20. öld setti séra Sveinn Víkingur fram þá skoðun að litlar heimiliskirkjur hefðu einkennt kristnihaldið á 11. öld og að þær hafi verið á nær hverjum bæ, eða um 3000 á landinu öllu, og tengst grafreitum.[45] Prófessor Orri Vésteinsson, sem telur að kirkjur hafi ekki verið reistar að marki fyrr en kristnin festist í sessi um og eftir miðja 11. öld, er sammála Sveini um tengsl kirkna og grafreita og telur fyrstu kirkj-

[37] Magnús Stefánsson (2000). *Staðir og staðarmál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen I.* Bls. 12-13.

[38] Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998.* Bls. 14.

[39] Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist“. Bls. 102. Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja.* Bls. 84.

[40] *Íslendinga sögur og þættir* II (1987). Bls. 1616.

[41] *Íslendinga sögur og þættir* III (1987). Bls. 1949.

[42] *Íslendinga sögur og þættir* I (1987). Bls. 661.

[43] *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 291-2. *Íslendinga sögur og þættir* I (1987). Bls. 601. Eyrbyggja saga.

[44] *Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal með viðbæti II.* Hólabiskupar 1551-1798 (1911-1915). Bls. 14.

[45] Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar.* Bls. 134-6.

urnar hafa verið smáar graftarkirkjur, sem fyrst og fremst tengdust greftrun og sálumessum.[46]

Á meðan ekki voru íslenskir biskupar til að stýra kirkjuhaldi og kirkjusiðum hljóta erlendir kennimenn að hafa sagt til um hvað væri við hæfi í kirkjuhaldi og grafsiðum. Trúboðsbiskupar sem vitjuðu trúbræðra hér á 11. öld máttu vígja presta, kirkjur og grafreiti þar til íslenskir biskupar tóku við.[47] Í *Hungurvöku* er sagt að á 11. öld hafi komið hingað „byskupar af öðrum löndum, ok buðu mart linara en Ísleifr byskup".[48] Þessir biskupar eru sagðir hafa komið frá Írlandi, Englandi, Saxlandi og víðar.[49] Einn þeirra var Bjarnharður biskup sem Hjalti Hugason segir að hafi þjónað Húnaþingi og Skagafirði á tímabilinu 1050 til 1070.[50] Teitur Gissurarson, biskupssonur, vitnaði um að „útlendir byskupar"[51] hefðu kennt kristna siði. Undir lok 11. aldar, árið 1072, bannaði erkibiskup starf erlendra biskupa hérlendis.[52] Hins vegar er vitnisburður um útlenda presta hérlendis a.m.k. til 1275 því þá máttu menn enn kaupa þjónustu af þeim, ef þeir höfðu leyfi biskups.[53] Fornleifar benda til að landnemar Íslands hafi komið frá Noregi, Svíþjóð, Gotlandi, Eystrasaltslöndunum, Írlandi, Englandi, Skotlandi og eyjunum þar í kring.[54]

Fyrsta kynslóð kristinna Íslendinga var töluvert blönduð eins og DNA rannsókn á beinum legbúa í kirkjugarðinum í Keldudal hefur sýnt[55] þannig að afkomendur þeirra gátu hafa haft tengsl í margar áttir og spennandi að vita hvort hægt er að merkja þau tengsl í grafsiðum í elstu kirkjugörðunum. Er hægt að sjá mismunandi greftrunarsiði og aðra siði sem tengjast trúarháttum fyrir 1300 út frá þeim heimildum sem við höfum, jarðlægum eða rituðum? Finnast grafreitir þar sem 14. aldar heimildir nefna bænhús[56] og voru kirkjur og grafreitir fleiri á 11. og 12. öld en síðar?

Í rannsókninni er reynt að meta hvort munnmæli og örnefni geti verið jafngildar heimildir um elstu kirkjur eins og ritheimildir. Munnmæli um kirkjur og kirkjuflutninga hafa varðveist í minni og hafa verið skráð s.s. í jarðabókum, örnefnaskrám og fornleifaskýrslum. Við leitum einnig eftir merkjum um forna kirkjugarða á landinu sjálfu og hvort hægt er að staðsetja kirkjur út frá þeim heimildum.

Þá er skoðað hvort hugsanlega er hægt að tímasetja elstu kirkjur út frá leifum bygginga, ásamt heimildum um dýrlinga, trúartákn og skrautverk. Helstu heimildir í þeim efnum eru húsa-, muna- og fornleifarannsóknir og varðveittar menningarminjar. Þekking á legu kirkjugarða er nauðsynleg fyrir ábúendur jarða, byggða- og kirkjusögurannsóknir, fyrir minja- og skipulagsyfirvöld og minjavernd.

[46] Orri Vésteinsson (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300*. Bls. 48-9, 57, 288.

[47] Segir Ari fróði í Íslendingabók. *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 18. Jón Jóhannesson (1956). *Íslendinga saga 1. Þjóðveldisöld*. Bls. 168, 170. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (2012). *Íslensk kirkjusaga*. Bls. 22-23, 30-31.

[48] *Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2. Hungurvaka. Bls. 8.

[49] *Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2. Hungurvaka. Bls. 11-12.

[50] Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Bls. 146-7.

[51] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 39.

[52] Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (2012). *Íslensk kirkjusaga*. Bls. 31.

[53] *Grágás (*2001*)*. Bls. 18.

[54] Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Bls. 480-1. Agnar Helgason (2004). „Uppruni Íslendinga", *Hlutavelta tímans* (2004). Bls. 53.

[55] Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Bls. 30-31.

[56] Á 14. öld voru bænhús skilgreind sem heimiliskapellur þar sem ekki mátti skíra börn né ferma, gifta eða jarða. Á alkirkjum var messað hvern helgan dag. Aðrar kirkjur voru hálf-, þriðjungs- og fjórðungskirkjur og fengu prestjónustu í samræmi við stöðu sína.

# I ELSTU KIRKJUR

## Kirkjujarðir í ritheimildum

Samkvæmt ritheimildum sem fjalla um landnámstímann voru flestir höfðingjar þá heiðnir. Einhverjir tóku kristna trú á 10. öld. Einn þeirra var Þorvaldur „víðförli" Koðránsson frá Giljá í Húnavatnssýslu, sem hafði heim með sér hinn saxneska Friðrek biskup árið 980.[57] Brynleifur Tobíasson, fræðimaður frá Geldingaholti, segir Þorvald hafa verið barnabarn Þorlaugar Sæmundardóttur (suðureyska) og Eilífs arnar Atlasonar, sem nam Laxárdal ytri í Skagafirði.[58] Þorvaldur kristnaði og skírði Skagfirðingana Atla á Atlastöðum í Laxárdal og Þorvarð Spak-Böðvarsson í Ási í Hjaltadal. Í *Flateyjarbók* er haft eftir Gunnlaugi munki (d.1218/19) að Þorvarður hefði tekið skírn á Englandi og að þar hefði hann fengið viði í Áskirkju sem hann reisti sextán árum fyrir kristnitöku.[59] Sagan segir að skagfirskir heiðingjar hafi ítrekað reynt að kveikja í kirkju Þorvarðar í Ási og hræða prestinn burtu en ekki tekist.[60] Sögur um skærur heiðinna á hendur kristnum og hrakninga trúboða bera helgisagnablæ. Fornleifauppgröftur í Ási leiddi í ljós leifar kirkju og kirkjugarðs frá 11. öld og merki fundust um eldri byggingar. Bænhús hét þar sem kirkjan stóð og kann hún að hafa verið notuð fram á 16. öld.[61]

Talið hefur verið líklegt að kirkja hafi risið snemma á höfuðbólinu Stað í Reyninesi (Reynistað í Staðarsveit). Þar bjó Þórður faðir Þorfinns karlsefnis á 10. öld, sem sagður var afkomandi landnámsmannanna Sæmundar suðureyska og Höfða-Þórðar. Kona Þorfinns, Guðríður Þorbjarnardóttir, var af írskum ættum og kristin samkvæmt Grænlendingasögu. Á fyrri hluta 11. aldar bjó Snorri sonur þeirra í Glaumbæ, sá er byggði kirkju þar samkvæmt sögunni.[62] Brynleifur Tobíasson segir að Þorgeir sonarsonur þeirra af ætt Staðarmanna, sem bjó að Reynistað á 11. öld, hafi verið annar helsti höfðingi Skagfirðinga.[63] Hinn hafi verið Arnór Ásbjörnsson í Viðvík, af ætt Ásbirninga. Sú ætt hélt völdum í Skagafirði fram á miðja 13. öld, ásamt Staðarmönnum sem þeir mægðust við snemma. Skagfirskir höfðingjar höfðu veruleg áhrif á þróun kirkjumála í Hólastifti á 11. og 12. öld.[64] Jón Ögmundarson biskup hafði Örn Þorkelsson á Víðimýri sér til ráðgjafar á fyrri hluta 12. aldar[65] og þótt hann hafi varla skipt sér af því hvernig biskup færði „siðu manna ok háttu mjök í annat efni en áðr hafði verit"[66] hefur hann vel getað haft áhrif á hvar prestar sátu og þannig haft mótandi áhrif á sóknaskipulagið. Biskuparnir Björn Gilsson og Brandur Sæmundarson, sem réðu kirkjuskipan í Hólastifti á mótunartíma sókna og þegar staðarmál stóðu sem hæst, voru afkomendur Staðarmanna.[67] Brandur biskup hafði mögulega 1¾ goðorða í Skagafirði af þremur á seinni hluta 12. aldar[68] og hlýtur að hafa notað stöðu sína til að efla áhrif ættmenna innan kirkjunnar. Kolbeinn Tumason goðorðsmaður á Víðimýri réði vali Hólabiskups árið 1203, þegar hann lét kjósa Guðmund Arason fyrir

[57] *Flateyjarbók* (1944). Bls. 290.

[58] Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum*. Bls. 8.

[59] *Íslendinga sögur og þættir* III (1987). Bls. 2251. *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 484-485.

[60] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 11.

[61] Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998*. Bls. 26, 28-29, 36. Engin merki voru um að gröf hafi verið tekin í kirkjugarðinn eftir 1104.

[62] Þar segir: „er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ". *Íslendingasögur* II (1987). Bls. 1109.

[63] Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum*. Bls. 26-27. Staðarmannaætt var kennd við Reynistað.

[64] Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Islandske storkirker før 1300". Bls. 164.

[65] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 215.

[66] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 207.

[67] *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1063. Lúðvík Ingvarsson (1987). *Goðorð og goðorðsmenn,* 3. bindi. Bls. 397, 411. Hólabiskuparnir Björn og Brandur og Þorlákur Skálholtsbiskup voru afkomendur Þorfinns karlsefnis og Guðríðar Þorbjarnardóttur.

[68] Helgi Þorláksson (2010). „Milli Skarðs og Feykis. Um valdasamþjöppun í Hegranesþingi í tíð Ásbirninga og um valdamiðstöðvar þeirra". Bls. 67.

biskup. Slík völd hafa skipt verulegu máli. Biskup réði öllu um greiðslur til kirkna og stöðu þeirra.[69]

Undir lok 10. aldar bjó Arnór kerlingarnef Björnsson, sonur Höfða-Þórðar, á Miklabæ í Óslandshlíð samkvæmt *Svaða þætti og Arnórs kerlinganefs*. Þar er sagt að Arnór hafi tekið upp kristinn sið stuttu fyrir aldamótin 1000 fyrir orð móður sinnar. Mikil harðindi höfðu gengið yfir landið og menn voru farnir að úthýsa þurfalingum og gamlingjum. Móðir Arnórs var Þuríður Refsdóttir frá Barði í Fljótum og samkvæmt frásögnum virðist hún hafa verið kristin. Hún las yfir syninum þegar hún varð þessa vör og sagði meiri sæmd í að gefa fátæklingum ölmusu heldur en misþyrma þeim. Arnór fór að orðum móður sinnar og hét á hinn kristna Guð að hann tæki trú ef hann sæi með táknrænum hætti að slíkt væri honum þóknanlegt. Skipti engum togum að veður batnaði, snjóa leysti, grös blómguðust og fénaði var borgið. Segir í þættinum að allir þingmenn Arnórs og hjú hans hafi þá tekið við kristni.[70] Sagan er skemmtileg hvað sem sannleikanum líður en þarna kemur fram sama sögn og í Eyrbyggju að þingmenn fylgdu höfðingjanum.[71]

Samkvæmt kristnirétti (1122/1123) áttu kirkjueigendur að halda skrá, svokallaða máldaga, yfir eigur þeirra í löndum, búfé og lausum aurum og lýsa þeim bæði á þingi og í kirkju.[72] Elstu kirkjumáldagar úr Hólabiskupsdæmi eru frá tíma Auðunar Þorbergssonar biskups á Hólum árið 1318.[73] „Stofn sumra máldaga í safni þessu er æfa forn"[74] segir í formála annars heftis *Fornbréfasafns* þar sem þeir eru varðveittir. Má ætla að grunnur elstu máldaga úr Hólabiskupsdæmi gæti verið frá tímum séra Jóns Ögmundarsonar biskups frá 1106 til 1121. Í töflu I á síðu 11 eru teknar saman upplýsingar úr Auðunarmáldögum. Þar eru taldar 36 kirkjur, 37 ef talin er með hálfkirkja sem tekið er fram að Flatatunguprestur þjónaði og var sennilega á Keldulandi. Auk þeirra eru talin 23 bænhús. Með þeim teljast 60 guðshús í Skagafirði árið 1318 að ótöldum kirkjum á Hólum í Hjaltadal, Viðvík og Hofstöðum sem koma ekki fram í Auðunamáldögum en voru starfandi. Fram kemur að sumir prestar (þingaprestar) þjónuðu guðshúsum utan garðs eins og sagt var, þ.e. þeir þjónuðu guðshúsum í prestakallinu. Stundum er nefnt hvar þau voru, stundum ekki. Miðað við þessar upplýsingar virðast mestu annir hafa verið hjá prestum í Hvammi, á Fagranesi, Víðimýri, Reykjum, Mælifelli, Þverá, Hofi, Felli og Barði. Sé reiknað með fjórum til fimm prestum samtals á Hólum, Viðvík og Hofstöðum og einum presti á þeim 6 kirkjustöðum sem koma fram í registri hafa a.m.k. 40 prestlærðir menn þjónað í Skagafirði 1318. Sennilega voru tveir prestar á Reynistað, Glaumbæ[75] og Holti (Stóra-Holti) í Fljótum.

Prófessor Jón Viðar Sigurðsson telur goða hafa haft sömu stöðu gagnvart kristnum söfnuðum og kirkjum hér eins og konungar höfðu á Norðurlöndunum og haldið það sem hann kallar stórkirkjur og fræðslu- og uppeldisstöðvar fyrir kennimenn, og þannig staðið fyrir innleiðingu kirkjusiða.[76] Við stórkirkjurnar telur hann að hafi þjónað a.m.k þrír prestlærðir menn. Hafi svo verið þá voru engar stórkirkjur í Skagafirði aðrar en klausturskirkjan á Reynistað[77] og svo dómkirkjan á Hólum, sem trónaði yfir öllum kirkjum biskupsstólsins.

---

[69] *Grágás* (2001). Bls. 11. DI I (1857-76). Bls. 85.

[70] *Íslendinga sögur og þættir* III (1987). Bls. 2252-3.

[71] *Íslendinga sögur og þættir* I (1987). Bls. 601.

[72] *Grágás* (2001). Bls. 12. DI I (1857-76). Bls. 244.

[73] DI II (1893). Bls. 423-489.

[74] DI II (1893). Bls. 423.

[75] Í Glaumbæjarmáldaga frá 1394 kemur fram að þar þjónuðu 2 prestar og djákni (DI III (1896). Bls. 564.

[76] Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Høvdingene, storkirkene og den litterære aktiviteten på Island fram til ca. 1300". Bls. 181.

[77] Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Islandske storkirker før 1300". Bls. 157, 160.

*Tafla I. Skagfirskar kirkjur í Auðunarmáldaga 1318.*

| *Kirkjustaður* | *Fjöldi presta og djákna* | *Alkirkja* | *Hálf- og fjórðungs-kirkja* | *Þinga-prestur* | *Bæn-hús* | *Gjald-skyldir bæir* | *Eyður = engar upplýsingar* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Keta á Skaga | | | | | | | Í registri |
| Hvammur í Laxárdal | 1 | 1 | | Þ | | 26 | |
| Fagranes á Reykjaströnd | 1 | 1 | | Þ | | 14 | |
| Sjávarborg[1] í Borgarsveit | 1 | 1 | | Þ | | 7 | |
| Reynistaður í Staðarsveit | | | | | | | Í registri |
| Glaumbær[2] á Langholti | | | | | | | Í registri |
| Geldingaholt[3] | 2 | 1 | | Þ | | 7 | |
| Seyla á Langholti | | 1 | | | | | Þjónað frá Geldingaholti |
| Víðimýri[4] í Víðimýrarplássi | 2 | 1 | | Þ | 6 | 12 | |
| Vellir[5] í Hólmi | 1 | 1 | | Þ | | 6 | |
| Reykir[6] í Tungusveit | 1 | 1 | | Þ | | 10 | |
| Héraðsdalur í Dalsplássi | | 1 | | | | | Þjónað frá Reykjum |
| Mælifell[7] í Neðribyggð | 2 | 1 | | Þ | 6 | 7 | |
| Lýtingsstaðir í Tungusveit | | 1 | | | | | Þjónað frá Mælifelli |
| Hafgrímsstaðir í Fremribyggð | | | 1 | | | | Þjónað frá Mælifelli |
| Bjarnarstaðahlíð í Vesturd. | | | 1 | | | | Þjónað frá Hofi |
| Hof í Vesturdal | 2 | 1 | | Þ | | 3 | |
| Goðdalir í Vesturdal | 2 | 1 | | Þ | | 9 | |
| Ábær í Austurdal | 1 | 1 | | Þ | | 6 | |
| Flatatunga[8] á Kjálka | 1 | 1 | 1 | Þ | | 1 | Þjónar hálfkirkju |
| Silfrastaðir í Norðurárdal | 1 | 1 | | Þ | | 6 | |
| Úlfsstaðir í Blönduhlíð | | 1 | | | | | Þjónað frá Víðivöllum |
| Víðivellir[9] í Blönduhlíð | 2 | 1 | | Þ | | 4 | |
| Miklibær[10] í Blönduhlíð | 2 | 1 | | Þ | | 8 | |
| Stóru-Akrar í Blönduhlíð | 0 | 1 | | | | | Þjónað frá Völlum |
| Flugumýri í Blönduhlíð | | | | | | | Í registri |
| Þverá[11] í Blönduhlíð | 1 | 1 | | Þ | 5 | 13 | |
| Ríp í Hegranesi | 1 | | 1 | | | | |
| Miklibær í Óslandshlíð | 1 | 1 | | Þ | | 9 | |
| Hof á Höfðaströnd | 1 | 1 | | Þ | | 28 | |
| Höfði[12] á Höfðaströnd | 1 | 1 | | Þ | 2 | 3 | |
| Málmey á Skagafirði | 1 | 1 | | | | | |
| Fell í Sléttuhlíð | 1 | 1 | | Þ | | 20 | |
| Barð í Fljótum | 1 | 1 | | Þ | 4 | 24 | |
| Knappsstaðir í Stíflu | | | | | | | Í registri |
| Stóra-Holt í Fljótum | | | | | | | Í registri |
| Samtals | 30/**36** | 27/32 | 4 | 21 | 23 | 223 | |

*1 Borgarprestur þjónaði bænhúsum í Keflavík, Utanverðunesi og Hellulandi, Kimbastöðum, Gili og Sauðá 1399.*
*2 Glaumbæjarprestur þjónaði Sólheimakirkju í Sæmundarhlíð á 14. öld.*
*3 Geldingaholtsprestur þjónaði kirkjum á Ríp í Hegranesi og Seylu á Langholti á 14. öld.*
*4 Víðimýrarprestur þjónaði sex bænhúsum. Þrjú gætu hafa verið í Valadal, Krithóli (Gegnishóli) og Álfgeirsvöllum. Hin eru óþekkt.*
*5 Vallaprestur þjónaði Akrakirkju 1318.*
*6 Reykjaprestur þjónaði Héraðsdalskirkju árið 1318.*
*7 Mælifellsprestar þjónuðu hálfkirkjum á Lýtingsstöðum og Hafgrímsstöðum og bænhúsum á Skíðastöðum, Mælifellsá, Hömrum, Gilhaga og tveimur óstaðsettum til viðbótar.*
*8 Flatatunguprestur þjónaði hálfkirkju á Keldulandi.*
*9 Víðivallaprestur þjónaði Úlfsstaðakirkju alla 14. öld.*
*10 Árið 1395 þjónaði Miklabæjarprestur fimm bænhúsum og Akrakirkju. Bænhúsin hafa sennilega verið á Þorleifsstöðum, Vallholts-bæjunum, Sólheimum , Miðsitju og Hellu.*
*11 Þverárprestur þjónaði fimm bænhúsum sem nú eru óþekkt. Eitt hefur sennilega verið á Hjaltastöðum í Blönduhlíð.*
*12 Höfðaprestur þjónaði bænhúsum að Mannskaðahóli og Þrastarstöðum.*

Þegar máldagarnir eru skoðaðir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hafa komið upp úr jörðinni á undanförnum árum er ljóst að þeir geta ekki kallast bestu heimildir um elstu kirkjur. Þeir eru jafnvel vafasamar heimildir um fjölda guðshúsa á 14. öld. Þeir innihalda ágætar upplýsingar um eignir skráðra kirkna og kostnað við prestsþjónustu á þeim tíma og vitna um lágmarksfjölda kirkna á þeim tíma sem þeir eru skráðir.

Nokkrar kirkjur, sem Auðunarmáldagar nefna ekki, voru örugglega í notkun 1318 því sumar koma fram í máldögum og í jarðakaupabréfum seinna á öldinni. Dæmi um þær er fjórðungskirkjan á Skíðastöðum í Laxárdal sem sagt er frá í jarðakaupabréfi 1388.[78] Könnunarskurður, sem tekinn var í kirkjugarðinn þar sumarið 2008, sýndi að hann var í notkun a.m.k. frá 11. til 13. aldar.[79] Önnur er hálfkirkjan á Sauðá, sem var graftarkirkja á 11. öld og mögulega notuð sem slík árið 1318. Í máldaga fyrir Sjávarborgarkirkju frá 1399 segir að teknar séu tvær merkur fyrir þjónustu í Sauðárkirkju.[80] Hálfkirkjur að Gili í Borgarsveit og Sólheimum í Blönduhlíð, eru í máldögum frá 1399 og 1395. Í þeim koma einnig fram bænhús á Ytra- og Syðra-Vallholti, Miðsitju og Hellu í Blönduhlíð, Hellulandi, Utanverðunesi og Keflavík í Hegranesi. Alkirkjan í Sólheimum í Sæmundarhlíð kemur fyrst fram í fornbréfi 1378. Bænhúsin á Sævarlandi og á Heiði í Gönguskörðum eru sömuleiðis fyrst nefnd í fornbréfum á 14. öld. Ástæða þess að guðshús þessi eru ekki nefnd 1318 kann að vera sú að biskupar slepptu að skrá kvaðalaus guðshús í bændaeign.

Engar upplýsingar lægju fyrir um Reykjakirkju á Reykjaströnd, Kálfsstaðakirkju í Hjaltadal og Marbæliskirkju í Óslandshlíð væru þær ekki nefndar í *Sturlungu* og *Grettis sögu*. Í *Sturlungu* er einnig getið um kirkjur á Fagranesi, Geldingaholti, Seylu, Víðimýri, Silfrastöðum, Miklabæ í Blönduhlíð, Flugumýri, Þverá, Kálfsstöðum, Hofi á Höfðaströnd og Felli.

Í töflu II á síðu 13 eru listuð upp guðshús sem fyrst eru nefnd í ritheimildum á milli 15. og 18. aldar. Kirkjujarðir sem fyrst er getið í máldögum Péturs Nikulássonar 1394-1399 eru settar á 1394 eins og þær koma fyrir í *Fornbréfasafni* til þótt vitað sé að þeir voru ekki allir teknir það ár.[81] Hálfkirkjur og bænhús, sem fengu þjónustu frá Sjávarborg, Glaumbæ, Reykjum og Goðdölum, ættu stangt til tekið að vera ársett á 1399.[82] Í töflunni er áberandi fjöldi hálfkirkna í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar á seinni hluta 15. aldar. Í 16. aldar máldaga og í jarðaskiptabréfi frá 1608[83] er Tungukirkja í Stíflu sögð hálfkirkja. Árið 1487 var hún lítt standandi, og hið sama átti við um Bjarnargilskirkju.[84] Vitnisburð um hálffallnar kirkjur má ekki túlka þannig að þær hafi verið að fara úr notkun. Hús þarf að endurnýja. Innheimta gjalda af niðurfallinni sóknarkirkjunni í Ábæ[85] vitnar um það.

Gunnar F. Guðmundsson telur að menn hafi fengið bænhúsum breytt í hálfkirkjur vegna kvartana þegar skipað var í sóknir til þess að „draga úr vanda sem sumt fólk bjó við vegna fjarlægðar frá sóknarkirkju“[86] og telur hann hæpið að nýjar kirkjur hafi risið eftir að farsóttir eyddu heilu byggðunum á 15. öld. Sú tilhögun gæti fremur hafa verið viðleitni biskups til að efla kristnihaldið og auka tekjur kirkjunnar eins og túlka má út frá fjölda hálfkirkna og bænhúsa út að austan í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar.

---

[78] DI III (1896). Bls. 425-426.
[79] Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 5.
[80] DI III (1896). Bls. 530.
[81] DI III (1896). Bls. 508-509.
[82] DI III (1896). Bls. 509.
[83] DI XII (1923-1932). Bls. 69-70.
[84] DI V (1899-1902). Bls. 355 (sjá 248).
[85] DI XI (1915-1925). Bls. 23; V (1898). Bls. 360.
[86] Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 186.

*Tafla II. Guðshús í máldögum og öðrum ritheimildum milli 1318 og 1709.*

| Staðsetning | Vægi | Nefnd | Heimild |
|---|---|---|---|
| Hvalnes, Skaga | Bænhús | 1445 | Jarðakaupabréf |
| Sævarland, Laxárdal | Bænhús | 1379 | Fornbréf |
| Skíðastaðir, Laxárdal | Fjórðungskirkja | 1388 | Fornbréf/fornleifar |
| Heiði, Gönguskörðum | Bænhús | 1389 | Fornbréf |
| Sauðá, Borgarsveit | Hálfkirkja | 1393 | Fornbréf/fornleifar |
| Kimbastaðir, Borgarsveit | Bænhús | 1570 | Fornbréf |
| Gil, Borgarsveit | Hálfkirkja | 1394 (1399) | Máldagi/mannabein |
| Vík, Víkurparti | Hálfkirkja | 1440 | Fornbréf/örnefni |
| Sólheimar, Sæmundarhlíð | Alkirkja | 1378 | Fornbréf |
| Ytra-Vallholt | Bænhús | 1394 (1395) | Máldagi |
| Syðra-Vallholt | Bænhús | 1394 (1395) | Máldagi |
| Krithóll (Gegnishóll), Neðribyggð | Bænhús | 1478 | Fornbréf |
| Gilhagi, Fremribyggð | Hálfkirkja | 1525 | Fornbréf |
| Merkigil, Austurdal | Bænhús | 1663 | Fornbréf |
| Sólheimar, Blönduhlíð | Hálfkirkja | 1394 (1395) | Máldagi |
| Miðsitja, Blönduhlíð | Bænhús | 1394 (1395) | Máldagi |
| Hella, Blönduhlíð | Bænhús | 1432 (1395) | Máldagi |
| Þorleifsstaðir, Blönduhlíð | Hálfkirkja | 1431 | Fornbréf |
| Litlidalur, Blönduhlíð | Bænhús | 1394 (1395) | Máldagi |
| Djúpidalur, Blönduhlíð | Hálfkirkja | 1394 (1395) | Máldagi |
| Utanverðunes, Hegranesi | Bænhús | 1394 | Máldagi |
| Helluland, Hegranesi | Bænhús | 1394 | Máldagi |
| Ás, Hegranesi | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Keflavík, Hegranesi | Bænhús | 1394 | Máldagi |
| Hofsstaðir, Hofsstaðabyggð | Alkirkja | 1429 | Kirknatal |
| Kolkuós, Viðvíkursveit | Kirkja | 1550 | Bréf |
| Ósland, Óslandshlíð | Hálfkirkja | 1591 | Minnisbók |
| Gröf, Höfðaströnd | Bænhús | 1525 | Fornbréf |
| Grindur, Deildardal | Bænhús | 1495 | Fornbréf |
| Bræðrá, Sléttuhlíð | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Tjarnir, Sléttuhlíð | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Arnarstaðir, Sléttuhlíð | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Skálá, Sléttuhlíð | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Hraun, Sléttuhlíð | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Heiði, Sléttuhlíð | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Ysti-Mór, Flókadal | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Sjöundarstaðir, Flókadal | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Nes, Flókadal | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Stóru-Reykir, Flókadal | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Grindill, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Neðra-Haganes, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Lambanes, Fljótum | Alkirkja | 1480 | Máldagi |
| Brúnastaðir, Fljótum | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Slétta, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Gautastaðir, Stíflu | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Tunga, Stíflu | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Nefsstaðir, Stíflu | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Hvammur, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Reykjarhóll, Fljótum | Bænhús | 1480 | Máldagi |
| Bjarnargil, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |
| Hraun, Fljótum | Hálfkirkja | 1480 | Máldagi |

*Tafla III. Guðshús fyrst nefnd í Jarðabók á 18. öld.*

| Staðsetning | Nefnt vægi | Heimildir |
|---|---|---|
| Foss, Skaga | Bænhús | Jarðabók 1709/örnefni |
| Ingveldarstaðir, Reykjaströnd | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Gvendarstaðir, Víðidal | Bænhús | Jarðabók 1713/mannabein |
| Helgastaðir, Víðidal | | Jarðabók 1713/mannabein |
| Hóll, Sæmundarhlíð | Bænhús | Jarðabók 1713/örnefni |
| Skarðsá, Sæmundarhlíð | Bænhús | Jarðabók 1713 |
| Valadalur, Skörðum | Bænhús | Jarðabók 1713 |
| Álfgeirsvellir, Efribyggð | Bænhús/kirkja | Jarðabók 1713 |
| Skíðastaðir, Neðribyggð | Bænhús | Jarðabók 1713/mannabein |
| Syðri-Mælifellsá, Efribyggð | Bænhús | Jarðabók 1713/örnefni |
| Hamrar, Fremribyggð | Bænhús | Jarðabók 1713 |
| Kelduland, Kjálka | Bænhús/hálfkirkja | Jarðabók 1713 |
| Syðsta-Grund, Blönduhlíð | Bænhús | Jarðabók 1713/mannabein |
| Mið-Grund, Blönduhlíð | Bænhús | Jarðabók 1713/mannabein/11. aldar kkja |
| Hjaltastaðir, Blönduhlíð | Bænhús | Jarðabók 1713/mannabein |
| Bakki, Viðvíkursveit | Bænhús | Jarðabók 1714 |
| Sleitustaðir, Kolbeinsdal | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Brúarland, Deildardal | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Enni, Höfðaströnd | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Mannskaðahóll, Höfðaströnd | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Þrastastaðir, Höfðaströnd | Bænhús | Jarðabók 1709/örnefni |
| Stóra-Þverá, Fljótum | Bænhús | Jarðabók 1709 |
| Efra-Haganes, Fljótum | Bænhús | Jarðabók 1709 |

Í töflu III er getið um guðshús sem fyrst koma fram í *Jarðabók* 1709-1714. Sumar kirkjujarðanna, sem ekki eru nefndar fyrr en á 18. öld, eiga langan aldur, eins og staðfest hefur verið á Mið-Grund, sem reyndist vera frá 11. öld.[87] Þá má nefna að Goðdalaprestar áttu að þjóna bænhúsi á Merkigili á 17. öld, en þar komu mannabein úr jörðu árið 1954[88], sem benda til fornkirkju.

Flestar jarðir, sem taldar hafa verið elstu kirkjujarðir, tengjast sögum um landnema, höfðingja og stóratburði. Þær hafa yfirleitt verið taldar hátt metnar til forna og talið líklegt að leiðtogar byggðanna hafi búið þar á 11. og 12. öld. Val þeirra samræmist kenningunni um að goðar og helstu höfðingjar hafi innleitt kristnina og reist fyrstu kirkjurnar. Brynleifur Tobíasson fræðimaður nefnir flestar þeirra fyrst í bókinni *Heim að Hólum,* sem kom út árið 1943.[89] Um miðja 20. öld setti Þormóður Sveinsson fræðimaður fram hugmynd um að flestar kirkjur sem nefndar eru alkirkjur á 14. öld „hefðu verið reistar á 11. öld“[90] og tengdi þær við meinta höfðingja. Þeirra á meðal voru Mælifell á Fremribyggð, Hof í Vesturdal, Ábær í Austurdal, Flatatunga á Kjálka, Flugumýri í Blönduhlíð, Viðvík í Viðvíkursveit, Hof og Höfði á Höfðaströnd, Holt (Stóra-Holt) í Fljótum og Knappsstaðir í Stíflu,

[87] Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla.* Bls. 25-29.
[88] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 507.
[89] Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum.* Bls. 15.
[90] Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum“. Bls. 26.

sem teljast landnámsjarðir[91] og menn hafa talið eindregið að kirkjur hafi staðið á 11. öld. Svo vill til að heimildir hafa fundist um guðshús á fleiri meintum landnámsjörðum, eins og á: Álfgeirsvöllum á Efribyggð, Steinsstöðum í Tungusveit, Hofi í Hjaltadal, Sleitustöðum í Kolbeinsdal, (Ysta-) Mói í Flókadal, Stóra-Grindli og Brúnastöðum í Fljótum. Erfitt er að fullyrða að ákveðnar kirkjur eigi lengsta sögu, af því að þar bjuggu goðar eða aðrir vel stæðir bændur á 13. og 14. öld, því jarðir sem vitnisburður er um nú og vista leifar 11. aldar kirkna og hafa komið á óvart, eins og Mið-Grund í Blönduhlíð, Keldudalur í Hegranesi og Bjarnastaðir í Kolbeinsdal, eru sannarlega virðast á skjön við þær hugmyndir.

Í kirkjurannsókninni hefur komið í ljós að fjöldi kirkna í Skagafirði er í engum takti við kenningar um að fáir hafi byggt kirkjur og fengið vígða grafreiti á 11. öld, eins og í nágrannalöndum okkar þar sem talið er að kirkjur hafi verið fáar uns kristnin náði verulegri fótfestu.[92] Hérlendar kirkjur, sem stofnaðar voru á 11. öld, hafa verið germanskt ættaðar sjálfstæðar bændakirkjur, einkakirkjur, eins og Magnús Stefánsson hélt fram 1975, sem er merkilegt þegar litið er til Noregs þar sem talið hefur verið að bændur hafi fyrst byggt kirkjur í félagi hver við annan.[93] Prófessor Stefan Brink telur reyndar að bændur syðst á Skandinavíuskaga hafi byggt sínar eigin kirkjur og að þær hefðu verið útbreiddari en áður var talið.[94]

Þær jarðir þar sem mannabein hafa komið óvænt úr jörðu á undanförnum árum vitna um að finna megi fleiri fulltrúa 11. aldar kirkna meðal þeirra kirkjujarða sem koma ekki fram í ritheimildum fyrr en á 18. öld eða seinna. Kirkjur virðast hafa verið flestar um 1100. Jón Viðar Sigurðsson hefur haldið því fram að hluti 11. aldar kirkna hafi verið lagður niður á tímabilinu 1050 til 1150.[95] Margt styður þá tilgátu eins og kirkjutalið hér á eftir vitnar um.

Meiri hluti þeirra kirkna sem fram koma í kirkjutalinu gætu átt upphaf sitt á 11. öld, skömmu eftir kristnitökuna. Kirkjujarðir eru skráðar frá Skaga í vestri til Fljóta í austri eftir byggðum í landfræðilegri röð eins og kortið á næstu síðu sýnir. Kort með byggðaheitum er til að auðvelda staðsetningu kirkjujarða, sem eru tengdar þeim í fyrsta sinn sem þær eru nefndar í kirkjutalinu.

[91] Í *Landnámu* koma einnig fram bæjarnöfn sem eru ekki heiti á landnámsjörðunum sjálfum en tengjast viðburðum eða afkomendum landnámsmanna.

[92] Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju.* Bls. 172, 185-186. Benedikt Eyþórsson (2005). „History of the Icelandic Church 1000-1300" (19-69). Bls. 21. Leiða má líkur að því að annar hver þingfararkaupsbóndi, eins og þeir eru kallaðir í *Hungurvöku,* hafi átt sitt eigið guðshús. Þ.e. leyfi maður sér að reikna frjálslega út frá 1200 þingfararkaupsbændum í Norðlendingafjórðungi (7000 á landinu öllu) um daga Gissurar biskups á 11. öld þá er gert ráð fyrir að þeir hafi verið 280-300 í Skagafirði. (*Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2. Hungurvaka. Bls.18).

[93] Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist". Bls. 72-73, 76.

[94] Brink, Stefan (2005). „Some Aspects of the Christianization of Sweden and Early Church Organization". Bls. 208.

[95] Jón Viðar Sigurðsson (2000). „Gårds- og kirkestruktur på Island fram til ca. 1200". Bls. 52.

## Byggðaheiti í Skagafirði



## Kirkjutal

Kirkjujarðirnar eru flokkaðar samkvæmt kirkjusóknum um síðustu árþúsundamót. Núverandi kirkjur eru skáletraðar. Nefnt er hver þjónustuleg staða[96] kirkna var þegar þeirra er fyrst getið, ef það kemur fram, hvort fornleifarannsókn hefur farið fram eða hvort fundist hafa mannabein sem staðfest hafa grafreiti. Á nokkrum bæjum eru 20. aldar heimagrafreitir sem ekki eru til umfjöllunar hér enda snerta þeir ekki rannsókn á grafreitum á 11. til 14. öld. Hér er teflt fram flestum heimildum um kirkjur án dóms um hvort þær eru sannanlegar eð ekki, nema þar sem búið er að staðfesta kirkju fyrir 1300 með fornleifarannsóknum.

*Ketu- og Hvammssóknir*

1. ***Ketukirkja*** á Skaga er fyrst nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318 en óvíst er hvort prestur var þar þá.[97] Ketukirkju er annars ekki getið í máldögum. Líklegt er að hún hafi lengst af verið hálfkirkja með sóknarkirkjustöðu og útkirkja (annexía) frá Hvammskirkju í Laxárdal. Í Ketu er enn kirkja og kirkjuhúsið, sem er frá 1892-5, er friðað samkvæmt aldursákvæðum Þjóðminjalaga 106/2001.[98]

2. **Foss** á Skaga. Í *Jarðabók* 1709 segir að Kirkjutóftarhús og Kirkjulág heiti þar sem bænhúsið stóð.[99] Hve lengi það stóð veit enginn.

3. Að **Hvalnesi** á Skaga var bænhús að fornu, segir í *Jarðabókinni* 1709, en „fallið fyrir manna minni“.[100] Bænhús þetta kom fyrst fram í jarðakaupabréfi árið 1445.[101]

4. **Sævarland** í Laxárdal. Árið 1379 var þar bænhús.[102] Í *Jarðabók* 1709 er talað um munnmæli um bænhús að fornu sem fallið væri „fyrir manna minni“.[103]

5. ***Hvammskirkju*** í Laxárdal er fyrst getið í máldaga 1318[104] þar er sagt að hún eigi helming Atlastaða. Hvammur er talinn hafa verið landnámsjörð Eilífs arnar Atlasonar, sem nam land undir Eilífsfjalli (Tindastóli). Sagan segir að kirkja hafi verið á Atlastöðum og að hún hafi verið færð í Hvamm.[105] Á 14. öld tilheyrðu 26 bæir Hvammssókn. Kirkja sú sem nú stendur er úr timbri, reist 1892, og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum Þjóðminjalaga, 106/2001.[106]

6. Talað er um fjórðungskirkju á **Skíðastöðum** í Laxárdal árið 1388[107] en bænhús 1443.[108] Í sóknarlýsingu frá 1840 segir að kirkja hafi verið reist á Skíðastöðum í Laxárdal og hún síðan flutt

---

[96] Kirkjur höfðu mismunandi þjónustustig. Á alkirkjum var messað hvern helgan dag, á hálfkirkjum annan hvern og fjórðungskirkjum, fjórða hvern helgan dag. Minnstu guðshúsin voru kölluð bænhús. Al- og hálfkirkjur á 14. öld gætu allar hafa verið sóknarkirkjur.

[97] DI II (1893). Bls. 488. Unnar Ingvarsson (2005). „Kirkjustaður“. *Kirkjur Íslands* 5. bindi. Bls. 73.

[98] Unnar Ingvarsson (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar“. Bls. 75-6.

[99] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 18. Minnst er á bænhúsið í *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 17.

[100] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 12.

[101] DI IV (1897). Bls. 666.

[102] DI III (1896). Bls. 336.

[103] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 30.

[104] DI II (1893). Bls. 468-269.

[105] *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 17.

[106] Unnar Ingvarsson (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar“. Bls. 55-6.

[107] DI III (1896). Bls. 426. Í jarðaskiptabréfi frá 1388 er sagt að á fjórðungskirkju á Skíðastöðum taki prestur eina mörk fyrir að þjóna. Í næstu setningu er talað um að kirkjan sé bænhús. Minnstu kirkjurnar voru kallaðar bænhús.

þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm.[109] Á Skíðastöðum fannst hringlaga kirkjugarður sumarið 2008, 20 m í þvermál, með þykkum, hvítum, áberandi gjóskulinsum frá Heklugosinu 1104. „Engin önnur gjóska var greinanleg í torfinu. [...] Líklegt er að aldur garðsins sé 11.-13. öld en þó fundust engar vísbendingar um gröft þar fyrir 1104. Ekki fundust merki um að hann hafi verið endurbyggður þannig að vera kann að hann hafi verið hlaðinn löngu eftir að kirkjugarðurinn hefur verið tekinn í notkun ellegar að hann hafi verið stækkaður."[110]

7. **Atlastaðir** í Laxárdal eru taldir kenndir við Atla hinn ramma, Eilífsson, sem nam land í dalnum. Bróðursonur Atla, Þorvaldur víðförli Koðránsson, var einn af fyrstu trúboðum á Íslandi og er sagður hafa kristnað og skírt Atla er hann kom í kristniboðsferð til Skagafjarðar á 10. öld.[111] Miðað við frásögn Björns Arnþórssonar sóknarprests frá 1840[112], um kirkjuflutninga frá Skíðastöðum í Atlastaði og þaðan í Hvamm[113], er líklegt að þar hafi snemma risið kirkja en bærinn fór líklega í eyði í lok miðalda. Sagan fær að njóta vafans.

*Sauðárkróks-, Fagranes-, Sjávarborgarsóknir*

8. Heinrekur Hólabiskup vígði kirkju á **Fagranesi** á Reykjaströnd árið 1254.[114] Ekki kemur fram hvort það var fyrsta kirkjan á staðnum. Sennilega var það ný kirkjubygging fyrir sóknarkirkju Reykstrendinga. Kirkjan var alkirkja með prestskyldu árið 1318 og fékk ljós- og heytoll af 14 bæjum. Árin 1360, 1394, 1470 og 1479 var sama fyrirkomulag þar og 15 greiðandi sóknarbæir.[115] Sú tilhögun hélst fram á 19. öld. Fagraneskirkja var lögð af 1892 og er enn hægt að greina sporöskjulaga form kirkjugarðsins þar skammt frá þáverandi húsum.[116] Norðan við 19. aldar kirkjugarðinn hét Grettisleiði og heimamenn voru þess fullvissir að þar hvíldu einhver bein útlagans Grettis Ásbjarnarsonar.[117]

9. **Reykir** á Reykjaströnd. Samkvæmt Grettissögu stóð þar kirkja á 11. öld. Í sögunni segir að eftir dráp Grettis og Illuga hafi menn sótt líkin og fært þau „út til Reykja á Reykjaströnd og grófu þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafin upp bein Grettis og þótti þeim geysistór og þó mikil."[118] Hvort kirkjan var færð um set á jörðinni, færð milli jarða eða aflögð, kemur ekki fram. Hugsanlega voru kirkjuviðir og mannabein úr kirkjugarðinum flutt að Fagranesi. Á hólbungu þar á Reykjum, þar sem stóðu fjárhús og grjótrétt, voru tóftir og hringlaga garður utan um, norðan, austan og sunnan réttarinnar, áður en sléttað var vegna túnræktunar.[119] Þar var leitað kirkjugarðs sumarið 2010 en engin merki fundust um hann þar sem leitað var.

---

108 DI IV (1897). Bls. 643.
109 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 17.
110 Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 5, 8, 10.
111 *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 298.
112 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 17.
113 Sennilega var átt við að eigur kirkjunnar hafi verið fluttar til fremur en sjálft kirkjuhúsið. Og kirkjan lögð niður.
114 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 507.
115 DI II (1893). Bls. 468; III (1896). Bls. 174, 562; V (1899-1902). Bls. 250, 330-331, 361.
116 *Byggðasaga Skagafjarðar* I (1999). Bls. 228-9.
117 *Fagranes. Örnefnaskrá* (óársett). Gunnar Helgason skráði. *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1084.
118 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1084.
119 *Byggðasaga Skagafjarðar* I (1999). Bls. 196-7.

10. **Ingveldarstaðir** á Reykjaströnd. Í *Jarðabók* 1709 segir að þar hafi verið bænhús að fornu en affallið „fyrir vel 20 árum, en ekki tíðir veittar í manna minni".[120] Skemma sem stóð þar á hlaðinu „um 10 metrum sunnan við syðri bæinn á Ingveldarstöðum" [121] var talin standa á grunni bænhússins.

11. Á **Heiði** í Gönguskörðum var bænhússkylda árið 1389.[122] Aðrar heimildir finnast ekki.

12. Þann 2. janúar 1393 var **Sauðá** í Borgarsveit seld og tekið fram að á jörðinni væri hálfkirkjuskylda.[123] Ári seinna er sagt að Borgarprestur eigi að „syngja þar annan huorn dag helgann. paskadag. krossmessu og Nicolausmessu".[124] Sömu skyldur voru öld seinna.[125] Bænhús stóð þar enn árið 1709 segir í *Jarðabókinni*.[126] Mannabein og hleðsluleifar fundust við framkvæmdir árið 2000 norðaustan við bæjarhólinn og talið víst að þar hefði verið kirkjugarður á 11. öld.[127] Sé rétt hugmynd séra Sveins Víkings um að Sæmundur suðureyski hafi verið kristinn maður[128] er hugsanlegt að Sauðá hafi verið einn af bústöðunum í landnámi hans.

13. ***Sauðárkrókur***. Þéttbýli byggðist upp í landi Sauðár á 19. og 20. öld. Þar reis kirkja 1891 til 1892, sem er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001. Sauðárkrókskirkja tók við sóknarkirkjuskyldum af Fagranes-og Sjávarborgarkirkju þegar þær voru lagðar niður 1891 og 1892.[129]

14. Kirkju er fyrst getið á **Sjávarborg** í Borgarsveit í máldaga árið 1318. Þá var þar prestskylda og hey- og lýsistollur tekinn af 7 bæjum. Kirkjan er einnig í máldögum 1360, 1399 og 1569-1570 sem alkirkja með prestsskyldu.[130] Á 14. öld átti Borgarprestur að þjóna guðshúsum á Hellulandi, Utanverðunesi, Keflavík í Hegranesi, Sauðá og Gili.[131] Sjávarborgarkirkja var í bændaeign árið 1569.[132] Á seinni hluta 18. aldar var Sjávarborgarkirkja orðin annexía frá Fagranesi.[133] Árið 1892 var kirkjan lögð niður en húsið var endurvígt 1983.[134] Kirkjuhúsið, sem er reist 1857, tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

15. Á **Kimbastöðum** í Borgarsveit var bænhús samkvæmt próventubréfi frá 1570.[135]

---

[120] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 34.
[121] *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999). Bls. 205.
[122] DI III (1896). Bls.497.
[123] DI X (1911-1921). Bls. 22.
[124] DI III (1896). Bls. 530. Borgarprestur þjónaði Keflavík fyrir hálfa mörk. Krossmessa er 3. maí og Nikulásarmessa 6. desember.
[125] DI VII (1903-1907). Bls. 237.
[126] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 50.
[127] Þjms. Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl (2000).
[128] Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*. Bls. 62.
[129] Kristmundur Bjarnason (1992). *Sauðárkrókskirkja og formæður hennar*. Bls. 103-5.
[130] DI II (1893). Bls. 467-8; III (1896). Bls. 172-173, 509, 529; V (1898). Bls. 361. *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281, 319.
[131] DI III (1896). Bls. 530, 529. Umræddar Hegranesjarðir eru nú taldar með Rípursókn.
[132] *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281.
[133] Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
[134] Þórir Stephensen (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar. Síðasta torfkirkjan". *Kirkjur Íslands* 5. bindi. Bls. 240-1.
[135] Í bréfi frá 1570 er sagt frá bænhúsi. Sjá umfjöllun í *Byggðasögu Skagafjarðar* I (1999). Bls. 311.

**16.** Á **Gili** í Borgarsveit var hálfkirkja árið 1399 sem Sjávarborgarprestur þjónaði[136] en Gilsmenn áttu að sækja messur til Sjávarborgar og grafa fólk sitt þar. Um 1960 komu í ljós mannabein þegar grafinn var skurður fast norðaustan við svonefndan Burðarhól ofan (vestan) við gamla túnið á Gili. Líklegt er að þar hafi verið komið niður á kirkjugarð[137], sem gæti hafa horfið úr notkun á 14. öld. Sumarið 2009 var rannsakað hvort kirkjan og kirkjugarðurinn hefðu staðið á áðurnefndum hól, en svo virtist ekki vera. Ekki var unnt að framkvæma umfangsmikla rannsókn á staðnum.[138]

*Reynistaðarsókn*

**17.** Elstu heimildir um kirkju í **Vík** í Víkurtorfu er bréf dagsett 23. apríl 1440.[139] Hálfkirkja var þar enn árið 1713 og messað en kirkjan var lögð niður í síðasta lagi 1765. Tún stutt neðan við bæ heitir Bænhúsvöllur og er talið að kirkjan hafi staðið þar.[140]

**18.** **Hafsteinsstaðir** í Staðarsveit var ein af stofnjörðum Reynistaðarklausturs 1295 og engin leiga tekin þar fremur en af heimajörð klaustursins.[141] Um miðja 20. öld og aftur 1987 þegar grafinn var húsgrunnur við gamla bæjarhólinn komu upp mannabein „á skilum malar og moldar“.[142] Ábúandi segir þau munnmæli hafi fylgt jörðinni að þar hafi verið bænhús eða hálfkirkja til forna. Engar ritheimildir eru um kirkju á Hafsteinsstöðum. Sumarið 2010 var leitað eftir kirkjugarði þar sem beinin fundust. Engin merki voru um kirkjugarð en merki voru um byggð þar frá því fyrir 1000.[143]

**19.** Munnmæli eru um mannabein í jörðu á **Helgastöðum** í Víðidal. Talið hefur verið að Helgastaðir og aðrir bæir á Víðdal hafi farið í eyði í plágunni síðari 1495-1496.[144]

**20.** **Gvendarstaðir** á Víðidal. Menn á 18. öld minntust kirkjugarðsleifa þar sem áin braut af bakka og mannabein komu fram.[145] Hér gæti verið um rugling að ræða og að menn hafi átt við Helgastaði en Gvendarstaðir njóta vafans.

**21.** Afkomendur Þorfinns karlsefnis Þórðarsonar og Guðríðar Þorbjarnardóttur eru sagðir hafa búið á Stað í Reyninesi, ***Reynistað*** í Staðarsveit, á 11. öld.[146] Ritheimildir nefna fyrst kirkju á Stað 1198 þegar Guðmundur góði Arason varð þar prestur.[147] Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318 og er í alkirkjutali á 15. öld. Þá voru 2 prestar og 2 djáknar við klausturskirkjuna.[148] Hið eina sem nú minnir á Reynistaðarklaustur er örnefnið Klausturbrekka.

---

[136] DI III (1896). Bls. 509, 530.
[137] *Byggðasaga Skagafjarðar* I (1999). Bls. 320.
[138] Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla* . Bls. 15.
[139] DI IV (1897). Bls. 606. Kirkjan átti að taka heimatíundir og ljóstolla, en aðrar tíundir og ljóstolla þeirra er þar eru heimilisfastir áttu að greiðast til Reynistaðarklausturs.
[140] *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 101.
[141] DI II (1893). Bls. 301, 398. Það voru einu jarðirnar sem ekki guldu leigu til klaustursins.
[142] B*yggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 119.
[143] *Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga* (2010). Bls.15.
[144] B*yggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 165.
[145] *Jarða - og búendadatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949* (1949-1959). Bls. 73.
[146] *Íslendingasögur* II (1987). Bls. 1109.
[147] *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 142.
[148] DI II (1893). Bls. 488; V (1898). Bls. 361.

Núverandi kirkja á Reynistað var reist 1868 til 1870 og er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga 106/2001.[149]

22. Að **Holtsmúla** á Langholti voru rannsökuð mannabein á Hvammbarmi, brún Melsgils austan Staðarár, sumarið 2006, sem gætu verið úr heiðnum sið.[150] Árið 1970 fundust höfuðkúpur og fleiri mannabein fáeinum metrum sunnan við íbúðarhúsið, þegar grafið var fyrir afrennsli í votheysgryfju.[151] Gamli torfbærinn stóð þar rétt vestan við. Þjóðminjavörður kannaði svæðið en engar frekari rannsóknir voru framkvæmdar. Engar heimildir eru um kirkju í Holtsmúla en vegna beinafundarins nýtur staðurinn vafans.

23. Á **Hóli** í Sæmundarhlíð hét Bænhústóft á hlaði 1713, segir í *Jarðabók*.[152]

*Glaumbæjarsókn*

24. **Sólheimar** í Sæmundarhlíð. Kaupbréf frá 1378 getur um kirkju þar og átti að messa hvern helgan dag[153] og „luka ut preste iiij merkur j kaup“[154] og veita honum fylgd yfir að Glaumbæ. Það þýðir sennilega að Sólheimakirkja hafi verið alkirkja á þeim tíma en í *Jarðabók* 1713 er sagt að þarna hafi verið bænhús til forna og tóftarleifar á hlaði. Í *Prestatali og prófasta* er talað um hálfkirkju í Sólheimum. Tóftarleifarnar voru enn sjáanlegar 1842.[155]

25. Á hlaðinu á **Skarðsá** í Sæmundarhlíð stóð skemma árið 1713 kölluð Bænhús.[156]

26. Samkvæmt Grænlendingasögu lét Snorri Þorfinnsson reisa fyrstu kirkju í ***Glaumbæ*** á Langholti á fyrri hluta 11. aldar.[157] Kirkjan er í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318[158] og var alkirkja í öðrum 14. aldar heimildum[159] með tveggja presta skyldu og djákna. Glaumbæjarprestur þjónaði Sólheimakirkju í Sæmundarhlíð.[160] Núverandi kirkja var byggð 1926.[161]

27. **Seylukirkja** á Langholti kemur fyrir í Sturlungu þar sem sagt er að Oddur Þórarinsson hafi verið grafinn árið 1255. „Undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeiri kirkju“.[162] Í máldaga 1318 er sagt að Geldingaholtsprestur eigi að þjóna á Seylu fyrir 4 merkur, sem er sama gjald og tekið var fyrir þjónustur á alkirkjum.[163] Árið 1713 var þar bænhús „og tíðir veittar af

---

149 Júlíana Gottskálksdóttir (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar“. Kirkjur Íslands 5. bindi. Bls.137.
150 Guðný Zoëga (2006). *Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði*. Áfangaskýrsla/55.
151 B*yggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 178.
152 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 77.
153 DI III (1896). Bls. 332-333. Þar hefur þá verið alkirkja (sóknarkirkja).
154 DI III (1896). Bls. 333. Hvern dag helgan átti að greiða presti 4 merkur í kaup og veita honum fylgd milli bæja, eftir því sem taka á heimatíund sína og ljóstolla.
155 *Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 66. Sveinn Níelsson taldi að Sólheimakirkja hafi ekki verið aflögð formlega fyrr en 1765. Sjá: Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 245.
156 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 82.
157 Svo segir: „er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“. *Íslendingasögur* II (1987). Bls. 1109.
158 DI II (1893). Bls. 488.
159 DI III (1896). Bls. 174, 564.
160 DI V (1899-1902). Bls. 331, 788-789. Þing - prestakall, umdæmi prests. *Grágás (*2001). Bls. 8.
161 Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Glaumbær. Kirkja og staður*. Bls. 6, 15.
162 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 516. Inn undir kirkjugarðinn, sennilega utan frá.
163 DI II (1893). Bls. 467.

prestinum í Glaumbæ".[164] Það var aflagt á 18. öld. Kirkjuvöllur heitir þar sem kirkjan á að hafa staðið og kirkjugarðurinn var staðfestur með jarðsjá og könnunarskurði árið 2009. Sú rannsókn leiddi í ljós grafreit frá því eftir 1100. Sama ár kom í ljós annar kirkjugarður, um 80 metrum austur af Kirkjuhóli á svæði sem kallað var Kirkjuvöllur, með ferhyrndri tóft í miðju, aldursgreindur til 11. aldar.[165]

28. **Geldingaholt**. Kirkja var þar árið 1255[166] og hún er tilgreind í máldaga 1318 með prest og djákna. Þá átti Holtsprestur að þjóna á Seylu og Ríp.[167] Holtskirkja er í al- og sóknarkirkjutali 1569[168] en hún var aftekin 1765 samkvæmt konungsúrskurði,[169] 1768 segir í sóknarlýsingu 1842.[170] Austur af gamla bænum í Geldingaholti má vel greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.[171] Þar fyrir neðan heitir Kirkjutunga.[172]

29. **Vellir** í Vallhólmi. Sennilega bjó Brandur prestur Úlfhéðinsson þar, sá sem Hvamms-Sturla hitti við Vallalaug 1158.[173] Kirkjumáldagi frá 1318 getur um alkirkju á Völlum sem sennilega var sóknarkirkja. Hún var með prestsskyldu og þjónaði Vallaprestur Akrakirkju í Blönduhlíð og tók 4 merkur fyrir.[174] Menn vissu hvar kirkjan hafði staðið árið 1713.[175] Má enn sjá móta fyrir hringlaga formi garðsins norðvestan við núverandi hús á bænum.[176]

*Víðimýrarsókn*

30. Bænhús var í **Syðra-Vallholti** í Vallhólmi 1395, sem þjónað var frá Miklabæ samkvæmt fornri skyldu.[177] Árið 1713 var bænhúsið notað sem skemma.[178] Syðra-Vallholt var lengi prestsetur.[179]

31. Í **Ytra-Vallholti** í Vallhólmi er nefnt bænhús í kirkjutalinu 1395.[180] Í máldögum Miklabæjarkirkju 1395 og 1622 segir að prestur þar þjóni bænhúsi á báðum Vallholtsbæjunum.[181]

32. Á **Krithóli** (Gegnishóli) á Neðribyggð var bænhús 1478 samkvæmt jarðaskiptabréfi.[182]

33. Í **Valadal** á Skörðum var bænhús til forna, segir *Jarðabókin* 1713.[183]

---

[164] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 90. Þar sat Halldór Þorbergsson Seyluannálsritari (1641-1658).
[165] Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 18-24.
[166] *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 513, 516.
[167] DI II (1893). Bls. 467.
[168] *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
[169] *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772). Bls. 526.
[170] *Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 66.
[171] *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 328-330.
[172] *Geldingaholt. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
[173] Séra Sveinn Níelsson taldi að hann hefði þjónað Glaumbæjarkirkju. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 245.
[174] DI II (1893). Bls. 466. Í máldaganum segir í sviga „sem nú kallast Glaumbær" en einnig að hann eigi við kirkjuna að Völlum í Hólmi.
[175] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 108.
[176] *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 362.
[177] DI III (1896). Bls. 509, 565. Með fornri skyldu.
[178] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 105.
[179] Þar sat séra Gunnlaugur Þorsteinsson 1631-1674, sá er ritaði Vallholtsannál.
[180] DI III (1896). Bls. 509, 565.
[181] DI XII (1923-1932). Bls. 37.
[182] DI VI (1900-1904). Bls. 145-146. Jörðin einnig þekkt sem Gegnishóll og Kryddhóll.

34. ***Víðimýrarkirkju*** í Víðimýrarplássi er fyrst getið á 12. öld. Örn Þorkelsson frá Víðimýri var einn þeirra leikmanna sem Jón Ögmundarson biskup hafði með í ráðum á Hólum 1106 og hefur vafalaust haldið prest á Víðimýri.[184] Guðmundur Arason góði varð prestur hjá Kolbeini Tumasyni skáldi og kirkjubónda á Víðimýri árið 1199.[185] Kirkjan er alkirkja í máldaga frá 1318 og áttu bæði prestur og djákni að þjóna henni. Þeir sáu einnig um að þjóna á sex bænhúsum í sókninni. Ekki er getið hvar þau stóðu en tvö voru niðurbrotin.[186] Víðimýrarkirkja var sóknarkirkja í bændaeign árið 1569 og svo var fram á 20. öld.[187] Núverandi kirkja var reist 1834 og er í Húsasafni Þjóminjasafns Íslands.

*Reykjasókn*

35. **Álfgeirsvellir** á Efribyggð er talin vera landnámsjörð Álfgeirs.[188] Ætlað var að þar hafi verið kirkja eða bænhús í kaþólskum sið samkvæmt *Jarðabók* og þar stóð skemma á hlaðinu þar sem áður var bænhúsið.[189] Á loftmynd má greina hringlaga form suðvestur af gamla bæjarstæðinu sem gæti verið gamall kirkjugarður.[190]

36. Á **Skíðastöðum** á Neðribyggð stóð bænhús í byrjun 18. aldar.[191] Höfuðkúpa af manni kom upp skammt fyrir utan húsatóft sem enn sést. Beinin komu upp þegar grafið var fyrir útihúsi einhvern tíma á bilinu 1904 til 1910.[192] Norðvestan við íbúðarhúsið, sem enn stendur, má á loftmyndum sjá óljóst hringlaga form sem gæti verið leifar kirkjugarðsins.[193]

37. Á ***Reykjum*** í Tungusveit gekk Kolbeinn ungi til skrifta hjá Þórði presti 1238.[194] Kirkjan er alkirkja í Auðunarmáldaga 1318, og tók prestur 4 merkur af Dal (Héraðsdal) fyrir þjónustu sína.[195] Árið 1479 átti að vera þar heimilisprestur sem þjónaði einnig Dalskirkju.[196] Reykjakirkja er sögð sóknarkirkja í bændaeign árið 1569.[197] Á seinni hluta 18. aldar var Reykjakirkja annexía frá Mælifelli.[198] Núverandi kirkja á Reykjum er timburhús, reist 1897 og er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga.[199]

38. Samkvæmt Grettis sögu bjó Tungu-Steinn Bjarnarson, Ófeigssonar, Kráku-Hreiðarssonar landnámsmanns á **Steinsstöðum** á 11. öld.[200] Við raflagnaframkvæmdir 1993 fundust þar 11. aldar mannabein, í kristnum grafreit. Árið 2008 var staðurinn kannaður betur og komið niður á tvær beinagrindur. Á „80 cm dýpi í smærri gröfinni komu fram leifar beinagrindar ungbarns en

---

183 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 84.
184 *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 215.
185 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 142.
186 DI II (1893). Bls. 466-467. Prestur tók tvær merkur af hverju og eina af niðurbrotnum húsum.
187 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281.
188 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 230.
189 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 111.
190 Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði.* Bls. 44.
191 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 114.
192 *Byggðasaga Skagafjarðar* III (2004). Bls. 92.
193 Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði.* Bls. 45.
194 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 416.
195 DI II (1893). Bls. 465-466.
196 DI V (1899-1902). Bls. 329, 360-361.
197 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281.
198 Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
199 Júlíana Gottskálksdóttir (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar". Bls.101.
200 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1063.

hún var mjög illa varðveitt og var ekki hróflað frekar við henni. Í stærri gröfinni kom svo fram beinagrind, einnig á um 80 cm dýpi. Beinagrindin reyndist af fullorðnum karlmanni og var hún mjög vel varðveitt".[201] Báðar grafirnar lágu undir 1104 Heklugjósku.

39. Í **Héraðsdal** í Tungusveit er sögð hálfkirkja í Auðunarmáldaga 1318 og tekið fram að Reykjaprestur skuli þjóna Héraðsdal fyrir 4 merkur. Sama fyrirkomulag var 1479 en gjaldið hafði minnkað um eina mörk.[202] Í byrjun 18. aldar fékk kirkjan þjónustu frá Mælifellspresti þrisvar á ári.[203] Dalskirkja var sennilega lögð af 1765 en húsið stóð enn uppi 1785.[204]

*Mælifellssókn*

40. **Syðri-Mælifellsá** á Efribyggð. Bænhús var til forna á Kirkjuhóli og sáust tóftarbrot 1713 sem talin voru leifar þess.[205] Annað örnefni á sama stað er Kirkjuhvammur.[206]

41. Á ***Mælifelli*** átti landnámsmaðurinn Vékell hamrammi að hafa búið. Kirkjan var alkirkja með tveggja presta skyldu í máldögum frá 1318.[207] Þjónaði heimaprestur 4 bænhúsum en þingaprestur þjónaði Lýtingsstaðakirkju og tveimur öðrum bænhúsum. Á 1472 var þar djákni að auki. Þá lágu sex tollskyldir bæir til kirkjunnar með lýsi og hey.[208] Mælifell var prestsetur til 2008. Núverandi kirkja var reist 1924. Þegar horft er yfir hallann austan við núverandi kirkjugarð má greina óljóst form gamla kirkjugarðsins. Í landi Mælifells eru örnefnin Kirkjugarði og Kirkjubrekka.[209]

42. Á **Hömrum** á Fremribyggð var bænhús og stóð húsið enn 1713 segir í *Jarðabók*.[210]

43. **Lýtingsstaðir** í Tungusveit eru í kirkjumáldögum á 14. öld og sagt að Mælifellsprestur megi taka 4 merkur fyrir að þjóna hálfkirkjunni þar en 1472 tók hann 3 merkur.[211] Árið 1713 var þar hálfkirkja þar sem sungnar voru tíðir þrisvar á ári.[212] Árið 1839 var farið að nota kirkjuhúsið sem þinghús.[213] Þar í túni er örnefnið Krosshóll þar sem síðast stóð smiðja.[214]

44. Á **Hafgrímsstöðum** á Fremribyggð var sögð hálfkirkja 1318 og sagt að þingaprestur á Mælifelli taki hálfa mörk fyrir að þjóna henni.[215] Árin 1377 og 1472 var kostnaðurinn 2 merkur á Hafgrímsstaðakirkju.[216] Árið 1713 þjónaði Mælifellsprestur henni „þrisvar á ári".[217]

---

201 Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 13.
202 DI V (1899-1902). Bls. 329.
203 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 138.
204 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 76-77.
205 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 116-117.
206 *Syðri-Mælifellsá. Örnefnaskráning* (óársett). Kristján Eiríksson skráði.
207 DI II (1893). Bls. 465.
208 DI V (1899-1902). Bls. 327, 355, 360.
209 *Mælifell. Örnefnaskrá* (2) (óársett). Margeir Jónsson skráði.
210 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 120.
211 DI II (1893). Bls. 465.
212 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 129.
213 *Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 76-77.
214 *Lýtingsstaðir. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
215 DI II (1893). Bls. 465.
216 DI III (1896). Bls. 176; V (1898). Bls. 327.

45. Í **Gilhaga** á Fremribyggð var sögð hálfkirkja 1525[218] og 1713 er talað um kirkju- og kirkjugarðsleifar. Þar höfðu fundist mannabein í bakka við bæjarlækinn á 17. öld.[219] Örnefnið kirkjugarður var þekkt á fyrri hluta 20. aldar og má enn greina hringform hans á loftmynd.[220]

*Goðdala- og Ábæjarsóknir*

46. ***Goðdalir*** í Vesturdal. Þar bjó að sögn á 11. öld Eiríkur afkomandi Eiríks landnámsmanns Hróaldssonar.[221] Alkirkja var þar 1318[222] með prestskyldu og djákna og tók hún ljós- og heytoll af 9 bæjum.[223] Goðdalir voru með prest og djákna 1475[224] og 1569.[225] Þar var prestsetur fram á 20. öld. Núverandi kirkja var reist 1904 og er friðuð samkvæmt aldursákvæði í Þjóðminjalögum 106/2001. Innan núverandi kirkjugarðs má greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.[226]

47. **Hof** í Vesturdal er talin landnámsjörð Eiríks Hróaldssonar. Sagt er að barnabarn hans, Eiríkur Hólmgöngu-Starrason, hafi búið þar á 11. öld.[227] Hofskirkja er í máldögum 1318 og í jarðakaupabréfi frá 1377.[228] Hún er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569[229] en fallin 1713. Þá sá móta fyrir kirkju og kirkjugarði, en ekki hafði verið grafið þar frá því um 1630 og ekki tíðir veittar í manna minnum.[230] Örnefnið Bænhústóft var enn þekkt á Hofi á 20. öld.[231]

48. **Bjarnarstaðahlíðar** í Vesturdal er getið 1318 og sagt að heimilisprestur á Hofi þjóni þar fyrir 3 merkur.[232] Hlíðarkirkja hefur þá verið hálfkirkja. *Jarðabókin* segir 1713 að þar hafi verið bænhús og að húsið standi enn en tíðir ekki veittar í manna minni.[233]

49. Þjóðsagan segir að kirkjuklukka hafi fundist á **Hraunþúfuklaustri** í Vesturdal fyrir langalöngu.[234] Árið 1729 var sagt að þar hefði „verið kirkjustaður og heitið Á Klaustrum".[235]

50. **Merkigil** í Austurdal. Í vitnisburðarbréfum frá 1663 og 1673 kemur fram að Goðdalaprestur hafi embættað á Merkigili.[236] Árið 1713 vottaði „fyrir kirkjugarðs leifum, en húsið er affallið

---

[217] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 133. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi.* Bls. 246. Segir að þar hafi verið fjórðungskirkja.
[218] DI IX (1909-1913). Bls. 283-284.
[219] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 122. Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum". Bls. 31.
[220] *Gilhagi. Örnefnaskrá* (Óársett). Rósmundur Ingvarsson skráði. Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði.* Bls. 38.
[221] *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1063.
[222] DI II (1893). Bls. 464.
[223] DI III (1896). Bls. 176-177.
[224] DI III (1896). Bls. 563; DI. V (1899-1902). Bls. 247, 325.
[225] *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 276.
[226] Júlíana Gottskálksdóttir (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar". Bls.16.
[227] *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1063.
[228] DI III (1896). Bls. 318.
[229] *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
[230] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 143. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi.* Bls. 248.
[231] *Hof í Vesturdal. Örnefnaskrá* (1934). Margeir Jónsson skráði.
[232] DI II (1893). Bls. 464.
[233] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 146.
[234] *Íslenzkar þjóðsögur I* (1945). Bls. 22.
[235] Sigurjón Páll Ísaksson (1986). „Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur". Bls. 34.
[236] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 507.

fyrir löngu og hefur bæjarlækurinn burt grafið helmíng grundvallarins“[237], segir í *Jarðabókinni.* Mannabein komu úr jörðu þar árið 1954.[238]

51. ***Ábær*** í Austurdal gæti hafa verið landnámsjörð Önundar víss.[239] Ábæjarkirkja var með prestskyldu í máldaga frá 1318 og var hey- og ljóstollur tekinn af 6 bæjum í dalnum.[240] Í jarðaskiptabréfi seinna á 14. öld er sagt að kirkjan „væri nidr fallin“.[241] Á 15. öld var alkirkjan í Ábæ enn órækt og sóknargjöld hennar féllu til Goðdalakirkju.[242] Ábæjarkirkja hélt sóknarkirkjustöðu fram á 20. öld. Árið 1713 segir að kirkjan hafi verið flutt „undan árinnar áhlaupi, hefur hjer ekki kirkjugarður verið“.[243] Hjalti Pálsson gerir ítarlega grein fyrir sögu Ábæjarkirkju í *Byggðasögunni.*[244] Núverandi kirkja í Ábæ er byggð 1921.

*Silfrastaðasókn*

52. **Á Keldulandi** á Kjálka var bænhús sem var aflagt fyrir nokkru, segir í *Jarðabók* 1713. „Vottar hjer enn fyrir kirkjugarði og stendur skemmuhús í garðinum“.[245] Menn hafa giskað á að hálfkirkja sú er Flatatunguprestur átti að þjóna 1318 hafi verið á Keldulandi.[246] Á 19. öld var útskorinn trébútur til á Keldulandi sem kallaður var Nikulás karlinn og var hann álitinn skurðgoð frá kaþólskum tíma.[247] Hugsanlega var þetta síðasta leif Keldulandskirkju sem hæglega gæti hafa verið tileinkuð heilögum Nikulási.

53. **Flatatunga** á Kjálka telst vera landnámsjörð Tungu-Kára.[248] Sagt er árið 1318 að Tunguprestur eigi að þjóna á hálfkirkju en ekki er getið hvar.[249] Tollur var tekinn af einum bæ. Prestur sat enn í Tungu 1428[250] en óvíst er hve lengi það fyrirkomulag hélst. Bænhús var að fornu og nýju segir *Jarðabókin* 1713 en tíðir ekki veittar.[251] Elsta heimild um Flatatungukirkju er hugsanlega hluti útskorinnar helgimyndar sem rakin er til 11. eða 12. aldar.[252]

54. ***Silfrastaðir*** í Norðurárdal. Þar bjó Flosi prestur Þóroddsson árið 1188.[253] Árið 1244 var veginn maður þar „suður frá kirkjugarðinum“.[254] Kirkjan er í máldaga 1318 með prestsskyldu og tók hún ljós- og heytoll af 6 bæjum. Hún var sóknarkirkja í bændaeign 1569.[255] Núverandi kirkja er reist 1896 og friðuð samkvæmt þjóðminjalögum 106/2001.

---

[237] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 160.
[238] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 507.
[239] *Íslendinga sögur* I (1946). Bls. 145.
[240] DI II (1893). Bls. 463.
[241] DI XI (1915-1925). Bls. 23.
[242] DI V (1899-1902). Bls. 360. Ábæjarkirkja er ekki í alkirkjutalinu það ár.
[243] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 162.
[244] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 43-8.
[245] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 158.
[246] Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum“. Bls. 39.
[247] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 486.
[248] *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 234.
[249] DI II (1893). Bls. 462.
[250] DI IV (1897). Bls. 353.
[251] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 156.
[252] Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“. Bls. 184.
[253] *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 171.
[254] *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 48.
[255] *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281, 318.

*Miklabæjarsókn*

55. **Úlfsstaðakirkja** í Blönduhlíð er í máldaga frá 1318. Víðivallaprestur þjónaði henni þá fyrir 4 merkur eins og 1395.[256] Í vísitasíu frá 1432 segir að hálfkirkjan fái þjónustu frá Miklabæ.[257] Úlfsstaðakirkja var lögð niður um siðbreytingu 1550. Í *Jarðabókinni* segir að kirkja hafi verið þar að fornu og örnefnin Kirkjutóft og Kirkjuhóll beri vitni um hana.[258] Mannabein komu þar úr jörðu nokkrum sinnum um miðja 20. öld.[259]

56. Bænhús var í **Sólheimum** í Blönduhlíð samkvæmt máldögum Miklabæjarkirkju 1394[260] og 1461.[261] Í *Jarðabók* 1713 er talað um hálfkirkju þar til forna. Þá stóð þar bænhús og sást móta fyrir kirkjugarðsleifum en tíðir voru ekki lengur veittar þar.[262]

57. **Miðsitju** í Blönduhlíð er getið í máldaga Miklabæjarkirkju 1395 þar sem sagt er að Miklabæjarprestur þjóni Miðskytjubænhúsi.[263]

58. **Hellu** í Blönduhlíð er getið í máldaga frá Jóni biskupi Vilhjálmssyni árið 1432. Þar er sagt að Víðivallakirkjuprestur þjóni á 4 bæjum, Miðsitju, Hellu, Sólheimum og Úlfsstöðum.[264] Hvergi annars staðar er vísað til prestsþjónustu á Hellu en þessi orð má túlka sem ávísun á bænhús.

59. **Víðivellir** í Blönduhlíð. Kirkjumáldagi frá 1318 getur um kirkju þar, með prestsskyldu og djákna, og var ljós- og heytollur tekinn af 4 bæjum.[265] Í kirkjutali biskups Jóns Vilhjálmssonar frá 15. öld voru þar sagðir bæði prestur og djákni.[266] Víðivallakirkja var prestsetur í bændaeign fram á 16. öld[267] þegar Guðbrandur biskup Þorláksson breytti stöðu hennar árið 1590 úr alkirkju í hálfkirkju því tíundir hennar nægðu ekki til uppihalds presti.[268] Kirkjan hélt stöðu sinni sem sóknarkirkja áfram en var þjónað frá Miklabæ eftir það. Víðivallakirkja var lögð niður 1765.[269] Örnefnið Kirkjuvöllur er um 70 m sunnan við núverandi heimagrafreit.[270]

60. Á ***Miklabæ*** í Blönduhlíð var kirkja og klerkur 1234 og gengið var á milli „kirkjugarðs og útibúrs“[271] á þeim tíma. Kirkjan er í máldaga 1318[272] með prest og djákna. Fékk kirkjan þá ljós- og heytoll af 8 bæjum. Árið 1395 voru þar enn prestur og djákni sem þjónuðu einnig Akra-

---

256 DI III (1896). Bls. 509, 535. Samkvæmt vísitasíu þjónaði presturinn á Miklabæ Úlfsstaðakirkju árið 1432 þannig að hún virðist hafa fengið þjónustu bæði frá Víðivöllum og Miklabæ, eftir tímabilum.
257 DI IV (1897). Bls. 511.
258 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 168.
259 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 372.
260 DI III (1896). Bls. 565.
261 DI XII (1923-1932). Bls. 37.
262 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 170.
263 DI III (1896). Bls. 509, 565.
264 DI XII (1923-1932). Bls. 37.
265 DI II (1893). Bls. 461-462; IV (1897). Bls. 511.
266 DI V (1899-1902). Bls. 360.
267 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281, 318.
268 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 439.
269 *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772). Bls. 526.
270 *Víðivellir í Blönduhlíð. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
271 *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 369-370.
272 DI II (1893). Bls. 461.

kirkju[273] og fimm bænhúsum. Árið 1472 var enn við það sama.[274] Túnið norðan við núverandi kirkju heitir Kirkjuvöllur.[275] Hún er byggð 1973.

61. **Þorleifsstaðir** í Blönduhlíð. Í bréfi frá árinu 1431 er þess getið að Þorsteinn Ólafsson lögmaður hafi fengið leyfi fyrir hálfkirkju þar.[276] Í gilvanga norðan við bæjarlækinn, fast sunnan við gamla bæjarstæðið, komu upp mannabein á 20. öld.[277]

62. **Stóru-Akrar** í Blönduhlíð. Árið 1318 þjónaði Vallaprestur alkirkju á Ökrum. Árið 1395 þjónaði Miklabæjarprestur kirkjunni og átti að syngja messu „huorn dag helgan“[278], sem var alkirkjumáti. Árið 1432 er tekið fram að kirkjan sé hálfkirkja[279] en hún var alkirkja 1461.[280] Árið 1713 var hún orðin hálfkirkja.[281] Akrakirkja var lögð niður með konungsbréfi 1765.[282] Örnefnið Bænhúsvöllur er þar sem kirkjan stóð og mannabein hafa komið úr jörðu við framkvæmdir í tvígang á 20. öld.

63. **Litlidalur** í Blönduhlíð var um einhvern tíma fyrrum nefnt Cesseliudalur/Sesseljudalur. Ólafur Lárusson prófessor taldi víst að nafnið hefði verið tengt bænhúsi helguðu heilagri Sesselju.[283] Í máldaga Miklabæjarkirkju frá 1395 er prestur sagður þjóna kirkju í Dal.[284] Hið sama kemur fram 1405 þar sem segir að prestur þjóni bænhúsi í Dal.[285] Erfitt er að átta sig á hvorn dalinn um er að ræða Djúpadal eða Litladal en sá síðarnefndi fær að njóta vafans þar sem Flugumýrarprestar þjónuðu fremur Djúpadal.

64. Á **Syðstu-Grund** í Blönduhlíð stóð bænhús 1713.[286] Sennilega „á totu sem gengur í hálfhring fram á grundina útvestur frá bæjarhlaði“.[287] Reistur var róðukross til minningar um Brand Kolbeinsson, höfðingja Ásbirninga sem felldur var í Haugsnesbardaga 1246 og jörðin tók nafn af krossinum.[288] Félagið á Sturlungaslóð lét reisa aftur róðukross þar allnokkru sunnar og austar árið 2010.

*Flugumýrarsókn*

65. **Mið-Grund** (Kirkjugrund/Hauksgrund) í Blönduhlíð. Hér var bænhús til forna og sást enn til tófta og kirkjugarðs á 18. öld, segir í *Jarðabók* 1713.[289] Þar er enn örnefnið Kirkjugarður.

---

273 DI III (1896). Bls. 509, 565. Árið 1318 þjónaði Vallaprestur Akrakirkju.
274 DI IV (1897). Bls. 511; V (1899-1902). Bls. 323.
275 *Miklibær í Blönduhlíð. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
276 DI IV (1897). Bls. 454-455.
277 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 281.
278 DI II (1893). Bls. 466; III (1896). Bls. 565; IV (1897). Bls. 323.
279 DI IV (1897). Bls. 511.
280 DI V (1899-1902). Bls. 359.
281 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 179.
282 *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772). Bls. 526.
283 Ólafur Lárusson (1940). *Landnám í Skagafirði*. Bls. 165.
284 DI III (1896). Bls. 509, 565.
285 DI XII (1923-1932). Bls. 37.
286 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 183.
287 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 192.
288 *Sturlunga saga* (1946). Bls. 507.
289 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 188.

Mannabein komu úr jörðu þar árið 1956.[290] Sumarið 2009 var grafinn könnunarskurður í kirkjugarðinn og staðfest að þar er grafreitur frá 11. öld. Komið var niður á 9 grafir.[291]

**66.** Í *Jarðabók* 1713 er sagt að hálfkirkja sé í **Djúpadal** í Blönduhlíð og tíðir veittar þá er heimafólk fór til altaris.[292] Kirkjan var sennilega lögð af skömmu eftir það eða fyrir 1740 því heimilisfólkið í Djúpadal sótti þá kirkju að Flugumýri.[293] Í máldögum Miklabæjarkirkju frá 1395 og 1405 er talað um að Miklabæjarprestur þjóni bænhúsi í Dal[294], sem gæti hafa verið Djúpidalur þótt ívið meiri líkur séu fyrir því að sá Dalur hafi verið Litlidalur vegna staðhátta og sóknarskila. Í *Bréfabók Guðbrands biskups* segir að kirkjan í Djúpadal hafi öll verið smíðuð upp 1572.[295] Talið er líklegt að 19.-20. aldar smiðjan hafi staðið á grunni kirkjuhússins.[296]

**67.** ***Flugumýri*** í Blönduhlíð telst vera landnámsjörð Þóris dúfunefs.[297] Kirkju er fyrst getið þar 1253.[298] Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318.[299] Þar var alkirkja og prestsetur á 15. og 16. öld.[300] Núverandi kirkja er byggð 1930.

**68.** **Hjaltastaðir** í Blönduhlíð. Bænhús var hér að fornu, fallið 1713, segir í *Jarðabók*.[301] Þegar grafið var fyrir undirstöðu íbúðarhúss sem steypt var upp 1909 var komið niður á gamlar grjóthleðslur sem geymdu hauskúpu af manneskju.[302] Engin veit hvar aðrar líkamsleifar þeirrar manneskju lágu, í fornum grafreit, heiðnum eða kristnum.

**69.** **Hjaltastaðahvammur** í Blönduhlíð. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* eru rök talin hníga að því að bærinn hafi verið bústaður Gunnólfs, sem sagður er hafa numið Út-Blönduhlíð.[303] Vorið 1955 fundust mannabein tveggja einstaklinga þegar þar var tekinn húsgrunnur, sem talin voru af karli og konu. Bæði voru lögð til á kristilegan hátt. Karlinn var kistulaus en konan í kistu. Virðist sem skriða hafi fallið yfir grafreitinn og sett kirkjuhúsið á hliðina en það lá undir öskulagi frá 1104.[304] Engar ritheimildir eru um kirkju í Hvammi.

**70.** **Þverá** í Blönduhlíð. Í *Sturlungu* er getið manns sem hljóp til Þverárkirkju 1253.[305] Hún er skilgreind sem alkirkja í máldaga 1318 og sagt að fimm bænhús liggi undir hana. Prestskylda var þar og ljós- og heytollur tekinn af 13 bæjum[306] sem sýnir að Þverárkirkja hefur verið vel sett.

---

290 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 177.
291 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 25-29.
292 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 183.
293 *Saga Mera Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)* (1912). Bls. 12. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 250 (neðanmáls, talar um bænhús í Dal).
294 DI III (1896). Bls. 509, 565; XII (1923). Bls. 37.
295 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 7.
296 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 206.
297 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 235.
298 *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 482.
299 DI II (1893). Bls. 487.
300 DI V (1899-1902). Bls. 360. *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
301 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 191.
302 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 129.
303 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 121.
304 Björn Sigfússon (1957). „Skriðan varð grafreitur“. Bls. 257-262.
305 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 486.
306 DI II (1893). Bls. 460-461.

Kirkjan var enn graftarkirkja með prestskyldu á 15. öld.[307] Engar vísbendingar eru gefnar um hvar bænhúsin voru, fremur en áður. Þverárkirkja var fallin 1713 en merki voru um kirkjugarðinn og í *Jarðabók* er talað um kirkjutóft.[308] Á 20. öld braut áin af bakkanum sunnan við gamla bæjarstæðið og komu oft fram mannabein.

*Rípursókn*

**71.** Kirkju er fyrst getið á ***Ríp*** í Hegranesi í máldaga frá 1318. Þá var þar prestskylda annað hvort misseri og tekinn ljóstollur og legkaup.[309] Þar var graftarkirkja með prestskyldu á 15. öld.[310] Á milli 1528 og 1534 voru Ásgrímsstaðir færðir úr Sjávarborgarprestakalli í Rípurprestakall[311] og það hefur vafalaust gilt um fleiri Hegranesbæi. Kirkjan var í al- og sóknarkirkjutali Guðbrands biskups 1569[312] og prestsetur. Hélst það fram á 19. öld. Núverandi kirkja á Ríp er reist 1924.

**72.** Engar ritheimildir eru um kirkju í **Keldudal** í Hegranesi en árið 2003 fundust þar mannabein í jörðu, undir öskulagi frá Heklu árið 1104. Rannsókn leiddi í ljós kirkjugarð með á sjötta tug einstaklinga frá 11. og 12. öld.[313] Þar lágu a.m.k. þrjár kynslóðir.[314]

**73.** Kirkja hefur líklega verið á **Ferjuhamri** í Hegranesi til forna. Í sóknarlýsingu Rípursóknar á 19. öld sagði séra Jón Reykjalín að Ferjuhamar hefði „verið landnámsjörð og skipum lagt fram í Vötnin undir hamrinum. Kirkja hefir þar staðið og mörg hús, sem enn sér glögg merki til".[315] Enn má vel sjá þústir þar sem kirkjugarðurinn er talinn vera á svæði sem er 17,5x23 m að stærð og fremur kantað en hringlaga.[316] Ferjuhamar er í landi Kárastaða.

**74.** Á **Ásgrímsstöðum** í Hegranesi bjó Guðmundur guðiþekkur árið 1238.[317] Ekki fylgir sögunni hvort hann var prestur. Til forna „áttu Ásgrímsstaðir land allt vestan Héraðsvatna upp til Miklavatns sunnan frá Ferjuhamarsteig og norður að svonefndri Vík".[318] Frá þessu greindu forn skjöl sem Pétur prófastur Pétursson á Víðivöllum átti og síðar séra Sigurður Arnþórssonar á Mælifelli. Þau eru nú glötuð. Í þessum skjölum var sagt að kirkja hefði verið á Ásgrímsstöðum í nokkur ár, eftir að hún lagðist niður að Ferjuhamri. Byggðasöguritarar tala um að munnmæli hefðu verið um kirkjuna.[319] Ásgrímsstaðir virðast hafa flust milli prestssetra á árabilinu 1528 og 1534, frá Sjávarborgarsókn yfir í Rípursókn.[320]

---

307 DI V (1899-1902). Bls. 360.
308 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 191.
309 Ljóstollur var lýsi eða tólg sem nýtt voru til ljósa í kirkju. Legkaup voru þau gjöld sem greidd voru fyrir leg í kirkjugarði.
310 DI V (1899-1902). Bls. 360.
311 DI IX (1909-1913). Bls. 698.
312 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
313 Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín (2003). *Kirkjugarður í Keldudal í Hegranesi.* Skrá 18. Mannabein birtust þegar tekinn var grunnur fyrir hús við gamla bæjarhólinn. Um 500 m norðar fannst kumlateigur.
314 Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007.* Bls. 23-31.
315 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 118. Ferjuhamars er ekki getið í Landnámu.
316 *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 155.
317 *Sturlunga saga I* (1946). Bls. 441. Í jarðakaupabréfi frá 1388 þar sem skipt er á Hellulandi og Ásgrímsstöðum fyrir Skíðastaði á Laxárdal ytri er talað um bænhús. Líkur eru á að það hafi verið Hellulandsbænhús fremur en á Ásgrímsstöðum (DI III (1896). Bls. 360).
318 *Helluland í Hegranesi. Örnefnaskrá Jóns Normanns* (óársett). Án bls.tals.
319 *Byggðasaga Skagafjarðar* V (2010). Bls. 158.
320 DI IX (1909-1913). Bls. 374, 698.

75. **Helluland** í Hegranesi er í Sjávarborgarmáldaga 1399 og tekið fram að Borgarprestur taki hálfa mörk fyrir þjónustu þar.[321] Ellefu árum fyrr, 1388, var Helluland selt og kom þá fram að þar var bænhús, þar sem syngja átti 12 messur yfir sumartímann.[322] Björn ríki Brynjólfsson, sem þá seldi ætlaði að leggja timbur að andvirði eins hundraðs til bænhússins. Skammt frá byggingum á Hellulandi er örnefnið Bænhúshólar.[323]

76. **Utanverðunes** í Hegranesi er í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1399. Segir þar að Borgarprestur taki hálfa mörk í gjald fyrir þjónustu á Hellulandi, sennilega vegna bænhúss.[324] Heimamenn segja að þar hafi komið mannabein úr jörðu við framkvæmdir á 20. öld.[325]

77. **Keflavíkur** í Hegranesi er getið í máldaga frá 1399 vegna bænhúss sem Sjávarborgarprestur þjónaði þar.[326] Sumarið 2008 fór fram fornleifakönnun í Keflavík þar sem elsta bæjarstæðið var staðfest. Merki fundust „um býli sem virðist aflagt á 11. öld e.t.v. þegar á 10. öld og er þar vísast um að ræða merki fyrstu byggðar á jörðinni. Engin merki kirkju eða kirkjugarðs fundust“[327] í þeirri könnun en hann kom seinna í ljós og sumarið 2015 hófst uppgröftur í kirkjugarðsleif sem reyndist vera frá 11. öld og kirkjan sem grafin var fram hafði verið endurbyggð snemma á 12. öld.[328]

78. Í **Garði,** við hinn forna Hegranesþingstað, hefur verið staðfestur kirkjugarður sem var í notkun frá 11. til 13. öld. Sumarið 2009 fundust þar fimm grafir. Fjórar grafir fullorðinna einstaklinga og ungbarns. Tvær grafanna voru opnaðar og í þeim lágu beinagrindur kvenna sem grafnar hafa verið í garðinn stuttu eftir Heklugosið 1104. Tvær grafanna sem komu fram virtust hinsvegar liggja undir 1104 gjóskunni.[329] Kirkja í Garði er hvergi í ritheimildum.

79. Í **Ási** í Hegranesi var graftrakirkja með prestskyldu á 15. öld.[330] Stóð kirkjuhúsið uppi með girðingum samkvæmt *Jarðabók* 1713 en tíðir ekki veittar í manna minni.[331] Síðast var grafið í garðinn 1823.[332] Árið 1938, þegar þar stóðu skemmur, sást enn votta fyrir hringlaga garðleif eins og enn var norðvestan við gamla torfbæinn 1974.[333]

*Hofsstaða-, Hóla- og Viðvíkursóknir*

80. ***Hofsstaðakirkja*** í Hofsstaðabyggð er nefnd í kirkjutölum 1429 og 1461[334] og hún er í sóknarkirkjutali Guðbrands biskups árið 1569 yfir kirkjur „þær sem Holakirkia a“.[335] Á seinni hluta

---

321 DI III (1896). Bls. 509, 530.
322 DI III (1896). Bls. 425. „Reiknadi biorn bænhvs skyld vpp aa jordina“ (DI III (1896). Bls. 360).
323 *Helluland í Hegranesi. Örnefnaskrá Jóns Normanns* (óársett). Án bls.tals.
324 DI III (1896). Bls. 509, 530.
325 *Byggðasaga Skagafjarðar* V (2010). Bls. 174
326 DI III (1896). Bls. 509, 530. Sjávarborgarprestur tók hálfa mörk í Keflavík.
327 Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 26.
328 BSk. Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga, 2015. Bls.13.
329 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 4-12.
330 DI V (1899-1902). Bls. 360.
331 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 64.
332 *Byggðasaga Skagafjarðar* V (2010). Bls. 52.
333 *Byggðasaga Skagafjarðar* V (2010). Bls. 52.
334 DI IV (1897). Bls. 381; V (1899-1902). Bls. 360.
335 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.

18. aldar var Hofsstaðakirkja orðin annexía frá Flugumýri.[336] Núverandi kirkjubygging er timburhús reist 1905 og því friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.

**81.** **Bakki** í Viðvíkursveit. „Hér ætla menn að bænhús hafi verið“ [337], segir í *Jarðabók* 1714.

**82.** **Kolkuós (Kolbeinsárós)** í Viðvíkursveit. Jón Arason er sagður hafa komið frá Noregi „með viði til Hóla kirkju og kom það skip í Kolbeins ós og var öll kirkjan gjörð af tré“[338] á dögum Gottskálks biskups Kænekssonar. Haft er eftir Magnúsi Björnssyni, Jónssonar, Arasonar, sem var 9 ára þegar faðir hans og afi voru líflátnir, að kirkja úr þessum viðum hafi verið reist við ósinn, með sama byggingarlagi og timburstofan á Hólum.[339] Í eignarskrá Hólastóls frá 1550 er talað um að dómkirkjan eigi refilsaumað altarisklæði „vit Os“ og að þar séu tvær stórar nýjar klukkur og ein lítil, stokkur og kista, messuklæði, hökull og fleira.[340]

**83.** ***Viðvík*** í Viðvíkursveit er sögð landnámsjörð Öndótts samkvæmt frásögn *Landnámu*. Sveinn Víkingur taldi að Viðvíkurbændur hefðu verið kristnir á 10. öld og því hafi snemma risið kirkja þar.[341] Á fyrri hluta 11. aldar bjó Þorbjörn öngull Þórðarson að sögn í Viðvík. Hann var bróðir Hjalta á Hofi og barnabarn Hjalta landnámsmanns.[342] Kirkja var í Viðvík árið 1189 er Guðmundur Arason (1161-1237) þjónaði þar.[343] Árið 1255 ætlaði Heinrekur biskup að banna athafnir þar[344] og þurfti fortölur til að fá hann til að „lúka upp kirkju í Viðvík og syngja þar tíðir“.[345] Sóknarbæir voru 13 á 14. öld[346] og prestskylda var þar á 15. öld.[347] Kirkjan er í al- og sóknarkirkjutali Guðbrands biskups árið 1569 yfir kirkjur „þær sem Holakirkia a“.[348] Á 18. öld var Viðvíkurkirkja annexía frá Ríp.[349] Innan núverandi kirkjugarðs má greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.[350] Núverandi kirkja er byggð árið 1886 og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.

**84.** Á **Kálfsstöðum** í Hjaltadal stóð hús sem kallað var bænhús 1709.[351] Í sögu Þorgils skarða er talað um kirkju á Kálfsstöðum 1255, hjá Skeggja messudjákna á Hólum.[352] Árið 1942 var

---

336 Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
337 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 205.
338 *Biskupa sögur* (1878). Bls. 326-327. Heimildin er í alla staði óljós. Gottskálk Kæneksson byggði enga kirkju á Hólum, en hann kann að hafa gert við dómkirkjuna á staðnum með þessum viðum.
339 Átt er við að húsið hafi verið stokkabygging.
340 DI XI (1915-1925). Bls. 852, 854.
341 Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*. Bls. 73.
342 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1062.
343 *Jarða - og búendadatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949* (1949-1959). Bls. 83. Ambrósíus biskup var átrúnaðargoð Guðmundur biskup Arasonar og hann gæti hafa gert Ambrósíus að dýrlingi Viðvíkurkirkju, við vígslu nýs kirkjuhúss. Sjá Cormack, Margret (1994). *The Saints in Iceland*. Bls. 22, 77-78.
344 *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 197.
345 *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 206.
346 Árni Daníel Júlíusson (1995). *Bonder i Pestens tid. Landbrug, godskift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Bls. 513.
347 DI V (1899-1902). Bls. 360.
348 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
349 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 208. Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
350 Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði*. Bls. 61.
351 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 213. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 254 (neðanmáls, nefnir kirkju á Kálfsstöðum).
352 *Sturlunga saga II* (1946). Bls. 203.

„hringmyndaður hóll sem nefndur er Bænhúshóll"[353] um 20 m frá bæjardyrum. Kálfsstaðabóndi lét skafa Bænhúshólinn burtu 1977.[354]

**85.** **Hof** í Hjaltadal var að sögn landnámsjörð Hjalta Þórðarsonar.[355] Þar bjó afabarn hans og alnafni á 11. öld[356] einn af helstu höfðingjum Skagafjarðar. Mannabein komu þar úr jörðu árið 1955 og 1981 fannst kristinn grafreitur nokkrum metrum vestan bæjardyra á gamla Hofsbænum, sem stóð til 1955. Alls fundust leifar 12 einstaklinga sem sumir höfðu verið lagðir í kistur.[357] Mannbeinin voru aldursgreind til 13. aldar.[358] Um 100 m austan við grafreitinn er Hjaltahaugur, þar sem sagan segir að Hjalti Þórðarson landnámsmaður sé heygður.[359] Haugurinn er hringlaga, um 17 m í þvermál, með garði umhverfis. Í könnun sem Guðný Zoëga fornleifafræðingur gerði á haugnum sumarið 2011 ásamt Hjalta Pálssyni byggðasöguritara benti ekkert til að hann væri af manna völdum.

**86.** Fyrsta kirkjan að ***Hólum*** í Hjaltadal er sögð reist af Oxa Hjaltasyni um 1050[360] og var jörðin í bændaeign til 1106 er hún var gefin undir biskupsstólinn.[361] Eftir 1106 risu þar dómkirkjur: Sú fyrsta það ár, önnur 1266, þriðja 1395, fjórða á bilinu 1625 til 1627 og fimmta sú sem enn stendur, reist 1757 til 1763. Talið er að 23 bæir hafi verið í Hólasókn á 14. öld.[362] Kirkjunni þjónuðu 4 prestar og 4 djáknar á 15. öld.[363]

**87.** **Neðri-Ás** í Hjaltadal. Þorvarður Spak-Böðvarsson var sagður hafa reist kirkju í Ási árið 984[364] og haldið prest.[365] Fornleifauppgröftur 1998 leiddi í ljós leifar kirkju og kirkjugarð sem grafið var í á 11. öld, en hætt upp úr aldamótum 1100. Engin merki sáust um eldri byggingar. Bænhús kann að hafa lagst af á 16. öld.[366] Kirkju er ekki getið í Neðra-Ási í máldögum Hólabiskupa. *Jarðabók* 1709 segir frá bænhúsi eða kirkju þar í gamla daga.[367] Fjárhús sem stóðu ofan á kirkjuleifunum og voru fjarlægð við uppgröftinn voru alltaf kölluð Bænhús.

**88.** Á **Bjarnastöðum** í Kolbeinsdal var staðfestur 11. aldar kirkjugarður sumarið 2010. Þegar kannað var hringlaga garðform skammt neðan við gamla bæjarhólinn var komið niður á grafir með mannabeinum í, undir öskulagi frá Heklugosinu 1104. Kirkjugarðsveggurinn virtist hafa

---

353 HSk. 1304, 4to: Um fornar rústir kirkna og bænhúsa eftir Árna Sveinsson.
354 *Byggðasaga Skagafjarðar* VI (2011). Bls. 86.
355 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 238.
356 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1062.
357 Guðmundur Ólafsson (1984). „Forn grafreitur á Hofi í Hjaltadal". Bls. 117, 123, 127.
358 Árný E Sveinbjörnsdóttir, Jan Heinemeier, Jette Arneborg, Niels Lynnerup, Gudmundur Ólafsson, Gudný Zoëga (2010). „Dietary reconstruction and reservoir correction of $14^{C}$ dates on bones from pagan and early christian graves in Iceland". Bls. 687.
359 Hjalti Þórðarson barnabarn Hjalta landnámsmanns og höfðingi á 11. öld gæti hafa reist kirkju og fengið vígðan grafreit. Hugsanlegt er einnig að fjölskyldugrafreiturinn hafi flust til á jörðinni.
360 *Biskupa sögur* (1858). Bls. 7.
361 Magnús Stefánsson (2005). „De islandske stadenes egenart og eldste historie". Bls. 123.
362 Árni Daníel Júlíusson (1995). *Bonder i Pestens tid. Landbrug, godskift og social ... islandske bondesamfund.* Bls. 513.
363 DI V (1899-1902). Bls. 360.
364 *Biskupa sögur* (1858). Bls. 5, 6-7. Óláfs saga Tryggvasonar en mesta (1). Bls. 291-291.
365 *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 484-485.
366 Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998.* Bls. 26, 28-29, 36.
367 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 221.

verið byggður eftir 1104 því í torfinu voru slitur af Heklugjósku þess árs. Engar aðrar heimildir eru um kirkju þar.[368]

**89. Sleitustaðir** var að sögn landnámsjörð Sleitu-Bjarnar.[369] Þar er talað um bænhús í *Jarðabók* 1709 og sagt að merki þess séu „garðslíkindi, sem kirkjugarður hefði mátt vera í kring um hús það, sem nú er smiðja“.[370] Kirkjugarðurinn mun hafa verið suðvestan við gamla torfbæinn. Þegar grafið var fyrir íbúðarhúsinu Sigtúni 1938 urðu menn varir við mannabein og einnig þegar fjóshlaðan var byggð um 1946. Sást fyrir garðlagi og litlum hól á þessu svæði, að sögn ábúenda. Trjágarður við Sigtún er í gamla kirkjugarðinum sem var hringlaga og sást 1914.[371]

**90. Miklibær** í Óslandshlíð. Sögn er um að Arnór kerlingarnef á Miklabæ hafi tekið trú fyrir orð Þorvarðar í Ási, nokkru fyrir kristnitökuna.[372] Þess er hvergi getið að hann hafi byggt kirkju. Um guðshús á Miklabæ er fyrst talað þegar Guðmundur góði Arason var prestur þar á bilinu 1187 til 1189.[373] Kirkjan er alkirkja í Auðunarmáldaga frá 1318 með prestskyldu og var ljós- og heytollur tekinn af 9-11 bæjum.[374] Á 15. öld þjóna bæði prestur og djákni á Miklabæ.[375] Kirkjan er í alkirkju og sóknarkirkjutali Guðbrands biskups árið 1569 „þær sem Holakirkia a“.[376] Á seinni hluta 18. aldar var Miklabæjarkirkja orðin annexía frá Hofi.[377] Árið 1891 var hún lögð niður og sóknin sameinuð Viðvíkursókn. Örnefnið Kirkjuvöllur minnir enn á kirkjuna.[378]

**91.** Kirkja var að **Marbæli** í Óslandshlíð 1189 og átti hún „brottsöng“[379] frá Miklabæ, þar sem Guðmundur Arason var þingaprestur. Hvorki er minnst á kirkju né bænhús að Marbæli í jarðakaupabréfi frá 1393.[380]

**92. Ósland** í Óslandshlíð. Kirkju er fyrst getið þar 1591.[381] Árið 1598 skipaði Guðbrandur biskup Þorláksson sóknarbörnum Miklabæjarkirkju að sækja Óslandskirkju um stundarsakir á meðan gert var við kirkjuna á Miklabæ.[382] Í *Jarðabók* 1709 segir að tíðir hafi verið veittar í kirkjunni fram um 1690.[383] Kirkjan mun hafa staðið skammt frá gamla bænum og minntust heimamenn þess að hafa séð hringlaga garðlag með rúst um og fyrir miðja 20. öld.[384] Norðan bæjar er

---

368 *Byggðasaga Skagafjarðar* VI (2011). Bls. 314.
369 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 237.
370 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 226-227.
371 *Byggðasaga Skagafjarðar* VI (2011). Bls. 351.
372 *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 488.
373 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 136.
374 DI II (1893). Bls. 460.
375 DI V (1899-1902). Bls. 360.
376 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279.
377 Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
378 *Miklibær. Örnefnaskrá* (1971). Jóhann Ólafsson skráði.
379 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 138. Brottsöngur, messusöngur annars staðar í prestakallinu en á sjálfu prestsetrinu.
380 Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 250 (neðanmáls. Hann telur Marbæliskirkju tilheyra Miklabæ í Blönduhlíð, sem er misskilningur, hún heyrði undir Miklabæjarkirkju í Óslandshlíð.
381 Þjskj.*Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar*, óútgefin (ljósrit). Þjóðskjalasafn, Kansellí KA-52, 1795. Nr. 16, bls. 13 og nr. 266, bls. 213, 214.
382 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 513.
383 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 233. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 258 (neðanmáls, og telur hana aftekna seint á 17. öld).
384 Hjalti Pálsson. Minnispunktar frá viðtali við Margréti Kristjánsdóttur 14.6. 2002 um Ósland í Óslandshlíð.

svæði sem kallast Kirkjugarðsvöllur. Í rannsókn sem fór fram sumarið 2011 komu fjórar grafir í ljós. Tvær voru undir öskulagi frá 1104 þannig að kirkjan á Óslandi á upphaf sitt á 11. öld.[385]

*Hofs- og Hofsóssóknir*

93. **Brúarland** í Deildardal. Munnmæli eru um bænhús til forna, segir í *Jarðabók* 1709.[386]

94. **Gröf** á Höfðaströnd. Í Sigurðarregistri frá 1525 er talað um bænhús með kirkjugarði í Gröf. Árið 1584 var enn talað um bænhús, en hálfkirkju 1687-1715, og bænhús aftur til 1765 er það var lagt niður.[387] Vitnisburður *Jarðabókarinnar* frá 1709 er að bænhús hefði verið til forna en tíðir ekki veittar í manna minni fyrr en Þorlákur biskup eignaðist jörðina.[388] Húsið var notað sem skemma til 1939. Þá hófst endurbygging þess, sem lauk 1953. Kirkjan er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Grafarkirkjugarður er hringlaga og byggður upp á Bænhúsvelli á sama stað og með sama formi og gömul garðabrot sýndu.[389]

95. Í jarðakaupabréfi frá 1495 er talað um bænhús á **Grindum** á Höfðaströnd.[390] Þess er einnig getið í örnefnaskrá.[391]

96. Að **Enni** á Höfðaströnd stóð hús sem kallað var bænhús 1709, segir *Jarðabók*.[392]

97. ***Hofsós*** á Höfðaströnd. Kirkjan þar var byggð og vígð 1960.

98. **Hof** á Höfðaströnd. Minnst er á kirkju að Hofi árið 1186 er Guðmundur Arason, síðar biskup á Hólum (1203-1237), var þingaprestur þar og tók þangað „prestlinga, og var það athöfn hans hversdagslega tíða í millum að kenna og rita“.[393] Árið 1318 var þar prestsskylda og ljós- og heytollur tekinn af 28 bæjum.[394] Hofskirkja var enn með prestskyldu 1471[395] og sögð sóknarkirkja í bændaeign 1569.[396] Núverandi Hofskirkja er timburhús, reist 1868-1870, og því friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.

99. **Þrastarstaðir** á Höfðaströnd. *Jarðabók* 1709 segir að þar hafi verið hálfkirkja og heiti þar Kirkjutóft.[397]

100. **Mannskaðahóll** á Höfðaströnd. *Jarðabók* 1709 segir að bænhús sé fallið fyrir manna minni.[398]

---

385 Guðný Zoëga (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 15-17.
386 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 242.
387 *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772). Bls. 526.
388 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 237.
389 *Gröf og Grafargerði. Örnefnaskrá*. Margeir Jónsson skráði (óársett).
390 DI VII (1903-1907). Bls. 253, 306.
391 *Grindur í Deildardal* (1998). Örnefnaskrá. Steinar Þórðarson skráði. Þar segir að neðst á bæjarhólnum sjáist móta fyrir tóftarbrotum sem gætu verið leifar bænhúss þess sem einu sinni stóð á Grindum. Páll Þorgilsson, sem ólst upp á Grindum gat hann þess að þar væri 20. aldar garfreitur þar sem tvær manneskjur eiga að vera grafnar.
392 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 245.
393 *Sturlunga saga* I (1946). Bls.134. Hann kenndi ungum prestefnum að lesa og skrifa. *Grágás* (2001). Bls. 8. Neðanmáls segir að þing hafi verið prestakall.
394 DI II (1893). Bls. 460.
395 DI V (1899-1902). Bls. 360.
396 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281.
397 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 256.

*Fellssókn*

**101. Höfði** á Höfðaströnd telst vera landnámsjörð Höfða-Þórðar Bjarnarsonar. Þorgerður kona hans var sögð barnabarn Kjarvals Írakonungs og hefur sennilega verið kristin. Höfðakirkja er í máldaga frá 1318[399] með prest, sem þjónaði á tveimur bænhúsum á 15. öld.[400] Höfðakirkja er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569 sögð „bóndagarður“.[401] Á seinni hluta 18. aldar var hún orðin annexía frá Felli.[402] Hún var lögð niður 1891. Steyptur ferhyrndur heimagrafreitur er innan hringforms gamla kirkjugarðsins. Sumarið 2011 var grafið í kirkjugarðinn og kom í ljós að hann hefur verið notaður frá 11. öld og fram á þá 19.[403]

**102. Málmey** var kirkjustaður árið 1318. Þar skal „brenna ljós í kirkju hverja nótt, frá krossmessu á hausti til krossmessu á vori“.[404] Málmeyjarkirkja var kölluð bænhús í *Jarðabókinni* 1709. Þá var fólki veitt sakramenti þar en Málmeyjarbúar áttu annars kirkjusókn til Höfða.[405] Sást enn hringlaga garður þar sem kirkjan stóð 1839.[406]

**103.** Á **Bræðrá** í Sléttuhlíð var fallið bænhús á 1480[407] en merki þess sáust enn 1709.[408] „Bænhúsið var á hól vestan við bæinn. Á Bænhúshólnum sást fyrir tóftahring eins og eftir kirkjugarð en engin tóft var sjáanleg inni í hringnum sem svarað gæti til bænhússins.“[409] Bænhúshóll er í túni um 50 m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Garðurinn var sléttaður í tún á 20. öld en menn minnast þar hringlaga gerðis en engrar kirkjutóftar. Sumarið 2011 var kirkjugarðsins leitað en ekkert fannst.[410]

**104.** Á **Tjörnum** í Sléttuhlíð var „rotið“ bænhús 1480.[411]

**105.** Á **Arnarstöðum** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1480.[412] Þess sáust enn merki 1709.[413] Þar var þekkt örnefnið Kirkjulaut á 20. öld, þar sem farið var um á leið í messu á Felli.[414]

**106.** Á **Skálá** í Sléttuhlíð var hálfkirkja 1480.[415] Bænhús stóð þar 1709 en tíðir höfðu ekki verið veittar í manna minni, segir í *Jarðabók*.[416] Árið 1839 sást enn móta fyrir kirkjugarðinum[417] og í

---

398 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 261.
399 DI II (1893). Bls. 459-460.
400 DI V (1899-1902). Bls. 360.
401 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 279, 318.
402 Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 302.
403 Guðný Zoëga (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 6-11.
404 DI II (1893). Bls. 459. Ljósið var fyrir sjófarendur.
405 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 264.
406 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 156.
407 DI V (1899-1902). Bls. 355.
408 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 268.
409 Hjalti Pálsson. Minnispunktar frá viðtali við Stefán Kristjánsson frá Róðhóli, 6.8. 2007. Tekið vegna vinnu við Byggðasögu Skagafjarðar.
410 Guðný Zoëga (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 18-21.
411 DI V (1899-1902). Bls. 355. Húsið var mjög fúið.
412 DI V (1899-1902). Bls. 355.
413 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 272.
414 *Arnarstaðir*. Örnefnaskrá (1975).
415 DI V (1899-1902). Bls. 355.
416 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 273.
417 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 156.

örnefnaskrá frá miðri 20. öld er sagt að þar hafi lengi staðið húskofi sem kallaður var Bænhússkemma.[418]

**107.** ***Fellskirkja*** í Sléttuhlíð er í máldaga frá 1318[419] en leiða má líkur að því að þar hafi verið kirkja 1188 þegar Björn prestur Ólafsson „bjó undir Felli".[420] Kirkjan tók ljós- og heytoll af 18 bæjum 1471 og var þá með prestskyldu, sem hélst til 1891.[421] Núverandi kirkja sem er reist 1881 er friðuð samkvæmt þjóðminjalögum 106/2001.

**108.** Á **Hrauni** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1480.[422]

**109.** Á **Heiði** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1480.[423]

*Barðs- og Knappsstaðasóknir*

**110.** **Ysti-Mór** í Flókadal var landnámsjörð Flóka Vilgerðarsonar (Hrafna-Flóka) samkvæmt Landnámu. Þar var „lítt standanda" bænhús 1480.[424] Í *Jarðabókinni* 1709 segir að þar hafi bænhús verið að fornu og að enn sjáist til kirkjugarðsleifa.[425] Árið 1940 var afgirtur reitur þar sem bænhúsið hafði staðið.[426] Bænhúsgarður heitir þar sem kirkjan stóð og sést enn greinilega. Sumarið 2010 þegar grafið var í hann sást að hætt var að jarðsetja fólk þar á 11. öld en kirkjugarðsveggurinn virðist hlaðinn á 12. öld og endurhlaðinn á þeirri 14.[427]

**111.** Á **Sjöundastöðum** í Flókadal stóð bænhús 1480.[428]

**112.** Á **Nesi í** Flókadal var hálfkirkja 1480.[429] Tóftarleifar sáust enn 1709 og í sóknarlýsingu frá 1841 má skilja að svo hafi enn verið.[430]

**113.** **Stóru-Reykir** í Flókadal. Bænhús var þar á 1480.[431] *Jarðabókin* 1709 segir bænhús hafa verið þar til forna „en fallið fyrir manna minni".[432] Ofan við gamla bæinn var komið niður á beinagrindur þegar grafið var þar fyrir hlöðu um miðja 20. öld.[433]

**114.** ***Barð*** í Fljótum. Söguna um Ásgrím prest á Barði sem drepinn var við Barðslaug árið 1252, og hefur sennilega þjónað Barðskirkju, má túlka sem elstu heimild um kirkju þar.[434] Kirkjan er

---

418 *Skálá*. Örnefnaskrá. Margeir Jónsson skráði.
419 DI II (1893). Bls. 459.
420 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 133, 171.
421 DI V (1899-1902). Bls. 252, 359. *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 276. Júlíana Gottskálksdóttir (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar". Bls. 39-43.
422 DI V (1899-1902). Bls. 355.
423 DI V (1899-1902). Bls. 355.
424 DI V (1899-1902). Bls. 355.
425 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 288.
426 *Ysti-Mór. Örnefnaskrá* (1976). Hermann Jónsson skráði.
427 Guðný Zoëga (2010). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Framvinduskýrsla 2010. Bls. 20-22.
428 DI V (1899-1902). Bls. 355.
429 DI V (1899-1902). Bls. 355.
430 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 295. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 175.
431 DI V (1899-1902). Bls. 355.
432 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 299.
433 *Stóru-Reykir. Örnefnaskrá*. Kristján Eiríksson skráði 1973.

nefnd í máldaganum frá 1318[435] og tók prestur hálfa mörk af 4 bæjum auk lýsis- og heytolla af 24.[436] Barðskirkju er var skylt að hafa prest og djákna 1471/1478 samkvæmt máldaga.[437] Prestsetur var á Barði 1569.[438] Núverandi Barðskirkja er timburhús, reist 1889, og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.

**115.** **Neðra-Haganes** í Fljótum. Þar stóð hálfkirkja 1480[439] sem sögð var löngu fallið bænhús í *Jarðabókinni* 1709.[440]

**116.** Að **Efra-Haganes**i var bænhús til forna „af fallið meir en fyrir 40 árum"[441], segir Jarðabókin 1709. Árið 1841 sáust enn „líkindi til, að þar hafi kirkjugarður verið."[442]

**117.** **Grindill (Grillir)** í Fljótum segir í *Landnámabók* að sé landnámsjörð Nafar-Helga. Að Grindli var bænhús 1453 og 1480.[443] *Jarðabókin* 1709 getur þess ekki.

**118.** Á **Sléttu** í Fljótum var fallið bænhús 1480.[444] Árið 1709 segir „að þar hafi þá kirkja eður bænhús verið og þykjast menn nú deili sjá til einnrar tóftar, sem líklegt þykir að þetta bænhús hafi áður staðið, með girðíng í líkíng kirkjugarðsleifa".[445] Kirkjan er talin hafa staðið á Kirkjuhól (í landi Litlu-Sléttu). Ekki langt frá fundust mannabein við jarðrask sem menn töldu að gæti verið dys heiðins manns og hafa síðan kallað Dauðsmannshól.[446]

**119.** Að **Stóru-Þverá** í Fljótum var bænhús til forna en aflagt fyrir manna minni, segir í *Jarðabók* 1709 en ennþá sáust „þess og merki nokkur".[447] Þar heitir Kirkjuvöllur.[448]

**120.** Á **Gautastöðum** í Stíflu var fallið bænhús 1480[449] en það stóð ári fyrr og fékk þjónustu frá Knappsstaðapresti. Bænhúsið var aftur fallið árið 1709 en merki þess sáust.[450] Árið 1840 sást „vottur til þess, að þar hafi verið grafið".[451]

---

434 Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum*. Bls. 119.
435 DI II (1893). Bls. 458-459.
436 Árni Daníel Júlíusson (1995). *Bonder i Pestens tid.* .... Bls. 513.
437 DI V (1899-1902). Bls. 235.
438 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 276.
439 DI V (1899-1902). Bls. 355.
440 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 305.
441 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 307.
442 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 175. Einhver merki voru þar um kirkjugarð.
443 DI V (1899-1902). Bls. 117, 355.
444 DI V (1899-1902). Bls. 355.
445 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 311.
446 *Slétta í Fljótum. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
447 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 313.
448 *Stóra-Þverá. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
449 DI V (1899-1902). Bls. 355.
450 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 315.
451 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 184. Sáust merki þess að þar hefði verið grafið.

**121.** Kirkja var að **Tungu** í Stíflu. Sögð „lítt standanda" hálfkirkja 1480.[452] Hún er einnig nefnd í máldaga á 16. öld[453] og jarðaskiptabréfi frá 1608.[454] Þar stóð bænhús 1709 „en ekki tíðir veittar í 20 ár eður lengur".[455] Árið 1840 sást enn hvar kirkjan hafði staðið.[456]

**122.** Á **Nefstöðum** í Stíflu stóð bænhús 1480.[457]

**123.** **Knappsstaðir** í Stíflu voru að sögn landnámsjörð Þórðar knapps.[458] Í Flateyjarbók segir að Þórhallur knappur hafi tekið kristna trú eftir að hann dreymdi Ólaf konung Tryggvason, sem bauð honum í draumnum að byggja kirkju.[459] Á fyrri hluta 11. aldar bjó þar Hafur Þórarinsson.[460] Árið 1121 söng þar messur séra Þorvarður, sem var „ritari góður" og lærisveinn Jóns Ögmundarsonar Hólabiskups.[461] Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318[462] og 1394 var þar prestskylda og alkirkja var þar 1471.[463] Knappsstaðaprestur átti að þjóna hálfkirkjunni í Tungu árið 1479 ásamt bænhúsunum á Nefstöðum og Gautastöðum.[464] Núverandi kirkja, sem er elsta timburkirkja landsins, reist 1839-1840 og friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga 106/2001[465], stendur á Kirkjuvelli. Þar ofan við er Kirkjumelur.[466]

**124.** Að **Hvammi** í Fljótum var hálfkirkja 1480.[467] *Jarðabók* 1709 segir að þar hafi verið bænhús til forna, en lagt af fyrir manna minni.[468]

**125.** Á **Reykjarhóli** í Austari-Fljótum var sagt „lítt standanda" bænhús 1480.[469] Þar sást til tófta og kirkjugarðsleifa 1709[470] og 1841.[471] Örnefnið Kirkjusteinn var þekkt þar fram á 20. öld.[472]

**126.** Á **Bjarnargili** var „lítt standanda" bænhús 1480.[473]

---

452 DI V (1899-1902). Bls. 355.
453 DI XII (1923-1932). Bls. 69-70.
454 DI XII (1923-1932). Bls. 70. Þar mátti leiða konur í kirkju eftir barnsburð, gifta hjón (saman vígja) skíra börn og taka kirkjutíund og ljóstoll af heimilinu.
455 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 317. Ekki messað í 20 ár.
456 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 184.
457 DI V (1899-1902). Bls. 355.
458 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 243. Flateyjarbók 1 (1944). Bls. 485, 489-490. *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta*, 2 (1961). Bls. 184-187.
459 *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 488-490. *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 157-158. Sagan er skemmtileg, en sennilega uppspuni.
460 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1063.
461 *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 237-238.
462 DI II (1893). Bls. 488.
463 DI V (1899-1902). Bls. 359, 561.
464 DI V (1899-1902). Bls. 355.
465 Þorsteinn Gunnarsson (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar". *Kirkjur Íslands,* 6.bindi. Bls. 232-3.
466 *Knappsstaðir. Örnefnaskrá* (Óársett.)
467 DI V (1899-1902). Bls. 355.
468 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 325.
469 DI V (1899-1902). Bls. 355. Húsið varla standandi.
470 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 320.
471 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Bls. 175.
472 *Reykjarhóll. Örnefnaskrá.* Kristján Eiríksson skráði 1972.
473 DI V (1899-1902). Bls. 355.

**127. Stóra-Holt** í Fljótum gæti hefur mögulega verið landnámsjörð hins gausk-flæmskættaða Friðleifs, sem miðað við uppruna sinn gæti hafa verið kristinn.[474] Þar bjuggu Jón Ketilsson kallaður „Fljótabiskup" á 12. öld og Ketill Guðmundsson sem „var lærður klerkur".[475] Þeir hafa vafalaust þjónað eigin kirkju en kirkja er annars ekki nefnd í Holti fyrr en í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318.[476] Hún er með prestskyldu í máldaga frá 1461 og fékk ljós- og heytoll af 22 bæjum.[477] Árið 1569 var Holtskirkja sóknarkirkja í bændaeign[478] og hún hélt þeirri stöðu fram á 20. öld. Á seinni hluta 18. aldar var hún annexía frá Barði.[479] Stóra-Holtskirkja var lögð niður 1909.[480] Kirkjuhóll heitir þar sem kirkjan stóð síðast.[481]

**128. Ríp** í Fljótum. Í örnefnaskrá Stóra-Holts er haft eftir gamalli konu að bænhús hafi verið á Ríp.[482] Leiddar hafa verið líkur að því að þar hafi verið bústaður landnámsmannsins Bárðar Suðureyings.[483]

**129. Brúnastaðir** í Fljótum**.** Þar stóð bænhús 1480.[484] Í *Jarðabók* segir að 1709 standi skemma sem áður var bænhús „en ekki tíðir veittar í manna minni".[485] Brúnastaðir voru sagðir landnámsjörð Brúna hins hvíta, sonar Háreks Upplendingajarls. Þar bjó á Þorgrímur Hallsson, hirðmaður Ólafs helga Noregskonungs á 11. öld.[486]

**130.** Á **Lambanesi** í Fljótum var „lítt standandi" alkirkja 1480 sem var kölluð bænhús 1555.[487] Bænhúsið var sagt notað sem skemma 1709 samkvæmt *Jarðabókinni.*[488] Hringform kirkjugarðsins voru sjáanleg bæði á 19. og 20. öld.[489]

**131.** Á **Hraunum** í Fljótum var fallin hálfkirkja 1480.[490] Talið er að um siðbreytingu hafi kirkjunni verið breytt í bænhús sem stóð enn 1709[491] en var fallið 1749.[492]

---

474 *Íslendinga sögur* I, 1946. Bls. 151.
475 Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum*. Bls. 119-120.
476 DI II (1893). Bls. 488.
477 DI V (1899-1902). Bls. 254-255.
478 *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Bls. 281.
479 Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Bls. 312.
480 Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 261.
481 *Stóra-Holt í Fljótum. Örnefnaskráning* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
482 *Stóra-Holt í Fljótum. Örnefnaskráning* (óársett). Margeir Jónsson skráði. Viðbót Kristjáns Eiríkssonar við skráningu Margeirs árið 1972, sem hefur heimildina eftir Steingrími Þorsteinssyni (1915-1997) bónda í Stóra-Holti.
483 Hjörtur M. Jónsson (1996). „Flutti Hallur Mjódælingur?...". Bls. 99-114.
484 DI V (1899-1902). Bls. 255.
485 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 334.
486 *Íslendingasögur og þættir* III, Vatnsdæla saga (1987). Bls. 2262.
487 DI V (1899-1902). Bls. 355. Varla standandi hús.
488 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 336.
489 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 175. *Lambanes. Örnefnaskrá* (1972). Kristján Eiríksson skráði.
490 DI V (1899-1902). Bls. 355.
491 *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 339.
492 DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

*Dreifing þekktra kirkna*




*Kortið sýnir mögulega dreifingu kirkna fyrir 1300.*

*Kirkjutalstúlkun*

Á kortinu, hér á undan, hafa kirkjujarðir kirkjutalsins verið staðsettar. Þéttleiki kirkna og grafreita er mestur í Fljótum og í Blönduhlíð og minnstur á Skaga. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í máldögum frá Ólafi biskupi Rögnvaldssyni á seinni hluta 15. aldar er fjöldi hálfkirkna og bænhúsa tíunduð í austanverðum Skagafirði en ekki annars staðar í héraðinu. Óvíst er að veruleikinn hafi verið þannig. Upplýsingar, sem unnið er úr, helgast af varðveittum ritheimildum, munnmælum, örnefnum og rannsóknum á síðustu árum. Enginn veit hvað hefur tapast.

Nú eru tuttugu sóknarkirkjur í Skagafirði. Fjórar kirkjur eru þeim til viðbótar, sem hafa verið afnumdar sem sóknarkirkjur og einungis er þjónað á tyllidögum. Þessar kirkjur eru á Sjávarborg, Ábæ, Gröf og Knappsstöðum. Kirkjurnar á Sauðárkróki og á Hofsósi tengjast þéttbýlismyndun á 19. og 20. öld. Á mótunartíma sóknarkirkjuskipulagsins hafa sóknarkirkjur verið a.m.k. fjörutíu talsins, sé miðað við tíundaðar al- og hálfkirkjur árið 1318. Ketukirkja er gott dæmi um hálfkirkju sem jafnframt var sóknarkirkja á 14. öld og hefur haldið þeirri stöðu til þessa dags. Messað var í alkirkju alla helgidaga, í hálfkirkjum annan hvern helgidag, þriðjungskirkju þriðja hvern og fjórðungskirkjum fjórða hvern. Í bænhúsum var messað sjaldnar, sennilega eftir samkomulagi milli prests og eiganda. Hugtakið bænhús getur verið villandi sökum þess að fólk virðist hafa hyllst til að kalla allar litlar kirkjur (húsin sjálf) bænhús þegar aldir liðu, hverju hlutverki sem þær gegndu. Margar al- og hálfkirkjur sem eru nefndar á 14. og 15. öld eru kallaðar bænhús seinna og þjónustustig þeirra hafði breyst

Í kirkjulistanum hér á eftir eru teknar saman upplýsingar úr kirkjutalinu og skoðað hvenær og hvar kirkja er fyrst nefnd og hvernig hún kemur fram. Getið er um vægi kirkju gagnvart prestsþjónustu samkvæmt elstu heimild, þ.e. hvort hún er sögð alkirkja, hálfkirkja, þriðjungskirkja, fjórðungskirkja eða bænhús. Þetta getur skipt máli þegar skoðað er hvort kirkjur höfðu greftrunarréttindi á þeim tíma sem þeirra er fyrst getið.

Líkur eru á að á níunda tug kirkna hafi verið lagðar niður fyrir 1550. Þar af gæti a.m.k. tugur þeirra hafa horfið af vettvangi fyrir 1100. Flestar kirknanna eru til komnar á fyrsta árhundraði kristni í landinu, fyrir utan þær yngstu á Kolkuósi, Sauðárkróki og Hofsósi. Níu af þessum 131 kirkjum verða að teljast hæpnar þar til hægt verður að sanna eða afsanna tilveru þeirra. Þetta eru meintar kirkjur á Atlastöðum, Gvendarstöðum, Hraunþúfuklaustri, Hellu, Litladal, Ferjuhamri, Ásgrímsstöðum og Ríp í Fljótum.

Á nokkrum stöðum hafa kristnir grafreitir verið aldursgreindir út frá fornleifum og er þess sérstaklega getið. Þar sem sæti fornleifa í listanum er autt er meintur kirkjustaður ókannaður með tilliti til fornleifa. Þar sem sagt er að kirkja eða grafreitur séu nefnd fyrir 1200 í listanum er yfirleitt vitnað til fornleifa eða beinafunda. Einstaka sinnum er vitnað til sagna sem eiga að hafa gerst á þeim tíma sem tímasetningin á við. Ef vitað er hvenær kirkja var lögð niður er þess getið.

Í flestum tilfellum er guðshús nefnt í listanum því nafni sem elsta heimildin gefur því. Núverandi kirkjur eru **breiðletraðar**.

*Listi yfir kirkjur í Skagafirði frá 1000 til 2000*

| | Hvar | Fornleifar | Nefnd | Heimild | Kirkjan sögð | Aflögð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Keta** á Skaga | | 1318 | Máldagi-registur | Hálfkirkja | |
| 2 | Foss á Skaga | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 3 | Hvalnes á Skaga | | 1445 | Jarðakaupabréf | Bænhús | |
| 4 | Sævarland í Laxárdal | | 1379 | Fornbréf | Bænhús | |
| 5 | **Hvammur** í Laxárdal | | 1318 | Máldagi | Alkirkja | |
| 6 | Skíðastaðir í Laxárdal | Bein, 12.öld | 1388 | Fornbréf | Fjórðungskirkja | |
| 7 | Atlastaðir í Laxárdal | | 1840 | Munnmæli | | |
| 8 | Fagranes á Reykjastr. | | 1254 | Sturlunga/Grettis s. | Alkirkja | 1891 |
| 9 | Reykir á Reykjaströnd | | 11.öld/1254 | Grettis saga/Sturl. | | 1254 |
| 10 | Ingveldarstaðir á R. | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 11 | Heiði í Gönguskörðum | | 1389 | Fornbréf | Bænhús | |
| 12 | Sauðá í Borgarsveit | Bein, 11.öld | 1393 | Fornbréf | Hálfkirkja | |
| 13 | **Sauðárkrókur** | | 1891 | | Sóknarkirkja | |
| 14 | **Sjávarborg** í Borgarsv. | | 1318 | Máldagi | Alkirkja | 1892 |
| 15 | Kimbastaðir í Borgars. | | 1570 | Fornbréf | Bænhús | |
| 16 | Gil í Borgarsveit | Bein | 1394 (1399) | Máldagar | Hálfkirkja | |
| 17 | Vík í Víkurparti | | 1440 | Fornbréf | Hálfkirkja | 1765 |
| 18 | Hafsteinsstaðir í St.sv. | Bein | | Munnmæli | | |
| 19 | Gvendarstaðir á Víðid. | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 20 | Helgastaðir á Víðidal | Bein | 1713 | Jarðabók | | |
| 21 | **Reynistaður** í Staðars. | | 1198 | Sturlunga | Alkirkja | |
| 22 | Holtsmúli á Langholti | Bein | | | | |
| 23 | Hóll í Sæmundarhlíð | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 24 | Sólheimar í Sæm.hl. | | 1378/1713 | Fornbréf/Jarðabók | Hálfkirkja | |
| 25 | Skarðsá í Sæmundarhl. | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 26 | **Glaumbær** á Langholti | | 11.öld | Grænlendinga saga | Alkirkja | |
| 27 | Seyla á Langholti | Bein, 11.öld | 1255 | Sturlunga | | |
| 28 | Geldingaholt | | 1255/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja | 1765 |
| 29 | Vellir í Vallhólmi | | 1318 | Máldagi | Alkirkja | |
| 30 | Syðra-Vallholt | | 1394 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 31 | Ytra-Vallholt | | 1394 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 32 | Krithóll, á Neðribyggð | | 1478 | Fornbréf | Bænhús | |
| 33 | Valadalur í Skörðum | | 1713 | Fornbréf/Jarðabók | Bænhús | |
| 34 | **Víðimýri** í Víðimýrarp. | | 1158/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 35 | Álfgeirsvellir á Efrib. | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 36 | Skíðastaðir á Neðrib. | Bein | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 37 | **Reykir** í Tungusveit | | 1238/1318 | Sturlunga/Jarðabók | Alkirkja/sókn | |
| 38 | Steinsstaðir í Tungusv. | Bein, 11. öld | | | | |
| 39 | Héraðsdalur í Dalspl. | | 1318 | Máldagi | Hálfkirkja | 1765 |
| 40 | Syðri-Mælifellsá á Efrib | | 1318 | Jarðabók | Bænhús | |
| 41 | **Mælifell** á Fremrib. | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 42 | Hamrar á Fremrib. | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 43 | Lýtingsstaðir í Tungusv | | 1318 | Máldagi | Hálfkirkja | 1765 |

| | Staðsetning | Fornleifar | Nefnd | Elsta heimild | Kirkjan sögð | Aflögð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 44 | Hafgrímsstaðir | | 1318 | Máldagi | Hálfkirkja | 1765 |
| 45 | Gilhagi, Fremribyggð | Bein | 1525 | Bréf | Hálfkirkja | |
| 46 | ***Goðdalir***, Vesturdal | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 47 | Hof í Vesturdal | Bein | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | 1765 |
| 48 | Bjarnarstaðahlíð í Vest. | | 1318 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 49 | Hraunþúfuklaustur í V. | | 1729 | Munnmæli | | |
| 50 | Merkigil í Austurdal | Bein | 1663 | Fornbréf | Bænhús | |
| 51 | **Ábær** í Austurdal | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 52 | Kelduland á Kjálka | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 53 | Flatatunga á Kjálka | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 54 | Silfrastaðir í Norð.árdal | | 1188/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 55 | Úlfsstaðir í Blönduhlíð | Bein | 1318 | Máldagi | Hálfkirkja | 1555 |
| 56 | Sólheimar í Blönduhlíð | | 1394 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 57 | Miðsitja í Blönduhlíð | | 1394 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 58 | Hella í Blönduhlíð | | 1432 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 59 | Víðivellir í Blönduhlíð | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | 1765 |
| 60 | **Miklibær** í Blönduhlíð | | 1234/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 61 | Þorleifsstaðir í Bl.hlíð | Bein | 1431 | Fornbréf | Hálfkirkja | |
| 62 | Stóru-Akrar í Bl.hlíð | Bein | 1318 | Máldagi | Alkirkja | 1765 |
| 63 | Litlidalur í Blönduhl. | | 1394 (1395) | Máldagi | Bænhús | |
| 64 | Syðsta-Grund í Bl.hlíð | | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 65 | Mið-Grund, Blönduhl. | Bein, 11.öld | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 66 | Djúpidalur, Blönduhlíð | | 1394/1713 | Máldagi/Jarðabók | Hálfkkja/bæn. | 1715 |
| 67 | **Flugumýri**, Blönduhl. | | 1253 | Sturlunga | Alkirkja/sókn | |
| 68 | Hjaltastaðir, Blönduhl. | Bein | 1713 | Jarðabók | Bænhús | |
| 69 | Hjaltastaðahvammur | Bein, 11.öld | | | | |
| 70 | Þverá í Blönduhlíð | Bein | 1253/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | 1555 |
| 71 | **Ríp** í Hegranesi | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 72 | Keldudalur í Hegran. | Bein, 11.öld | | | | |
| 73 | Ferjuhamar í Hegran. | | 19.öld | Sóknarlýsing | | |
| 74 | Ásgrímsstaðir í Hegran. | | 19.öld | Bréf | | |
| 75 | Helluland í Hegranesi | | 1394 (1399) | Máldagi | Bænhús | |
| 76 | Utanverðunes í Hegr. | Bein | 1394 (1399) | Máldagi | Bænhús | |
| 77 | Keflavík í Hegranesi | | 1394 (1399) | Máldagi | Bænhús | |
| 78 | Garður í Hegranesi | Bein, 12.öld | | | | |
| 79 | Ás í Hegranesi | | 1480 | Máldagi | Alkirkja | 18. öld |
| 80 | **Hofsstaðir** í Hofsst.b. | | 1429 | Kirknatal | Alkirkja/sókn | |
| 81 | Bakki í Viðvíkursveit | | 1714 | Jarðabók | Bænhús | |
| 82 | Kolkuós í Viðvíkursv. | | 1550 | Skráð frásögn | | |
| 83 | **Viðvík** í Viðvíkursveit | | 1189 | Sturlunga | Alkirkja/sókn | |
| 84 | Kálfsstaðir í Hjaltadal | | 1255 | Sturlunga | Bænhús | |
| 85 | Hof í Hjaltadal | Bein, 13.öld | | | | |
| 86 | **Hólar** í Hjaltadal | | 1050 | Biskupasögur | Alkirkja/sókn | |
| 87 | Neðri-Ás í Hjaltadal | Bein, 11.öld | 984 | Kristni saga | | |
| 88 | Bjarnastaðir í Kolb. | Bein, 11.öld | | | | |

| | Staðsetning | Fornleifar | Nefnd | Elsta heimild | Kirkjan sögð | Aflögð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 89 | Sleitustaðir í Kolb.dal | Bein | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 90 | Miklibær í Óslandshlíð | | 1187/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | 1891 |
| 91 | Marbæli í Óslandshlíð | | 1189 | Sturlunga | | |
| 92 | Ósland í Óslandshlíð | Bein 11.öld | 1591 | Minnisbók | Hálfkirkja | |
| 93 | Brúarland í Deildard. | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 94 | **Gröf** á Höfðaströnd | | 1525 | Fornbréf | Bænhús | 1765 |
| 95 | Grindur á Höfðaströnd | | 1495 | Jarðabréf | Bænhús | |
| 96 | Enni á Höfðaströnd | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 97 | **Hofsós** | | 1960 | | Sóknarkirkja | |
| 98 | **Hof** á Höfðaströnd | | 1186 | Sturlunga | Alkirkja/sókn | |
| 99 | Þrastarstaðir á Höfðas. | | 1709 | Jarðabók | Hálfkirkja | |
| 100 | Mannskaðahóll á Höf. | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 101 | Höfði á Höfðaströnd | Bein 11. öld | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | 1891 |
| 102 | Málmey á Skagafirði | | 1318 | Máldagi | | 1765 |
| 103 | Bræðrá í Sléttuhlíð | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 104 | Tjarnir í Sléttuhlíð | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 105 | Arnarstaðir í Sléttuhl. | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 106 | Skálá í Sléttuhlíð | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 107 | **Fell** í Sléttuhlíð | | 1188/1318 | Sturlunga/Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 108 | Hraun í Sléttuhlíð | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 109 | Heiði í Sléttuhlíð | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 110 | Ysti-Mór í Flókadal | Bein, 11. öld | 1480 | Máldagi | | |
| 111 | Sjöundarstaðir í Fl. | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 112 | Nes í Flókadal | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 113 | Stóru-Reykir í Flókad. | Bein | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 114 | **Barð** í Fljótum | | 1318 | Máldagi | Alkirkja/sókn | |
| 115 | Neðra-Haganes í Flj. | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 116 | Efra-Haganes í Flj. | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | |
| 117 | Grindill (Grillir) í Flj. | | 1453 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 118 | Slétta í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 119 | Stóra-Þverá í Fljótum | | 1709 | Jarðabók | Bænhús | f.1700 |
| 120 | Gautastaðir í Stíflu | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 121 | Tunga í Stíflu | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 123 | Nefsstaðir í Stíflu | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 122 | **Knappsstaðir** í Stíflu | | 1121 | Fornbréf | Alkirkja/sókn | |
| 124 | Hvammur í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 125 | Reykjarhóll, Fljótum | | 1480 | Kirkjutal | Bænhús | |
| 126 | Bjarnargil í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 127 | Stóra-Holt í Fljótum | | 1318 | Máldagi-registur | Alkirkja/sókn | 1909 |
| 128 | Ríp í Fljótum | | 1972 | Örnefnaskrá | Bænhús | |
| 129 | Brúnastaðir í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Bænhús | |
| 130 | Lambanes í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |
| 131 | Hraun í Fljótum | | 1480 | Máldagi | Hálfkirkja | |

**Sóknaskipulagið**

Menn eru ekki sammála um hvenær sóknir voru skipulagðar. Sumir telja að þær hafi ekki verið fullmótaðar fyrr en á 14. öld en aðrir að þær hafi verið komnar á miklu fyrr.[493] Hugsanlega má skoða samhengi milli ráðandi forsvarsmanna í heiðni og kristni og þess hvaða valdhafar og jarðir náðu sóknarkirkjustöðu en upphaf sóknarkirkjuskipulags má rekja til tíundarlaga 1096/7 og þegar fólk frá öðrum bæjum fór að sækja kirkju nágrannanna. Samkvæmt tíundarlögum átti biskup að segja til um kirkjusóknir „i hrepp hveriom“[494] Skipulag sókna tengist einnig því hvernig jarðir voru settar gagnvart eignarhaldi og því að sumar kirkjujarðir urðu staðir og prestsetur.

Engin ritheimild er til um skyldur gagnvart elstu kirkjum en í 12. aldar kristnirétti, eftir aldaraðlögun kirkjuhalds, er sagt að menn hafi verið sakhæfir ef þeir seldu eigur þeirra eða förguðu þeim með öðrum hætti og að kirkjueigandi átti skilyrðislaust að halda kirkju sinni við. Tekið er fram að stæði hún á annars landi og henni ekki viðhaldið þannig að hún varð óhæf til guðsþjónustu þá átti landeigandi rétt á að taka kirkjuna til sín.[495] Landeigandi gat verið ábúandi jarðarinnar, jarðareigandi sem leigði land það þar sem kirkjan stóð á eða kirkjan sjálf. Goðar, með stuðningi þingmanna sinna sem þeir gátu ráðskast með, hafa staðið vel gagnvart valdasöfnun með kirkju- og helgihaldi eftir að tíundarlög og kristniréttur voru sett. Til að efla eigin stöðu og kirkju gátu kirkjueigendur gefið kirkju sinni land og laust fé. Það var Guði þóknanlegt og ávísun á endurgjald þessa heims eða í Himnaríki.

Á miðöldum var hugtakið staður bundið við eignarhald jarða. Staður var kirkjujörð sem hafði öll eða hálf verið gefin kirkjunni sem þar stóð. Prófessor Magnús Stefánsson telur Hóla í Hjaltadal fyrsta staðinn í Skagafirði[496] og að hann hafi orðið það þegar Illugi prestur gaf jörðina undir biskupsstólinn 1106. Staðarkirkju í Reyninesi telur hann næsta árið 1268 þegar Gissur Þorvaldsson gaf Reynistað til nunnuklausturs.[497] Fagranes kann að hafa verið orðinn sóknarkirkjustaður þegar Heinrekur Hólabiskup vígði kirkju þar árið 1254. Árið 1318 voru nefnir fimm staðir til viðbótar: Hvammskirkja í Laxárdal átti hálfa heimajörðina, Atlastaði og fisktoll um allan Skaga. Mælifell átti allt heimaland, Starrastaði og hálfa Brúnstaði m.m. Þar voru tveir þjónandi presta sem þjónuðu tveimur öðrum kirkjum og sex bænhúsum. Tollar voru teknir af sjö bæjum. Goðdalir, áttu allt heimaland og að auki land til brúargjörðar á Tunguhálsi. Þar var prestur og djákni og tollar teknir af níu bæjum. Fell í Sléttuhlíð átti allt heimaland. Þar var einn prestur og tollar teknir af 20 bæjum. Þetta eru tiltölulega fáir staðir, sem gætu verið skýrðir með nærveru biskupsstólsins. Í Sturlungu er sagt að Helga Sæmundardóttir, ekkja Kolbeins unga Arnórssonar, hafi látið Flugumýri ganga til biskups árið 1245 en Gissur Þorvaldsson keypti jörðina seinna af biskupi.[498] Flugumýri virðist staður í nokkur ár um miðja 13. öld. Gjörningurinn gæti hafa tengst öðru og er ekki höfuðatriði hér en allir þessir staðir voru jafnframt sóknakirkjustaðir.

Miklibær í Óslandshlíð gæti hafa orðið sóknarkirkjustaður snemma. Eftir að bæjum var skipað í sóknir er talið að biskupar hafi útvegað presta[499] og það að Hóladómkirkjuprestur þjónaði Miklabæjarkirkju árið 1255[500] gæti vís-

493 Orri Vésteinsson (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300.* Bls. 101, 112. Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar.* Bls. 118. Magnús Stefánsson (2005). „De islandske stadenes egenart og eldste historie“. Bls. 117, 119.

494 DI I (1857-76). Bls. 80.

495 *Grágás* (2001). Bls. 14.

496 Magnús Stefánsson (2005). „De islandske stadenes egenart og eldste historie“. Bls. 122.

497 Magnús Stefánsson (2000). *Staðir og staðarmál. Studier i islandske egenkikelige og beneficialrettslige forhold i middelaldleren I.* Bls. 62.

498 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 478.

499 Björn Þorsteinsson (1978). *Íslenzk miðaldasaga.* Bls. 74.

500 *Sturlunga saga* II (1946). Bls. 197.

að til þess að hún hafi þá verið höfuðkirkja sóknarinnar og að um afleysingaprest hafi verið að ræða. Hún gæti jafnvel hafa verið orðin það árið 1189, þegar Marbæliskirkja átti þaðan „brottsöng“.[501] Einhvers konar fræðslusetur virðist þá hafa verið á Miklabæ. Guðmundur Arason, síðar biskup, var þá þingaprestur þar og kenndi prestlingum fræðin.[502] Hann var reyndar prestur á fleiri stöðum í Skagafirði og hafði lærisveina víðar.

Guðshús, hverri stöðu sem þau gegndu gagnvart þjónustu, voru mismörg eftir prestaköllum og kirkjum, í það minnsta grafreitum, virðist hafa fækkaði á 12. og 13. öld. Sjá dæmi um þær á töflu IV á síðu 53. Lagaákvæði á 12. öld, sem virðast hamla gegn afhelgun kirkju[503], gætu hafa verið viðbrögð gegn viðleitni manna sem vildu hætta kirkjurekstri, hvort sem það var af völdum opinberrar gjaldheimtu og kvaða eða einhvers annars. Gjaldheimtuákvæði gætu hafa valdið því að bændur breyttu heimiliskirkjum sínum í bænhús í stað þess að leggja þær alveg niður. Einhverjar kirkjur og bænhús hurfu alveg. Dæmi um það eru í Keldudal, á Steinsstöðum og á Bjarnastöðum. Heimilisfólk þar hefur fengið leg í annarra grafreitum eftir að hætt var að jarðsetja í heimilisgrafreitina fyrir 1104.[504] Um leið eða skömmu eftir að hætt var að grafa í kirkjugarðana hurfu kirkjurnar af sjónarsviðinu. Hið sama er að segja um Mið-Grundarkirkju sem nefnd er bænhús í *Jarðabókinni* 1709. Hugmyndir manna um kirkjuhald hafa breyst eftir að kirkjan eignaðist heilu og hálfu jarðirnar. Hugsanlega fyrir daga þessara lagaákvæða.

[501] *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 138. Brottsöngur var messa sem sóknarprestur framkvæmdi á annarri kirkju en heimakirkju, s.s. á annexíum.
[502] *Grágás* (2001). Bls. 8. Neðanmáls segir að þing hafi verið prestakall.
[503] *Grágás* (2001). Bls. 10, 14-15, 18-19.
[504] Hægt er að greina misgömul gjóskulög í jarðlögum og nýta til aldursgreininga fornleifa. Grafreitir sem liggja undir ljósu öskulagi frá Heklu árið 1104, sem er auðþekkjanlegt í Skagafirði, eru auðgreindir.

Reykjakirkja á Reykjaströnd, sem var lögð niður á 13. öld[505] hefði gersamlega verið horfin úr sögunni hefði Grettissöguritari ekki nefnt hana. Þar er sagt að Reykjakirkja hafi verið færð til.[506] Einhverjir hafa viljað túlka flutninginn þannig að upphaf Fagraneskirkju megi jafnvel dagsetja þess atburðar.[507] Hann mætti þó fremur túlka þannig að kirkjan þar hefði verið orðin sóknarkirkja og þar með höfuðkirkja prestakallsins.

Venjan er að tala um eina kirkju í hverri sókn og eina eða fleiri sóknir í prestakalli. Á mótunartíma sóknaskipulagsins gætu hafa verið fleiri en ein kirkja (kapellur/bænhús), sumar með litla sem enga þjónustu, innan sókna. Þegar kirkjur voru munstraðar úr greftrunarþjónustu gæti lokaáfanginn hafa tengst sókna- og staðarmálum. Bæjum var „safnað“ í einingar, kirkjusóknir þar sem nokkrar jarðir lágu undir kirkjur með tíundum. Sóknir hafa sennilega tekið breytingum eftir geðþótta biskupa fyrstu aldirnar. Á 21 af þeim 36 kirkjustöðum sem Auðunarmáldagar nefna 1318 voru svokallaðir þingaprestar sagðir gegna þjónustu við aðrar kirkjur. Mönnum ber ekki saman um hvort þing þýddi sókn eða prestakall. Hafi þing þýtt prestakall og prestssetur verið þar sem sóknarkirkjur voru, eins og Gunnar F. Guðmundsson telur[508], má gera ráð fyrir 24 prestaköllum í Skagafirði í byrjun 14. aldar. Gunnar telur að einhver hluti alkirkna hafi ekki verið sóknarkirkjur og að bænhúsin hafi orðið tilgangslaus þegar skipað var í sóknir því þá misstu þau graftarréttindin og eigendur þeirra urðu að gjalda heimatíund og ljóstolla til sóknarkirkjunnar.[509] „Bænhus þar sem Biskup lofar söng ad hafa. Eiga þujlijkann rett ä sier. Og þyrmsl-

[505] *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 507.
[506] *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1084.
[507] Kristmundur Bjarnason (1992). *Sauðárkrókskirkja og formæður hennar*. Bls.10.
[508] Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 186
[509] Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 187-188.

ur sem adrar soknarkirkiur“[510] (Bænhús sem biskup leyfir að sé þjónustað á hefur sömu réttindi og skyldur og að Biskupsskipunum frá 1327. Orðalagið gefur til kynna að bænhúsin hafi haft sömu réttindi og aðrar kirkjur sem í sókn stóðu svo fremi að biskup leyfði að þær fengju prestsþjónustu.

Í *Sturlungu* er sagt frá falli Odds Þórarinssonar í Geldingaholtsbardaga árið 1255 og er hann sagður grafinn inn undir kirkjugarðinn á Seylu.[511] Tekið er fram að þar var ekki leyfður gröftur og því varla um sóknarkirkju að ræða. Seylukirkju var þjónað frá Geldingaholti 1318 og teknar 4 merkur fyrir eins og prestar tóku yfirleitt fyrir guðsþjónustur á alkirkjum.[512] Sama gjald tók Miklabæjarprestur fyrir að þjóna Úlfsstaðakirkju, Mælifellsprestur fyrir þjónustu í Héraðsdalskirkju og Vallaprestur af Akrakirkju.[513] Minni gjöld voru af veigaminni kirkjum. Höfðaprestur tók t.d. eina mörk af bænhúsum en Mælifells- og Víðimýrarprestar tóku tvær fyrir bænhúsaþjónustu, það sama og Flatatunguprestur tók fyrir þjónustu á hálfkirkjunni á Keldulandi á meðan Hofsprestur tók þrjár fyrir hálfkirkjuþjónustu.[514] Greftrun Odds inn undir kirkjugarðinn á Seylu var ekki vegna þess að þar var hætt að grafa heldur verður að taka mið af því að hann dó bannfærður og því mátti hvergi grafa hann í kirkjugarði. Menn hafa fyrst og fremst verið að koma honum til sáluhjálpar í helgi kirkjunnar, burtséð frá því að þeir urðu sjálfir sakhæfir við athæfið. Tveir grafreitir hafa komið í ljós á Seylu með um 50 m millibili. Annar var notaður á 11. öld, hinn fram á 13. öld, þannig að mögulega var nýhætt að grafa á Seylu þegar Oddur féll.




*Sóknamörk lágu þvert á hreppamörk og sóknir tóku breytingum í aldanna rás. Eitthvað varð til þess að árið 1395 var Miklabæjarprestur tekinn við að þjóna kirkju á Stóru-Ökrum af presti á Völlum sem þjónaði þar 1318. Hugsanlega má rekja það til breytts rennslis Jökulsár (Héraðsvatna). Meginkvísl árinnar, sem rann í Djúpafarvegi austan við Vallholtið og skipti hreppum, gæti hafa verið farin að valda usla á landi Valla og spilla verðmæti jarðarinnar eða að Pétur biskup Nikulásson hafi ákveðið að skipa prestssetrum með öðrum hætti en Auðunn biskup Þorbergsson gerði. Brotalínan sýnir hreppamörkin.*

Prestar þjónuðu guðshúsum í fleiri en einni sókn og í sumum tilvikum þvert á hreppamörk. Alkirkjan á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð í Akrahreppi heyrði undir Vallaprestakall í Seyluhreppi árið 1318. Vallakirkja missti spón úr aski sínum eftir miðja 14. öld þegar hún missti þjónustu við Akrakirkju og enn fremur þegar Vallnakirkja var felld undir undir Geld-

510 DI II (1893). Bls. 641.
511 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 516.
512 DI II (1893). Bls. 460-468.
513 DI II (1893). Bls. 462, 465, 466.
514 DI II (1893). Bls. 460, 462, 463, 466.

ingaholtsprestakall 15. öld. Sú skipan hélst þar til Holtskirkja var lögð niður á 18. öld. Á seinni hluta 14. aldar tóku Miklabæjarklerkar við að þjóna Akrakirkju, og bænhúsin á báðum Vallholtsbæjunum. Bæir í Vallhólminum og sunnan Djúpadalsár, eins og hún rann þá út fyrir ofan bæinn Réttarholt, hafa sennilega verið í Vallaprestakalli fram á 14. öld. Sóknarmörk og jarðaskiptabréf gefa hugmynd um rennsli Héraðsvatna um 1300, sem getur hafa haft úrslitaáhrif á breytta stöðu Vallakirkju í Vallhólmi.




*Kirkjusóknir og prestaköll hafa sennilega breyst töluvert frá fyrstu tíð. Á 14. öld þjónaði Sjávarborgarprestur guðshúsum á Sauðá og Gili í Borgarsveit og á Hellulandi, Utanverðunesi, Keflavík sem eru á norðanverðu Hegranesi (merkt s) en Geldingaholtsprestur þjónaði Ríp (merkt g), sem er á sunnanverðu Hegranesinu.*

Stundum þarf að greina hvar í sóknum bænhúsin voru. Þverárprestar á 14. öld þjónuðu á bæjum sem þá lágu til Þverárkirkju en tilheyra nú ýmist Flugumýrarkirkju- eða Hofsstaðakirkjusókn.[515] Þetta er ekki aðalatriði í rannsókn um kirkjur fyrir 1300 en nauðsynlegt er að hafa í huga að nefnd bænhús er ekki alltaf hægt að binda við núverandi sóknir, eða hreppamörk. Sóknamörk Reykjakirkju og Víðimýrarkirkju liggja sunnan bæjanna Krithóls (Gegnishóls) og Brenniborgar í Lýtingsstaðahreppi, sem tilheyrðu Víðimýrarsókn. Sjávarborgarprestakall lá þvert á hreppamörk á 14. öld.[516] Á milli 1528 og 1534 færði Jón Arason biskup Ásgrímsstaði og fleiri Hegranesbæi í Rípurhreppi úr Sjávarborgarprestakalli yfir í Ás- eða Rípurprestakall.[517] Þá þjónaði Geldingaholtsprestur bæjum á sunnanverðu Hegranesi. Tala gjaldskyldra bæja í sóknum var misjöfn og tekjum kirkna hefur því verið ójafnt skipt. Lög voru um að eyðibýli og öreigakot væru ekki ljóstollsskyld[518] þannig að einhver fjöldi sóknarbarna hefur ekki greitt nein kirkjugjöld. Einn gjaldskyldur bær í Flatatunguþingi 1318 gæti „vakið þá hugsun, að bæjum hefði fækkað þar í sókn, frá því að kirkjan var byggð. [...] Er því ofur eðlilegt, að ýmsar þeirra hafi í upphafi verið staðsettar án nokkurs tillits til þess, að þær gætu orðið miðstöð hæfilegrar kirkjusóknar“[519], sagði Þormóður Sveinsson fyrir hálfri öld og gæti hafa hitt naglann á höfuðið. Hann taldi að tala gjaldskyldra bæja í máldögunum væri „ekki tæmandi því þar kæmu aðeins fram hinar sjálfstæðu jarðir, eða lögbýlin, en ekki hjáleigur eða afbýli jarða. [...] Sóknirnar þurftu því ekki að vera eins fámennar og bæjatalan bendir til“.[520]

---

515 Sjá umfjöllun Þórs Hjaltalín um Hofsstaðakirkju í *Kirkjum Íslands* 6 (2004). Bls. 120-121.
516 DI III (1896). Bls. 430, 529.
517 DI IX (1909-1913). Bls. 374, 698.
518 DI III (1896). Bls. 472.
519 Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum“. Bls. 25.
520 Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum“. Bls. 27.

Fjöldi gjaldskyldra bæja í sóknum á tímabilinu 1318 til 1490 var nær hinn sami þannig að ákveðin festa var á fjölda þeirra. Sóknaskipanin virðist samt hafa verið breytingum háðar á öllum öldum. Árið 1478 tilheyrðu Tyrfingsstaðir á Kjálka Silfrastaðasókn[521] sem bendir til að Flatatungusókn hafi verið sameinuð Silfrastaðasókn þá um miðja öldina. Bæði Þormóður Sveinsson og Sveinn Víkingur töldu að Keta, Hvammur, Fagranes, Sjávarborg, Reynistaður, Glaumbær, Geldingaholt, Víðimýri, Vellir, Reykir, Mælifell, Goðdalir, Hof í Vesturdal, Ábær, Flatatunga, Silfrastaðir, Miklibær í Blönduhlíð, Flugumýri, Ríp í Hegranesi, Hofsstaðir, Þverá, Viðvík, Hólar, Miklibær í Óslandshlíð, Hof á Höfðaströnd, Höfði, Málmey, Fell, Barð, Stórholt (Stóra-Holt) og Knappsstaðir hefðu verið sóknarkirkjujarðir á 12. öld[522] sem er í samræmi við fjölda prestakalla í Auðunarmáldaga 1318. Ábendingar Sveins um mögulegar sóknarkirkjur á Sólheimum í Sæmundarhlíð, Seylu, Héraðsdal, Lýtingsstöðum, Gilhaga, Stóru-Ökrum, Gröf og Málmey eru hæpnari en ekki ómögulegar. Jafnframt er sennilegt að þar sem gjaldskyldir bæir virðast hafa haldist nokkurn veginn jafnmargir í flestum sóknum frá 14. til 15. öld megi reikna með að lítil breyting hafi orðið á jarðamati á þeim tíma en enginn veit hve langt aftur má rekja elsta matið. Jarðamatsupplýsingar finnast um 114 af þeim 131[523] kirkjujörðum sem við nú þekkjum. Mat er ekki auðfundið á 19 jörðum, sem flestar voru í eigu Hólastóls og þar af nokkrar sóknarkirkjujarðir.

Fornleifafræðingarnir Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson telja að kirkjur hafi verið fáar ef nokkrar á jörðum sem metnar voru undir 30 hundruðum.[524] Sú niðurstaða er á skjön við skagfirskan veruleika þar sem að af þeim 114 kirkjujörðum í Skagafirði, sem finnst mat á, voru 30 metnar á 20 hundruð eða minna. 44 ef horft er á jarðir sem metnar eru á 30 hundruð eða minna. Þeir félagar ganga út frá því að efnahagur bænda hafi ráðið um sameiginlegan grafreit þannig að fátækari býlin hafi leitað til hinna efnameiri.[525]




*Graf þetta sýnir jarðamat 114 kirkjujarða í Skagafirði miðað við 18. aldar jarðamat. Það sýnir 30 kirkjujarðir sem metnar eru á 20 hundruð eða minna.*




*Grafið sýnir 19. aldar jarðamat 102 jarða í Jarðabók Johnseens frá 1847.[526] Jarðamat hafði þá breyst frá því sem áður var á nokkrum jörðum. Ómetnar jarðir eru 23. Þar af eru níu sóknarkirkjujarðir: Keta, Hvammur, Reynistaður, Goðdalir, Hofsstaðir, Ríp, Hólar, Barð og Knappsstaðir.*

Niðurstöður kirkjurannsóknarinnar bendir til að meiri líkur séu á að fjölskyldu- og heimilistengsl hafi ráðið hverjir voru saman með grafreit á 11. öld heldur en efnahagsleg tengsl.

521 DI VI (1900-1904). Bls. 127-8.
522 Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*. Bls. 21.
523 Tvær þeirra eru 20. aldar kirkjur.
524 Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (2011). „Landscape of burial: Contrasting the Pagan and Christian Paradigms og burial in Viking age and medieval Iceland“. Bls. 57.
525 Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (2011). „Landscape of burial: Contrasting the Pagan and Christian Paradigms og burial in Viking age and medieval Iceland“. Bls. 60.
526 J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi.*

## II ELSTU GRAFREITIR

Stórfjölskyldan og hjúin lutu valdi húsbónda og nutu griða hans og vilja.[527] Trú á framhaldslíf og örlög sálarinnar var lykillinn að hegðun trúaðra á miðöldum.[528] Hvort sem manneskja var heiðin eða kristin varð að tryggja henni velferð eftir dauðann með því að fá henni leg í viðurkenndum grafreit. Húsbændur sáu sínu fólki fyrir slíkum legstað í grafreit fjölskyldunnar. Skyldan og sæmdin gátu hafa valdið því að bændur á 11. öld byggðu kirkjur og tóku ábyrgð á að fjölskyldan og hjúin fengju viðurkenndan legstað. Á 13. öld var enn skylda hvers manns að halda á lofti heiðri sínum og sinna nánustu[529] og hafði það lítið breyst frá því land var numið en grafsiðir og kristnihald höfðu hinsvegar breyst.

### Kristni í heiðnu umhverfi og öfugt

Heiðnir grafreitir, kuml og kumlateigar hafa fundist á fjórtán jörðum í Skagafirði.[530] Af þeim eru fimm þekktar kirkjujarðir: Miklibær í Blönduhlíð, Skíðastaðir á Neðribyggð, Sólheimar í Sæmundarhlíð, Vík í Víkurtorfu og Keldudalur í Hegranesi. Yfirleitt eru kumlin fjarri yngstu bæjarstæðum og kirkjugörðum. Lítið er vitað um hvernig breytingin varð milli heiðinna og kristinna greftrunarsiða og spurning er hvort finna megi grafreiti þar sem bæði heiðnir og kristnir liggja saman og hvort menn hafi vígt heiðna heimilisgrafreiti eftir kristnitökuna eða sett þá niður á svipuðum stöðum.[531] Heiðnir grafreitir voru utan túngarða.

Á árunum 2002-2003 fundust bæði heiðinn og kristinn grafreitur í Keldudal í Hegranesi. Þeir voru í um 500 m fjarlægð hvor frá öðrum og sá heiðni utan túns. Bein höfðu „verið fjarlægð úr a.m.k. einu kumlanna í kumlateignum“.[532] Hugsanlega voru þau flutt í kirkjugarðinn þegar hann var vígður. Þau gætu hafa verið úr kristnu fólki sem grafið var meðal heiðinna ættingja. Tvær beinagrindanna í kirkjugarðinum virtust ekki liggja á upphaflegum stað. Önnur virtist hafa verið færð í garðinn löngu eftir að beinin ein voru eftir, en þau voru grafin í kistu. Hin beinagrindin var í hrúgu í annarri gröf. Sú kistulagða greindist með elstu legbúum í garðinum og því er freistandi að ætla að hún hafi áður legið í kumlateignum.[533]

Sumarið 2006 voru kannaðar dysjaleifar á Hvammbarmi, austan Staðarár, í landi Holtsmúla. Vísbendingar eru um að þar hafi 11. aldar fólk verið graflagt. Rannsakaðar voru leifar þriggja einstaklinga. Heillegastar voru líkamsleifar konu sem lögð var til að því er virðist að kristnum hætti[534], sem leiddu hugann að þeim möguleika að heiðnir og kristnir hafi verið lagðir saman í grafreitinn án þess hægt sé að fullyrða nokkuð um það eða hvort kristnir siðir hafi verið farnir að hafa áhrif á heiðna greftrunarsiði. Blandaðir grafreitir eru þekktir. Í Englandi eru grafreitir frá 8. til 11. aldar þar sem menn hafa talið sig sjá mismunandi grafsiði í sama grafreit.[535] Á Mön er grafreitur þar sem heiðnir menn og kristnir hvíla saman.[536] Í Haug í Vesterålen í Noregi eru leifar lítillar torfkirkju sem hafði verið reist hjá heiðnum

---

527 Jón Viðar Sigurðsson (2000). „Gårds- og kirkestruktur på Island fram til ca. 1200“. Bls. 50.

528 Daniell, Christopher (1997). *Death and Burial in Medieval England 1066-1550*. Bls. 1, 175, 177.

529 Eva S. Ólafsdóttir (2005). „Heiður og helvíti. Sviðsetning dauðans í Sturlungu í ljósi kristilegra og veraldlegra miðaldarita“. Bls. 29.

530 Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Bls. 121. BSk. Ragnheiður Traustadóttir og Sigríður Sigurðardóttir (2005) *Kolkuós. Höfn og verslunarstaður á miðöldum*, án. bls.tals. Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Bls. 8.

531 Orri Vésteinsson (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, Power, and Social Change 1000-1300*. Bls. 39-45. Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Islandske storkirker før 1300“. Bls. 53.

532 Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Bls. 23.

533 Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Bls. 31-33.

534 Guðný Zoëga (2006). *Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði*. Áfangaskýrsla/55.

535 Hadley, D.M. (2002). „Burial Practies in Northern England in the Latea Anglo-Saxon Period“. Bls. 214, 223.

536 Sellevold, Berit J. (2004). „Trosskiftet og gravskikken i Norge: et spørsmål om kontinuitet“. Bls. 147.

grafreit frá 955-1255[537] og menn höfðu grafið kristna meðal heiðinna í einhvern tíma áður en grafreiturinn var vígður til kristni.[538]

Í nágrannalöndunum var líkbrennsla algeng á heiðnum tíma en hún er talin hafa horfið fyrir áhrif frá kristnum greftrunarsiðum í lok 10. aldar.[539] Brunakuml hafa ekki fundist hérlendis nema ef vera skyldi á Hulduhóli í Mosfellsdal þar sem fundust leifar brenndra mannabeina.[540] Ritheimildir um hvort menn reistu kirkjur þar sem hofin voru áður eru fáar og mistrúverðugar. Kristni saga nefnir dæmi um að menn hafi reist kirkju í Vestmannaeyjum þar sem áður var blótstaður[541] og í sögunni um Þórhall á Knappsstöðum í Stíflu í Skagafirði segir að hann hafi brotið niður hof sitt og byggt kirkju úr viðum þess. Rammheiðinn nágranni hans taldi víst að goðin myndu ærast þegar hann bryti niður hofið og átti von á búsifjum af þeirra völdum þegar þau fluttu sig frá Knappsstöðum. Svo fór þó ekki. Stíflumannahofið er nefnt í tengslum við kraftaverkasögur af Ólafi Tryggvasyni konungi og er helgisögn en í sögunni er ómur af minni um að kirkjur hafi átt sitt ákveðna sköpulag því konungbúinn draummaður Þórhalls mældi út grundvöll hennar með staf sínum.[542]

Brynleifur Tobíasson taldi að skagfirsku hofin hefðu verið á Hofsstöðum í Hofsstaðabyggð, Hofi í Hjaltadal hjá Hjalta Þórðarsyni, Hofi á Höfðaströnd hjá Höfða-Þórði og Hofi í Vesturdal.[543] Getgátur um fyrstu löggoða í Skagafirði, miðað við ættgöfgi, eru að þeir hafi verið Sæmundur suðureyski sem nam vestanverðan fjörðinn, Eiríkur í Goðdölum sem nam Skagafjarðardali og Þórður sem nam Höfðaströnd. Ekkert hofsörnefni er í landnámi Sæmundar en hugmynd Brynleifs er ágæt, einkum með tilliti til ágiskunar Sveins Víkings um að Sæmundur suðureyski hafi verið kristinn.[544] Menn hafa deilt um tilveru hofanna. Í Skagafirði hafa staðið kirkjur á öllum jörðum sem bera hofs-nöfn, á Hofi í Vesturdal, Hofi í Hjaltadal, Hofi á Höfðaströnd og Hofstöðum í Hofsstaðabyggð.

**Greftrun kristinna**

Í ritinu *Kristni á Íslandi* segir Hjalti Hugason að: „þegar nokkuð kom fram á 11. öld tóku bændur í vaxandi mæli að reisa „graftarkirkjur“ í heimagrafreitum sínum. Skýrir þetta hlutverk kirknanna þann fjölda guðshúsa sem sýnt þykir að hafi risið fyrir 1100“.[545] Orð hans má skilja þannig að fólk hafi fengið vígða grafreiti áður en kirkjur risu. Ekki verður loku fyrir það skotið. Talið er að grafreitir í Birka og Såntorp í Vesturgautlandi í Svíþjóð og Grødby á Borgundarhólmi hafi fyrst verið án kirkju.[546] Ekkert hefur enn komið fram sem gefur vafalausa niðurstöðu um að svo hafi verið hér um slóðir.

Í Eiríks sögu rauða segir að á Grænlandi hafi menn verið staursettir eftir að kristni var upp tekin. „Menn voru grafnir þar á bæjum, er menn önduðust, í óvígðri moldu. Skyldi setja staur upp af brjósti en síðan er kennimenn komu til þá skyldi kippa upp staurnum og hella þar í vígðu vatni og veita þar yfirsöngva þótt það væri miklu síðar.“[547] Ekki er minnst á

537 Sellevold, Berit J. (2004). „Trosskiftet og gravskikken i Norge: et spørsmål om kontinuitet“. Bls. 153-6.
538 McNicol, John (1997). *Plassering av de første kirkene i Norge i forhold ti de første kultstedene. En historiografisk studie omfattende tiden etter 1830*. Bls. 156, 164.
539 Jón Viðar Sigurðsson (2003). *Kristninga i Norden 750-1200*. Bls. 21. Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Bls. 477. Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Bls. 158.
540 „Forstöðumaður Fornleifastofnunar Íslands um uppgröft á Hrísbrú í sumar“ (2002). *Morgunblaðið* 21. ágúst 2002.
541 *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 30.
542 *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 488-490. *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 157-8.
543 Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum*. Bls. 15.
544 Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*. Bls. 62.
545 Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Bls. 189.
546 Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia*. Bls. 268.
547 *Íslendingasögur og þættir I* (1987). Bls. 328. Eiríks saga rauða, 6. kafli.

staursetningu í kristnirétti en í hinum norsku 12. aldar Gulaþingslögum segir: „En þá er prestur kemur heim, þá skal staura niður á kistu og steypa helgu vatni í“.[548] Staursetning þekktist fram á 19. öld. Séra Sveinn Víkingur og Þór Magnússon fyrrum þjóðminjavörður hafa talið líklegt að 11. aldar menn hafi staursett lík á meðan ekki var búið að vígja grafreit fyrir heimilið.[549]

Fátt er sagt um greftrunarsiði í ritheimildum. Í Kjalnesingasögu er sagt frá því að Helga Þorgrímsdóttir hafi látið grafa Búa, mann sinn, í kirkjugarði þeim sem tilheyrði Esjubergskirkju sem sagt er að Örlygur Hrappsson hafi byggt á 10. öld, en Búi var skírður til kristni.

> Þá stóð enn kirkja sú að Esjubergi er Örlygur hafði látið gera. Gaf þá engi maður gaum að henni. En með því að Búi var skírður maður en blótaði aldrei þá lét Helga húsfreyja grafa hann undir kirkjuveggnum hinum syðra og leggja ekki fémætt hjá honum nema vopn hans.[550]

Sagan er líklega skáldsaga en athyglisvert er að þarna glittir í greftrunarsið sem laut að því að karlar lágu sunnan kirkju en konur norðan hennar[551] og væntanlega að sá siður hafi verið þekktur á ritunartíma sögunnar. Sömuleiðis að skírður maður en sennilega blendinn í trúnni var lagður í vígða jörð að heiðnum hætti, með vopnum sínum.

Tafla IV sýnir tólf 11. og 12. aldar kirkjujarðir sem hafa verið staðfestar með fornleifarannsóknum. Að auki var grafreitur á Hofi í Hjaltadal sem hætt var að grafa í á 13. eða 14. öld. Líkur eru á að kirkjugarðar frá 11. og 12. öld felist á flestum stöðum þar sem mannabein hafa komið úr jörðu, eins og í Hjaltastaðahvammi þar sem fór fram rannsókn í kjölfar jarðrasks sem leiddi í ljós mannabein, úr fornum kirkjugarði.[552]

Byggð var þéttari í Skagafirði á 11. öld en hún varð seinna.[553] Um það vitna fornleifar í framdölum Skagafjarðar og víðar. Átta bæir teljast hafa verið í byggð á Víðidal á Staðarfjöllum frá því um 900 og fram á 13. öld, tólf til fjórtán í

*Tafla IV. Staðfestir 11. og 12. aldar grafreitir*

| **Nafn jarðar** | **11. öld** | **12. öld** | **Elstu heimildir / aðrar heimildir** |
|---|---|---|---|
| Skíðastaðir í Laxárdal | X | X | Fornleifar/jarðaskiptabréf frá 1388 |
| Sauðá í Borgarsveit | X | | Fornleifar/máldagi frá 1393 |
| Seyla á Langholti | X | | Fornleifar |
| Seyla á Langholti | | X | Fornleifar/Sturlunga 1255/máldagi 1318 |
| Steinsstaðir í Tungusveit | X | | Fornleifar |
| Mið-Grund í Blönduhlíð | X | | Fornleifar/örnefni/Jarðabók 1713 |
| Keldudalur í Hegranesi | X | | Fornleifar |
| Garður í Hegranesi | X | X | Fornleifar |
| Bjarnastaðir í Kolbeinsdal | X | | Fornleifar |
| Neðri-Ás í Hjaltadal | X | ? | Fornleifar/Biskupasögur/örnefni |
| Ósland, Óslandshlíð | X | X | Fornleifar/örnefni/1591 |
| Höfði á Höfðaströnd | X | X | Fornleifar |
| Ysti-Mór í Flókadal | X | | Fornleifar/máldagi 1480 |

548 *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 14.
549 Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*. Bls. 97. Þór Magnússon (2007). *Á minjaslóð*. Bls. 161.
550 *Íslendinga sögur og þættir* II (1987). Bls. 1459. Örlygur Hrappsson, var norskur að ætt en hann var sagður skírður til kristni á Suðureyjum og hafa reist sér kirkju á Esjubergi á 10. öld. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II* (1896). Bls. 68.
551 *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 345.
552 Björn Sigfússon (1957). „Skriðan varð grafreitur“. Bls. 257-262.
553 Árni Daníel Júlíusson (1995). *Bønder i pestens tid. Landbrug, godskift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Bls. 91-2.

Vesturdal og um þrjátíu í Austurdal.[554] Eyðibyggðir hafa ekki verið kannaðar með tilliti til kirkjujarða á 11. öld, sem gætu hafa verið fleiri en hingað til hefur verið talið. Dæmi um óvænta kirkjujörð í eyðibyggð er Bjarnastaðir í Kolbeinsdal, sem fór í eyði á 19. öld.

**Kirkjugarðar fyrir kristniréttartíma**

Sagt hefur verið að hinn íslenski söfnuður hafi verið höfuðlaus her þar til hann eignaðist eigin biskup árið 1056 og jafnvel að kristnun landsins hafi staðið í „eina og hálfa öld eftir hina eiginlegu kristnitöku“[555], sem þýðir þá væntanlega að þá fyrst megi búast við að sjá festu í kristnum athöfnum. Snorri Sturluson skrifaði á 13. öld að í Noregi hefðu menn verið skírðir á 11. öld en kristin lög hefðu verið „ókunn flestum mönnum“.[556] Orð Snorra um þá norsku tilveru eru ekki í samræmi við merkjanlegar hugmyndir 11. aldar íbúa í Keldudal í Hegranesi um greftrunarsiði. Þeir fylgdu ákveðnum reglum um greftrun og virðast hafa vitað nákvæmlega hvernig þeir áttu að haga sér. Merkilegra er að gjörðir þeirra eru ekki í samræmi við 12. aldar lagaákvæði. Freistandi er að bera saman fornleifar og ákvæði elstu ritaðra regluverka og lagabreytinga. Ef tilhögun sú sem lögin miða við er önnur en sú sem jörðin geymir eru fornleifarannsóknir lykillinn að upplýsingum um hvernig menn höguðu greftrun fyrir þann tíma og hverju menn vildu breyta. Í kristnirétti er presti og kirkjueiganda leyft að taka gjald fyrir jarðarfarir. Þar með var það hagsmunamál fyrir kirkjueigendur að hafa graftarleyfi biskups.[557] Völd hans styrktust við það og þeirra sem hann hafði undir væng sínum.

Samkvæmt kristnirétti átti að færa lík til kirkju þar sem það átti „lægt“ og þar sem biskup gaf graftarleyfi. Ef biskup leyfði tilfærslu eða afnám kirkju varð að færa allt sem henni tilheyrði til sóknarkirkju. Einnig beinin úr kirkjugarðinum.[558] Í *Sturlungu* er sagt að það hefði einmitt verið gert þegar kirkjan á Reykjum á Reykjaströnd var færð til á 13. öld.[559] Sami vitnisburður er í Grettissögu. Eftir dráp Grettis og Illuga voru lík þeirra færð „út til Reykja á Reykjaströnd og [grafin] þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafin upp bein Grettis“.[560] Skýrara verður það ekki og menn voru sakhæfir ef þeir færðu ekki bein úr kirkjugarði þegar kirkja var lögð niður. Umsagnir um flutninga á beinum Grettis eru að auki merkilegar í ljósi þess að sakamenn (hér útlagi) virðast hafa fengið leg í kirkjugörðum á 11. öld.

Uppgröftur í Keldudal í Hegranesi 2002-2003, könnun á Steinsstöðum í Tungusveit sumarið 2008 og á Hegranesþingstað 2009 leiddu í ljós kirkjugarða þar sem menn höfðu verið lagðir til og lágu enn, að undanskildum þremur gröfum í Keldudalskirkjugarði. Enginn kirkjugarðanna sem rannsakaðir hafa verið virðast snortnir af ákvæði um beinaflutninga. Annaðhvort hefur það ekki gilt þegar þeir voru í notkun eða að menn hafa látið sig það engu skipta, eins og Jón Steffenssen taldi líklegt.[561] Undantekning er þó í Keldudalskirkjugarði, eins og áður er sagt. Þar voru 53 heillegar grafir með beinagrindum a.m.k. þriggja kynslóða. Um 70% þeirra voru í þröngum, einföldum og efnislitlum stokklaga kistum.[562] Úr þremur gröfum höfðu bein verið fjarlægð, sem geta verið dæmi um flutning úr garðinum. Ein tönn var í einni gröfinni, í annarri voru aðeins hnéskeljarnar og sú þriðja var galtóm. Hvert þessir legbúar voru færðir er óvíst. Hugsanlega til

554 *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 165; III (2004). Bls. 329: *IV* (2007). Bls. 550.

555 Torfi K. Stefánsson Hjaltalín (2012). *Íslensk kirkjusaga*. Bls. 36.

556 Snorri Sturluson (1944). *Heimskringla* II. Bls. 269.

557 Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist“. Bls.78. Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 84.

558 *Grágás* (2001). Bls. 11.

559 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 507.

560 *Íslendingasögur og þættir* II (1987). Bls. 1084.

561 Jón Steffensen (1967). „Ákvæði kristinna laga þáttar um beinafærslu“. 76-77.

562 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 37, 21.

sóknarkirkju. En hvers vegna voru þá ekki allir legbúar í garðinum fjarlægðir? Töldu menn nóg að færa fólk af þeirri kynslóð sem grafin var á sama tíma eða eftir að ákvæði um flutning beina úr kirkjugarði voru sett, ef kirkja var lögð niður? Ákvæði um beinaflutninga hafa sennilega fyrst verið sett með kristnirétti og því ekki náð til kirkjugarða sem voru eldri.

Kynjaskipting var greinileg innan garðs. „Konur lágu norðan megin kirkju, karlar sunnan við"[563] og kistulaus hjú utarlega í garðinum. Lík virtust síður lögð í kistur utanvert í Keldudalsgarði. Vera kann að þar glitti í reglu sem fram kemur í eldri Eidsivaþings (Heiðsævisþings) kristnirétti, um að karlar ættu að liggja sunnan kirkju og konur norðan við og að heldra fólk ætti að grafa næst kirkju, en næst kirkjugarði ætti að grafa „manna mann oc ambattir".[564] Sama ákvæði er í Borgarþings- og Víkurkristnirétti hinum norska frá 12. öld, sem segir að kirkjugarði skuli skipta í fernt eftir stéttum: lenda menn, hölda börn, leysingja og þeirra börn og sjórekna norræna menn.[565] Stéttskiptir grafreitir hafa fundist víða í Evrópu. Bæði í Englandi og Skandinavíu eru dæmi um að lægra sett almúgafólk hafi fengið leg í útjaðri grafreita.[566] Í sumum tilvikum út af




*Kirkjugarðurinn er að stofni til frá því á fyrri hluta 11. aldar og hafi verið lagður af snemma á 12. öld. Garðurinn umhverfis var hlaðinn á fyrri hluta 11. aldar og endurbættur stuttu eftir aldamótin 1100. Teikning. GZ.*

563 Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007.* Bls. 20.

564 *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 391.

565 *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 345.

566 Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia.* Bls. 266-7.

fyrir sig eins og í Englandi þar sem fundist hafa grafreitir kristins fyrirfólks, sem voru í notkun frá því um 650 og fram á 10. öld.[567] Ákvæði um kynja- og stéttskipta kirkjugarða eru ekki í íslenskum kristnirétti. Þvert á móti er sagt að leg séu jafndýr hvar í kirkjugarði sem er[568] og hvort sem þau voru „Nær eda fiær"[569] kirkju, segir í skrá frá 1275 úr gömlum kirkjulögum.

Keldudalskirkjugarður og aðrir garðar sem rannsakaðir hafa verið bera hvorki vott um ringulreið né vanþekkingu á greftrunarsiðum.[570]

Um hið sama vitnar sá gjörningur manna að fylla í og slétta kirkjugarða sína áður en farið var að grafa í þá. Það gerðu menn m.a. í kirkjugörðunum í Keldudal, við Hegranesþingsstað, á Skíðastöðum í Laxárdal, Mið-Grund í Blönduhlíð og Seylu á Langholti.[571] Elstu kirkjugarðar gætu allir hafa verið kynjaskiptir þar til að tekið var fyrir það í lögum[572] en kynjaskiptingar gætti í sætaskipan inni í kirkjunum fram á 19. öld og enn við sum brúðkaup. Ákvæði kristniréttar um að legstaðir ættu að vera jafndýrir hvar sem væri í garði gætu mögulega vísað til þess að menn hafi viljað taka fyrir stétta- og kynjaskiptingu í kirkjugörðum þegar sóknakirkjugarðarnir urðu að taka við fólki frá mörgum bæjum. Hugsanlegt er að húsbændasæmdinni hafi verið fullnægt með þeim hætti að enginn var rétthærri en annar með legstað í sameinuðum grafreit sóknarinnar.

Í Keldudal voru smábörn grafin í kistum og sem næst kirkjunni. Sennilega eftir kynjum eins og hinir fullorðnu. Lítið barn, fyrirburi, virtist liggja innan kirkju. Sennilega óskírður. Legstaður hans vekur upp spurningu um stöðu barna í frumkristni og hvort kirkjugarðurinn beri vott um að ákvæði um að óskírðir fengju ekki leg í vígðum görðum hafi ekki verið sett fyrr en með kristnirétti. Fyrirburinn gæti þó hafa verið grafinn eftir að kirkjan var aflögð.

---

567 Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia.* Bls. 266.
568 *Grágás* (2001). Bls. 7.
569 DI II (1893). Bls. 128.
570 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla.* Bls. 8-10.
571 Guðný Zoëga, sem stýrir fornleifarannsóknum á kirkjustöðum á Skagafirði, segir áberandi að menn hafi sléttað yfirborð kirkjugarðanna bæði fyrir og eftir notkunartíma þeirra.
572 *Grágás* (2001). Bls. 7.

## III MINNI OG MINJAR
### Merki fornra kirkjugarða

„Garður of kirkju merkir varðveislu“[573], segir í *Íslensku hómilíubókinni*, sem talin er rituð um 1200. Á 13. öld var helgi höfuðkirkju „xl. skrefa. öllvm megin vt fra ser. En hver kapella xxx. skrefa“.[574] Sé miðað við rómverska lengdareiningu var skrefið 1,48 m. Samkvæmt því áttu kirkjugarðar að vera 59,2 m í radíus út frá höfuðkirkjum en 44,4 m frá kapellum (minni kirkjum). Hafi hinsvegar verið miðað við að skref væri ein armlengd eða 80 cm var helgi kirkjunnar 32 m og 24 m.[575]

Elstu kirkjugarðar virðast yfirleitt hafa verið hring- eða sporöskjulaga, 16-22 m í þvermál með hlöðnum torf- og eða grjótveggjum umhverfis. Sumir telja að hringform kirkjugarða megi rekja til keltneskra áhrifa þar sem þeir eru vel þekktir á Írlandi[576] en hringformið er og hefur verið heilagt form tengt eilífðinni hjá fjölda trúar- og menningarhópa og þekkt bæði á heiðnum og kristnum grafreitum um öll Norðurlönd, á Grænlandi, Englandi og meginlandi Evrópu.[577] Þeir grafreitir sem rannsakaðir hafa verið á undanförnum árum í Skagafirði eru allir hringlaga. Hið sama kom í ljós við fornleifaskráningar á 19 kirkjörðum í Austur-Barðastrandasýslu.[578]

Kirkjan og kirkjugarðurinn í Keldudal voru umlukin hringlaga vegg. Grjótröð markaði útbrún undirstöðu veggjarins en hann var annars hlaðinn úr klömbruhnaus og streng. Sömu ummerki voru á hringlaga kirkjugörðum við Hegranesþingsstað, á Skíðastöðum í Laxárdal, á Seylu og víðar. Spurning er hvort hægt sé að meta aldur kirkjugarða eftir því hvort þeir eru hringlaga eða ekki og hvort ekki hafi verið til timburgirtir kirkjugarðar? Hið fyrra gæti reynst auðveldara að kanna heldur en hið síðara. Ferhyrndir kirkjugarðar hafa einnig verið þekktir, a.m.k. frá því um 1300.[579]



*Loftmynd af Hegranesþingstað. Lengst til vinstri á myndinni sést hringform 11. til 12. aldar kirkjugarðs, sem hafði verið talinn dómhringur. Tóftir þingbúðanna sjást vel. Túngarðurinn, sem liggur frá kirkjugarðinum og upp í landið, er frá seinni tíma býli. Myndina tók Hjalti Pálsson.*



*Mynd frá Keldudalskirkjugarði sem var í notkun fyrir 1100. Mynd. GZ.*

Ástæða er til að skoða hvort grafreitir finnist þar sem garður hefur ekki verið hlaðinn strax, eins og á Skíðastöðum í Laxárdal. Sá garður gæti fyrst hafa verið afmarkaður með tréverki.

---

573 *Íslensk hómilíubók* (1993). Bls. 151.

574 DI II (1893). Bls. 127.

575 *Íslensk orðabók M-Ö* (2002). Bls. 1351.

576 Keller, Christian. *The Eastern Settlement Recornsidered. Some Anlyses of Norse Medieval Greenland* (1989). Bls. 191-2. Steinunn Kristjánsdóttir (2004). *The Awakening of Christianity in Iceland.* Bls. 137.

577 Brendalsmo, A. Jan (2000). „De dødes landskap. Måtte man begraves ved sognekirken i middelalderen?“. Bls. 165-6, 174-5.

578 Stefán Ólafsson (2009). *Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandasýslu.* Bls.5.

579 Mjöll Snæsdóttir (1987). „Kirkjugarður að Stóru-Borg undir Eyjafjöllum“. Bls. 10.

*Tafla V. Hringlaga grafreitir*

| **Jörð** | **Innanmál** | **Aldur** | **Sést** |
|---|---|---|---|
| Skíðastaðir í Laxárdal | Um 20 m | 12. til 13. öld | Á vettvangi |
| Reykir á Reykjaströnd | | Óþekktur | Ekki |
| Fagranes á Reykjaströnd | | Óþekktur | Loftmynd |
| Geldingaholt | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Seyla á Langholti | Um 17 m | 11. öld | Jarðsjá |
| Seyla á Langholti | Um 17 m | 12. öld | Jarðsjá og loftmynd |
| Vellir í Vallhólmi | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Álfgeirsvellir á Efribyggð | | Óþekktur | Loftmynd |
| Skíðastaðir í Neðribyggð | | Óþekktur | Loftmynd |
| Mælifell í Fremribyggð | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Gilhagi í Fremribyggð | | Óþekktur | Loftmynd |
| Goðdalir í Vesturdal | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Mið-Grund í Blönduhlíð | Um 22 m | 11. öld | Á vettvangi |
| Ásgrímsstaðir í Hegranesi | | | Merki kirkjugarðs á 19. öld |
| Keldudalur í Hegranesi | Um 17 m | 11. öld | Í uppgreftri |
| Garður í Hegranesi | Um 25 m | 11.-12. öld | Á vettvangi |
| Viðvík í Viðvíkursveit | | 20. öld | Á vettvangi |
| Kálfsstaðir í Hjaltadal | | 20. öld | Merki kirkjugarðs 1942 |
| Hof í Hjaltadal | | 13. öld | Ekki |
| Neðri-Ás í Hjaltadal | | 11. öld | Ekki |
| Sleitustaðir í Kolbeinsdal | | Óþekktur | Merki kirkjugarðs 1914 |
| Ósland í Óslandshlíð | | 11. öld | Merki kirkjugarðs f. 1950 |
| Gröf á Höfðaströnd | Um 20 m | Óþekktur | Á vettvangi |
| Höfði á Höfðaströnd | Um 17 m | Óþekktur | Á vettvangi |
| Málmey á Skagafirði | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Bræðrá í Sléttuhlíð | | Óþekktur | Á vettvangi f. 1970 |
| Skálá í Sléttuhlíð | | Óþekktur | Merki kirkjugarðs 1839 |
| Ysti-Mór í Flókadal | Um 20 m | 11.-12. öld | Á vettvangi |
| Ríp í Fljótum | | Óþekktur | Á vettvangi |
| Reykjarhóll í Fljótum | | Óþekktur | Merki kirkjugarðs 1709 |
| Lambanes í Fljótum | | Óþekktur | Merki kirkjugarðs á 20. öld |
| Slétta í Fljótum | | Óþekktur | Merki kirkjugarðs 1841 |

## Grafreitir í húsarústum og kirkjuflutningar

Þegar grafið var á Steinsstöðum sumarið 2008 í grafir tveggja einstaklinga sást „í báðum gröfunum að þar hafði verið grafið í gegnum íveruhús, líklegast leifar skálans sem þarna hefur staðið á Landnámsöld. Grafirnar höfðu verið teknar í gegnum þak- og veggjatorf og gólfskán allt niður á jökulleir neðan óhreyfðrar gulleitrar forsögulegar Heklugjósku“.[580] Kirkjugarðurinn virðist hafa snemma á 11. öld verið settur ofan í 10. aldar „skálabyggingu sem annaðhvort hefur verið fallin eða rutt um til að koma garðinum fyrir“.[581] Hluti hans virtist hafa verið aflagður eða sléttaður nokkru áður en 1104 gjóskan féll. Grafreitirnir í Keldudal og í Neðra-Ási í Hjaltadal virtust einnig settir ofan á eldri húsarústir.

[580] Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 12-13.

[581] Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Bls. 16.

Komið hefur í ljós að híbýli manna hafa víða verið færð til á 11. til 13. öld. Bændur á Seylu, Glaumbæ og Keflavík í Hegranesi færðu hús sín til fyrir 1104 og fyrir 1300 í Torfgarði, Grófargili, Reynistað og víðar.[582] Í rannsókn á Gili í Borgarsveit 2009 „virðist sem bæjarstæðið kunni að hafa verið sunnar en leifar þess sem enn sjást á yfirborði. Séu þetta leifar íveruhúss [...] hefur bærinn staðið við áætlaðan kirkjugarð“[583] fyrir 1104. Ástæður fyrir tilfærslu húsa geta verið margar, s.s. breyttar búskaparaðstæður. Menn hafa sennilega bæði fært bæjarhús og kirkjur til á jörðum eftir því sem best þótti. Í Seylu eru glögg merki um tilfærslur kirkju innan jarðar og þótt miklu seinna sé má lesa það af minnisblöðum Guðbrands biskups Þorlákssonar bæði 1591 og 1593 að tvær kirkjur stóðu á Óslandi samtímis. Hann sagði lás vera á hurð fyrir fornu kirkju og telur upp timbur sem hann á bæði í nýju kirkju og fornu eða gömlu kirkju sem hann kallar svo.[584] Hafi báðar kirkjurnar staðið samtímis hefur sú nýja risið á öðrum stað en sú gamla.

Sagan um tilfærslu Atlastaðakirkju í Laxárdal lifir og er merkilegt minni um aðgerðir sem menn stóðu í þegar kirkjur voru lagðar niður og færðar til og önnur tók við hlutverkum hennar. Sögnin er sú að kirkjan hafi fyrst verið reist á Skíðastöðum og flutt þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm, eins og segir í sóknarlýsingu frá 1840.[585] Hugsanlega var um sams konar gjörning að ræða eins og þegar kirkja á Reykjum á Reykjaströnd var lögð niður 1254[586] og Fagraneskirkja tók við öllum hennar hlutverkum og eignum. Vafalaust má tengja þessar tilfærslur við afskipti kirkjuyfirvalda og ráðslag við upphaf sóknarkirkjuvæðingar nema tilfærslur elstu kirkja hafi tengst búsetuflutningum. Atlastaðakirkja má vel njóta vafans þar sem bæði sagnir um kirkjuna og sagnir um kristna ábúendur haldast í hendur, þótt flokka megi báðar undir þjóðsögur. Sagnir um Atlastaðakirkju eru ekki mikið ósennilegri en um Reykjakirkju.

Þrettándu aldar sögn var um að Ferjuhamarskirkja í Hegranesi hefði verið flutt að Ásgrímsstöðum, sem fóru í eyði fyrir siðbreytingu. Skjöl voru til um þetta á 19. öld en þau eru nú týnd.[587] Sveinn Víkingur, Jón Normann og Sveinn Níelsson álitu skjölin fullnægjandi og hið sama gerir jarðeigandi í upphafi 21. aldar.

Tveir hringlaga grafreitir eru á Seylu á Langholti. Annar frá 11. öld, hinn frá 12. til 13. öld. Bænhús stóð á Seylu fram yfir siðbreytingu, suður frá bæjarhólnum, sunnan bæjarlækjar.

Annar sést á yfirborði en hinn kom fram í jarðsjá. Grafreitirnir eru dæmi um að bæði grafreitir og kirkjur hafi verið færðar til. Bæði bæjarhús og grafreitur hafa verið færð upp á brekkubrúnina þar sem bærinn stóð fram á miðja 20. öld. Hver sem ástæðan var fyrir því að Seylubændur fluttu íbúðarhús, ásamt kirkju og kirkjugarði, upp á næstu hæð er ljóst að þeir gerðu það óháð kristniréttarákvæðum um að ef kirkja og garður væru flutt til ætti að flytja allt með þeim, þ.m.t. beinin. „Kirkjugarðarnir [...] virðast ekki hafa verið í notkun á sama tíma og því ekki óvarlegt að álykta að efri garðurinn sé því í framhaldi af þeim neðri“.[588]

---

582 Steinberg, John M. og Bolender, Douglas (2004). „Rannsóknir á búsetuminjum í Skagafirði“. Bls. 117, 123. *Ársskýrsla fyrir Byggðasafn Skagfirðinga* (2008). Bls. 13.

583 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 17.

584 Þjskj.*Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar*, óútgefin (ljósrit). Þjóðskjalasafn, Kansellí KA-52, 1795. Nr. 16. Bls. 13 og nr. 266. Bls. 213, 214.

585 *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla*. Bls. 17. *Kirkjur Íslands* 5 (2005). Bls. 53. Sóknarkirkjulýsing ágæt sögn um hvernig kirkjum fækkar.

586 *Sturlunga saga* I (1946). Bls. 507.

587 *Helluland í Hegranesi. Örnefnaskrá Jóns Normanns* (óársett). Án bls.tals. Sveinn Níelsson, 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Bls. 242 (neðanmáls).

588 Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*. Bls. 24.

Þarna er kirkjan reyndar flutt til innan sömu jarðar en ekki milli jarða eins og á Reykjum og Fagranesi, Atlastöðum og Hvammi.




*Jarðsjármynd þessi sýnir 11. aldar kirkjugarð skammt fyrir austan þann yngri (á hinni myndinni) á Seylu og liggur þessi lægra í landinu. Birt með leyfi Brian Damiata/SASS.*



*Seyla. Jarðsjármynd er felld ofan í loftmyndina og sýnir hringlaga garð utan um ferning þar sem kirkjan hefur staðið á yngra tímaskeiðinu. Mynd, birt með leyfi John Steinberg/SASS.*

## Munnmæli og örnefni

Um eða fyrir aldamótin 1100 slepptu eða misstu einhverjir kirkjueigendur réttindi til greftrunar og fengu eftir það þjónustu og leg hjá þeim kirkjum sem biskupar mæltu fyrir um og urðu sóknarkirkjur. Kirkjugarðar hurfu úr notkun en mörg kirkjuhúsin voru notuð áfram sem bænhús fyrir heimilið. Helgi garðanna gæti hafa haldist í einhvern tíma eftir að hætt var að grafa í þá. Í Færeyjum lögðu konur óskírð börn, sem þær misstu, í gömlu kirkjugarðana fremur en á óvígðan stað.[589] Engar sagnir eru um hvort þannig var háttað hérlendis en til var að menn vöruðust að ágangur væri mikill í gömlum kirkjugörðum. Hugsanlega er fyrirburinn sem jarðaður var innan kirkju eða í kirkjutóftina í Keldudal dæmi um þetta háttalag. Forvitnilegt væri að vita hvort gamlir verndaðir reitir og álagablettir frá fyrri öldum, eins og þar sem bannað var að slá eða raska á, gætu hafa verið grafreitir í öndverðu. Heimildir um fornar kirkjur og kirkjugarða hafa geymst í minni kynslóðanna. Þess vegna skiptir samanburður fornleifa- og örnefna máli fyrir hugsanlegar staðsetningar guðshúsa og grafreita frá fyrstu öldum. Örnefni tengjast víða minjum eins og í Neðra-Ási, Óslandi og á Ysta-Mói.

Ábúendur á Hafsteinsstöðum haldið fram að þar hafi kirkja staðið til forna.[590] Hafsteinsstaðir var stórbýli á 13. öld og ein af stofnjörðum nunnuklaustursins á Stað (Reynistað) 1295. Það eina sem hugsanlega getur bent til að þar hafi verið kirkja er að engin leiga var tekin af jörðinni.[591] Tollar heimafólks gætu því hafa runnið til heimakirkju. Um miðja 20. öld og aftur 1987 þegar grafið var syðst á gamla bæjarhólnum komu upp mannabein[592] sem vitna um fornan grafreit. Ómögulegt er að fullyrða nokkuð um kirkju á Hafsteinsstöðum. Munnmæli sem vitna um kirkjur ber að taka með varúð en ekkert má afskrifa án athugana.

Í fljótu bragði mætti ætla að kirkjutengd örnefni væru til og skráð á öllum núverandi kirkjustöðum, í það minnsta kirkjugarður. Svo er þó ekki, hver sem skýringin er á því. Hún

589 Hansen, Steffen Stumman and Sheehan, John (2006). „The Leirvik ´Bønhustoftin´ And The Early Christianity Of The Faroe Islands, And Beyond“. Bls. 29-30.
590 *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 119.
591 DI II (1893). Bls. 301, 398.
592 *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 119.

kann að velta á fyrirmælum skrásetjara. Örnefni geta reynst vel í leit að fornkirkjum. Örnefnið Kirkjugarður og bæjarnafnið Kirkjugrund vitnuðu um kirkju á Mið-Grund, þar sem búið er að staðfesta 11. aldar grafreit. Ástæða þess að grafið var að Neðra-Ási árið 1998 var sögn um elstu kirkju í Skagafirði og örnefnið Bænhús. Á Seylu er örnefnið Kirkjuvöllur austan við þar sem síðasta kirkjan stóð[593] og nær yfir óskilgreint svæði, sem reyndar vill svo til að nær yfir flatann þar sem eldri kirkjan fannst. Hvort örnefnið er komið af yngri eða eldri kirkjunni er ómögulegt að segja. Sum örnefni vísa til messuferða og má í því samhengi benda á Messuvað á Gautsstaðavatni í Stíflu[594], Kirkjuvað á Laxá í landi Hvamms,[595] Messuholt í landi Kimbastaða og Messuklöpp í Glaumbæjarlandi.[596]

Það kann að þykja langt seilst að taka með munnmæli um bænhús á Ríp í Fljótum, sem höfð voru eftir gamalli konu við skráningu örnefna í Stóra-Holti. Sú saga verður þó að fá að njóta vafans, á sama hátt og sögur um kirkjur á Atlastöðum og á Reykjum, einkum í ljósi þess að þar hafa hugsanlega fundist búsetuleifar frá landnámstíma.[597]

Munnmælasaga frá 18. öld er um kirkju á Klaustri (Hraunþúfuklaustri) fremst í Vesturdal. Sögn er um smalamann sem fyrir langalöngu fann þar ryðgaða en heila kirkjuklukku.[598] Vitnisburður frá 1729 var um að þar hefði „verið kirkjustaður og heitið Á Klaustrum“.[599] Þór Magnússon þjóðminjavörður, sem gróf í bæjarrústina ásamt dr. Sigurði Þórarinssyni, taldi Klaustur „hafa verið lítinn söguald-arbæ“[600] sem farið hefði í eyði skömmu áður en Hekla gaus 1104. Miðað við þær upplýsingar sem komið hafa úr jörðu undanfarið er þessi fremsti bóndabær í Vesturdal ekki ólíklegri staður en aðrir, sem komið hafa fram, fyrir fjölskyldukapellu á 11. öld. Þar er ekkert örnefni sem bendir til guðshúss en örnefnið Hólófernishöfði, á berghöfða sem gnæfir yfir staðnum, ber sannarlega vitni um Biblíuþekkingu. Hvenær sem nafnið er til komið.

Minni um fornar kirkjur hélst milli kynslóðanna. Í jarðalýsingum frá árunum 1709-1714 kemur oft fram að fólk taldi sig vita hvar kirkjur og bænhús höfðu staðið mörgum öldum fyrr. Örnefni vitnuðu t.d. um kirkju á Fossi á Skaga í byrjun 18. aldar[601] sem hvergi áður er getið í ritheimildum. Það gildir um marga fleiri staði eins og tafla VI á síðu 63 sýnir. Bænhús kemur fyrir í örnefnum á nokkrum stöðum þar sem vitað er að kirkjur stóðu áður, samanber Bænhúsvöll í Vík þar sem Víkurkirkja stóð, Bænhúsvöll á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð þar sem Akrakirkja stóð og Bænhústóft á Hofi í Vesturdal. Þessar kirkjur voru starfræktar fram á 17. og 18. öld aldrei talað um þær sem bænhús í máldögum. Í *Jarðabókinni* er oft talað um að bænhús hafi verið til forna þar sem áður stóðu kirkjur, sem eldri heimildir gefa til kynna að hafi haft meiri þjónustu. Það á við um Bjarnarstaðahlíð í Vesturdal, Flatatungu á Kjálka, Skálá í Sléttuhlíð, Haganes í Fljótum og Tungu í Stíflu. Þar hafa geymst örnefni sem vísa ýmist til bænhúss eða kirkju og vitna um að bæði nöfnin voru fólki töm og hafa fremur tengst stærð húsanna sjálfra heldur en þjónustustigi þess, þótt það kunni hafa verið upphafið. Kirkjuhóll var á Mælifellsá þar sem tóftarbrot sáust 1713[602] og Kirkjutóft hét á

---

593 *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001). Bls. 307.
594 *Tunga. Örnefnaskrá* (óársett). Páll Sigurðsson skráði.
595 *Hvammur í Laxárdal. Örnefnaskrá* (1974).
596 *Kimbastaðir og Gil* (óársett). Margeir Jónsson skráði. *Glaumbær. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
597 Hjörtur M. Jónsson (1996). „Flutti Hallur Mjódælingur?...“. Bls. 99-114. Í greininni fjallar Hjörtur um möguleika þess að Ríp hafi verið landnámsbústaður.
598 *Íslenzkar þjóðsögur I* (1945). Bls. 22.
599 Sigurjón Páll Ísaksson (1986). „Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur“. Bls. 34.
600 Sigurjón Páll Ísaksson (1986). „Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur“. Bls. 52.
601 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 18.
602 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 117.

Þrastarstöðum á Höfðaströnd þar sem menn á 18. öld töldu að hálfkirkja hefði staðið til forna.[603]

*Tafla VI. Munnmæli og kirkjuörnefni*

Í töflu VI hafa verið tekin saman kirkjutengd örnefni og munnmæli. Örnefnin Kirkjuvöllur og Kirkjuhóll koma oftast fyrir og sömuleiðis bænhúsvöllur og Bænhúshólar, sem vísa til

| **Staður** | **Staðfest** | **Skv. kirkjutali** |
|---|---|---|
| Foss á Skaga | | Örnefnið Kirkjutóftarhús, Kirkjulág |
| Atlastaðir á Laxárdal | | Munnmæli um kirkjuflutninga skráð á 19. öld |
| Vík í Víkurparti | | Örnefnið Bænhúsvöllur |
| Hafsteinsstaðir í Staðarsveit | | Munnmæli/mannabein v. framkvæmd |
| Gvendarstaðir á Víðidal | | Munnmæli/mannabein í kirkjugarði |
| Helgastaðir á Víðidal | | Munnmæli um mannabein |
| Hóll í Sæmundarhlíð | | Örnefnið Bænhústóft |
| Skarðsá í Sæmundarhlíð | | Skemma kölluð bænhús 1713 |
| Seyla á Langholti | 11. - 12. öld | Örnefnið Kirkjuvöllur/fornleifar |
| Geldingaholt | | Örnefnið Kirkjutunga. |
| Syðri-Mælifellsá á Efribyggð | | Örnefnið Kirkjuhóll |
| Gilhagi í Svartárdal | | Örnefnið Kirkjugarður |
| Hof í Vesturdal | | Önefnið Bænhústóft |
| Hraunþúfuklaustur | | Munnmæli um kirkju skráð 1729 |
| Kelduland á Kjálka | | Kirkjugarður skráður 1713 |
| Sólheimar í Blönduhlíð | | Munnmæli um kirkju og kirkjugarð skráð 1713 |
| Víðivellir í Blönduhlíð | | Örnefnið Kirkjuvöllur |
| Miklibær í Blönduhlíð | | Örnefnið Kirkjuvöllur |
| Stóru-Akrar í Blönduhlíð | | Örnefnið Bænhúsvöllur |
| Víðivellir í Blönduhlíð | | Örnefnið Kirkjuhóll |
| Helluland í Hegranesi | | Örnefnið Bænhúshólar |
| Ferjuhamar í Hegranesi | | Sóknarlýsing frá 19. öld/munnmæli |
| Kálfsstaðir í Hjaltadal | | Örnefnið Bænhúshóll |
| Neðri-Ás í Hjaltadal | Frá 11. öld | Örnefni/Bænhús/fornleifar |
| Sleitustaðir í Kolbeinsdal | | Smiðja í Kirkjugarði 1709 |
| Ósland í Óslandshlíð | | Örnefnið Kirkjuvöllur/kirkjustæði |
| Gröf á Höfðaströnd | | Örnefnið Bænhúsvöllur |
| Þrastarstaðir á Höfðaströnd | | Örnefnið Kirkjutóft /grafreitur |
| Bræðrá í Sléttuhlíð | | Örnefnið Bænhúshóll |
| Arnarstaðir í Sléttuhlíð | | Örnefnið Kirkjulaut |
| Skálá í Sléttuhlíð | | Örnefnið Bænhússkemma |
| Ysti-Mór í Flókadal | 11.-12. öld | Örnefnið Bænhúsgarður/fornleifar |
| Reykjarhóll í Fljótum | | Örnefnið Kirkjusteinn (Könnusteinn) |
| Slétta í Fljótum | | Örnefnið Kirkjuhóll |
| Stóra-Holt í Fljótum | | Örnefnið Kirkjuhóll |
| Ríp í Fljótum | | Munnmæli um bænhús skráð á 20. öld |
| Stóra-Þverá í Fljótur | | Örnefnið Kirkjuvöllur |
| Knappsstaðir í Stíflu | | Örnefnin Kirkjumelur, Kirkjuvöllur |

[603] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 256.

þess að guðshús hafi staðið á sléttum velli eða uppi á hæð. Kirkjulág og Kirkjulaut benda þó til að einhver tilbrigði hafi verið í staðsetningu þeirra. Örnefnin vitna einnig um að kirkjuhúsin sjálf hafi verið nýtt til annarra þarfa þegar hætt var að halda kirkjur, fremur en að þau væru rifin.

Í örnefnaskrám koma oft fram ábendingar um ný hlutverk þeirra eins og: smiðja, skemma og jafnvel fjárhús, eins og í Neðra-Ási í Hjaltadal. Í Hegranesi fundust leifar kola og gjalls sem rannsakendur túlkuðu sem mögulegar smiðjuleifar.[604] Á Sleitustöðum (Sleitu-Bjarnarstöðum) hafði „hús það, sem nú er smiðja“[605] eins og segir í *Jarðabókinni* árið 1709, verið bænhús. Sömuleiðis hefur verið talið að kirkjan í Djúpadal hafi staðið þar sem 19. aldar smiðjan stóð.[606] Komi í ljós að kirkjum hafi víða verið breytt í smiðjur ætti að skoða kerfisbundið hvort vísbendingar geti verið um kirkjuleifar undir þekktum smiðjum eða hvort grafreitir eru í grennd.

**Einkenni elstu kirkjubygginga**

Í fornleifauppgröftum koma fram mismunandi form og gerðir kirkjuhúsa og kirkjugarða. Hægt er að tímasetja byggingar út frá leifum þeirra og hugsanlega þekkja leifar 11. og 12. aldar kirkjuhúsa frá yngri kirkjum. Sögnin um draumvitjun Ólafs konungs Tryggvasonar til Þórhalls knapps skömmu fyrir kristnitöku er elsta ritheimild um íslenska kirkjubyggingu og eina mögulega vísbendingin um að kirkjuhús hafi átt að byggja upp með ákveðnum formúlum, nema 12. og 13. aldar ritarar hafi haft þær hugmyndir um elstu kirkjur. Sem gæti þá vísað til þess að þeirra tíma kirkjur hafi haft ákveðin einkenni, eins og *Íslensk hómilíubók* segir til um.[607] Draumvera Þórhalls knapps sagði honum að reisa kirkju af sama grundvelli og hann mældi fyrir með staf sínum og sagði: „Með þessi skipan skaltu húsit gera ok hafa við þann, er áðr var í hofi þínu, því sem hér er skammt frá bæ þínum“.[608] Hvernig sköpulag kirkjunnar var kemur ekki fram en viðir hofsins voru nothæfir í hana.

Í *Landnámu* segir frá ráðum Suðureyjabiskups til Örlygs Hrappsonar, sem byggði bú sitt á Esjubergi, að hann skyldi taka með sér gullpening og vígða mold til að setja undir hornstoðir kirkjunnar „ok hafa þat fyrir vígslu“.[609] Þorkell Eyjólfsson höfðingjasonur frá Helgafelli á Snæfellsnesi var sagður hafa fengið kirkjuviði hjá Ólafi helga konungi úti í Noregi snemma á 11. öld og hjó heldur stórt. „Högg þú af tvær alnar hverju stórtré og mun sú kirkja þó ger mest á Íslandi“, sagði konungur. Þorkell svarar: „Tak sjálfur við þinn ef þú þykist ofgefið hafa“.[610] Frásögnin á sennilega að sýna metnað og dramb hins unga höfðingjasonar nema hún sé ávísun á að menn áttu að reisa kirkju í samræmi við stöðu sína í þjóðfélaginu eða að hann hafi viljað hafa hana stórviðaðri en við var miðað. Hjalti Hugason segir að sögur eins og þessar séu fremur helgisagnir en sagnfræði og ómögulegar heimildir um kirkjubyggingar.[611] Margt er til í því en mikilvægt er að reyna að greina hvað getur verið á bak við slíkar sagnir, minni, helgisögn eða skemmtiatriði.

Í 12. aldar kristnirétti er talað um að biskup vígi „kirkjur og sönghús eða bænhús“.[612] Sé sönghús kirkjukór gæti orðalagið bent til að kórar hafi verið vígðir sérstaklega eða að kirkjur hafi verið mismunandi með einhverju móti hvað kórinn snerti, nema að hér sé vísað til mismunandi gerða, eða þjónustustiga guðs-

[604] Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi, Fornleifarannsóknir 2002-2007*. Bls. 11.
[605] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Bls. 226-227.
[606] *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007). Bls. 206.
[607] *Íslensk hómilíubók* (1993). Bls. 148-151.
[608] *Flateyjarbók* I (1944). Bls. 489.
[609] *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 53.
[610] *Íslendinga sögur og þættir* II (1987). Bls. 1648. Laxdæla saga.
[611] Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Bls. 171.
[612] *Grágás* (2001). Bls. 16.

húsa. Flestar frásagnir um kirkjubyggingar, hvort sem þær snúast um utanferðir til timburkaupa eða annað, vísa til þess að kirkjuviðir voru verðmætir og að gerð kirkna laut einhverjum reglum.

Samkvæmt *Íslensku hómilíubókinni* voru kirkjur um 1200 stafverkshús. Talað er um syllustokka og undirstokka, kirkjuveggi, gólfþil, setupall og brjóstþil með dyrum á og hurð fyrir. Þar á eru „gluggar þeir, er lýsa kirkjuna“.[613] Brjóstþil er sagt milli „kirkju og sönghúss“, sem er kórinn, og voru dyr þar á. Talað er um fjóra hornstafi og nefndar staflægjur og ásar og þvertré (bitar) sem halda uppi dvergum, sem standa undir ásum. Þakið er nefnt ræfur og talað um ræfurviði[614], sem væntanlega þýðir að ofan á ása voru lagðir raftar og þar á nærþak og þekjan. Þessi kirkjugerð var orðin ríkjandi á 12. öld eins og fornleifauppgreftir hafa gefið til kynna. Þessi gerð stafverkshúss er af annarri eða þriðju kynslóða stafverkshúsa, ef horft er á þróun þeirra, samkvæmt norrænum rannsóknum en stafverkshús voru algeng um alla norðanverða Evrópu á miðöldum og fram undir 1800.




*Teikningin byggist á skýringarmynd Håkons Christie um miðaldabyggingar.[615]*

Elsta gerð slíkra stafverksbygginga er með svokölluðum stólpaveggjum, sem mynduðir voru úr stólpum, hálfbolum sem voru sporaðir saman og grafnir í jörðu eða reknir ofan í möl. Syllur voru felldar ofan á stólpana og læstar saman á hornum. Þessi tækni var þekkt um alla norðanverða Evrópu á landnámstíma Íslands[616] en hefur ekki fundist hér. Í uppgreftri ættu að birtast merki veggja sem sporaröð stólpanna sem stóðu þétt hlið við hlið.




*Stafverk með niðurgrafinni hornstoð. Teikningin byggist á skýringarmynd frá Håkon Christie.*

Önnur kynslóð stafverksins hefur verið kölluð stólpahús og var með niðurgrafna hornstólpa (hornstoðir/-stafi). Grindin, þ.e. laupurinn, samanstóð af hornstólpum, aurstokk og syllu. Sverir hornstólpar (-stafir) voru sviðnir í annan endann og grafnir ofan holur.[617] Aurstokkar voru sporaðir í stólpana og þiljur lagðar lóðrétt á milli þeirra. Sylla var felld ofan á stólpa (stafi) og þil og þau þannig læst saman. Sama mynd blasti við að utan sem innan. Þetta var mun sterkari bygging heldur en stólpaveggshús.

[613] *Íslensk hómilíubók* (1993). Bls. 149.
[614] *Íslensk hómilíubók* (1993). Bls. 148-151.
[615] Christie, Håkon (1974). *Middelalderen bygger i tre.* Bls. 13-14. Sjá einnig teikningar bls. 176 *í Kristni á íslandi I* (2000), í grein Guðbjargar Kristjánsdóttur: „Fyrstu kirkjur landsins“.
[616] Christie, Håkon (1974). *Middelalderen bygger i tre.*Bls.13.
[617] *Íslendinga sögur og þættir* I, 1987. Egils saga, bls. 424. *Bóndi,* 1851, bls. 9. Guðmundur Hannesson, 1943. „Húsagerð á Íslandi“, bls. 9.

Stólpahús (hornstólpahús) voru algeng í Evrópu á 12. öld.[618] Stoðarhola og leifar niðurgrafinnar stoðar á Steinsstöðum, geta verið leifar húss af þessari gerð.[619] Sömuleiðis stoðarholur 11. aldar kirkjunnar í Keldudal sem voru nær 50 cm víðar. Þar vitnuðu leifar af tréverki um kirkjubyggingu af stólpahúsgerð, sem var 3 x 3-4 m að flatarmáli. Af sömu gerð var 11. aldar kirkjan í Neðra-Ási í Hjaltadal og fleiri kirkjur.[620] Hús af þessari gerð gætu hafa verið varin með torfveggjum á vindasömum svæðum til þess að skýla þeim, vindþétta og einangra, en það virðist hafa verið undantekning.




*Stafverk með hornstoð sem stendur á stoðarsteini og grjótpúkki undir aurstokk. Teikningin byggist á skýringarmynd frá Håkon Christie.*

Þriðja kynslóð stafverksins var með hornstólpum (hornstöfum), sem ekki voru niðurgrafnir en stóðu á stoðarsteinum. Sú gerð varð ráðandi á 12. öld um norðanverða Evrópu.[621] Í fornleifauppgrefti ætti að koma í ljós stoðarsteinn eða far eftir hann, hafi steininn seinna verið nýttur til annarra húsa eins og gjarnan var gert með gott hleðslugrjót. Hugsanlega hafa menn púkkað undir aurstokkinn, sem lá á milli hornstoðanna, og annarra stoða (stafa) í grindinni, hafi hann legið við jörðu. Nokkrar kirkjur sem fundist hafa hérlendis eru byggðar upp af þessari stafverksgerð.[622] Hús af þessari gerð eru með engu móti grafin í jörðu og þurfa skjólveggi úr torfi og grjóti, ef þau voru ekki stöguð niður eða að kirkjugarðsveggir voru háir og skjólgóðir.

Ljóst er að stafverksbyggingar kröfðust stórviða að hluta og því eðlilegt að menn hafi flutt inni kirkjuviði, þótt hugsanlega megi gera ráð fyrir að húsviðir hafi verið tækir hér á landi fyrstu árhundruðin í einhverjum byggðum landsins. Ábending Ólafs konungs í draumi Knappsstaðabónda gæti hafa verið geymd og túlkuð sem skynsamlegt leyfi til að nýta alla góða viði til kirkna, úr hofum eða hvar sem þeir fengust. Nýtanlegir byggingaviðir voru endurnýttir eins og kostur var á öllum öldum.

Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur vill flokka kirkjubyggingar í tvennt, og tengir þær tveimur menningarheimum, sem runnu saman á fyrstu öldum kristnihalds í landinu að hún telur.[623] Hún talar um timburhús með miklum hornstólpum og timburhús með ytri torfveggjum, sem voru minni en hin gerðin. Á báðum var viðbyggður kór (sönghús). Kenning hennar fellur að þróun stafverksbygginganna en hér verður ekki lagt mat á mögulegan samruna keltneskra og skandinavískra byggingarfræðilegra stílbrigða í þessum byggingum.

---

618 Christie, Håkon (1974). *Middelalderen bygger i tre.* Bls.12-15.
619 Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin.* Bls. 13.
620 Hjörleifur Stefánsson (1997). „Islandske middelalderkirker“. Bls. 27. Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“. Bls.178. Guðrún Sveinbjarnardóttir (2009). „Kirkjur Reykholts-byggingasaga“. Bls. 66.
621 Christie, Håkon (1974). *Middelalderen bygger i tre.* Bls. 32, 41.
622 Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“. Bls. 179. Standandi varðveitt stafverkshús eru t.d. Skálinn á Keldum á Rangárvöllum og bæjardyrahúsið á Reynistað.
623 Steinunn Kristjánsdóttir (2011) “The Viking as a Diaspora – Cultural and Religious Identities in Early Medieval Iceland”. Bls. 422-436.

Í norsku Frostaþingslögunum sem rituð eru um 1260 segir að ef kirkja brenni „skal prestr reiða timbr a turf til iamgoðrar kirkiu“[624] og reglur Sverris konungs sögðu að menn ættu að halda uppi kirkjum „oc eigi turf öyða. En er kirkia brotnar oc falla hornstafer þa skulu þæir menn er kirkiu æigu lata timbr a turf koma“.[625] Ekki verður betur séð en að gert hafi verið ráð fyrir tyrfðum kirkjum í Noregi, hvort sem um var að ræða torfveggi eða þak. Hornstafirnir vísa til laups stafverkshúss af annarri eða þriðju kynslóð þannig að sennilega hafa norskar og íslenskar miðaldakirkjur verið af sömu gerð á 13. öld, tyrfðar eða ótyrfðar.

Til voru búpeningshús með veggjum sem eingöngu voru hlaðnir úr grjóti og/eða torfi en ólíklegt er að menn hafi byggt kirkjur þannig. Hús sem klætt er með torfveggjum til skjóls og með tyrfðu þaki stendur betur af sér veður og vinda en þau sem berskjölduð voru. Ef kirkjubyggingar eru settar í veðurfarslegt samhengi þá þarf ekki önnur rök en veðraham fyrir torfveggjum og torfþökum kirkna á okkar vindasama landi.

Á 12. öld áttu menn að greiða kirkjutíundina í vaxi, viði, tjöru og vaðmálum, og á þeirri 13. í reykelsi, gulli, silfri og kirkjuhæfum nýjum léreftum.[626] Þar má sjá glitta í tjörubornar stafkirkjur úr timbri, með eða án ytri torfveggja, sem við athafnir hafa angað af bræddu bývaxi, reykelsi og tjöru.

Dómkirkjurnar á Hólum og í Skálholti á 13. til 15. öld voru sagðar með stærstu timburhúsum í Evrópu. Þær voru svokallaðar krosskirkjur með háu miðskipi byggðar upp af stafverki. Sú stærsta var 50 m löng og 10,8 m breið.[627] Á undan dómkirkju Jóns Ögmundarsonar sem reis úr norskum viðum á Hólum 1106/7[628] stóð kirkja Illuga og þar áður kirkja Oxa Hjaltasonar sem reist var á 11. öld og sögð vel búin timburkirkja með blýþaki og mörgum gersemum.[629]

Kirkjur byggðar úr einu saman grjóti virðast ekki hafa risið á Íslandi á miðöldum. Þó er sögn um að menn hafi kunnað að hlaða úr steini og ætlað það, samanber söguna um Illuga Ingimundarson sem drukknaði þegar „hann flutti lím til steinkirkju þeirrar, er hann ætlaði að gera á Breiðabólstað í Vesturhópi“.[630] Menn hafa kannski ekki treyst á kyrrstöðu landsins eftir endurtekna jarðskjálfta sem auðveldlega eyðileggja grjóthlaðin steinlímd hús. Ekki er ómögulegt að steinbyggðar kirkjur hafi verið til en þær hafa þá gersamlega horfið til annarra bygginga. Gott hleðslugrjót var notað aftur og aftur af mörgum kynslóðum hleðslumanna í margar byggingar úr torfi og grjóti.



*Teikningin er af innsigli[631] Reynistaðarklausturs, sem gæti átt að sýna klausturkirkjuna sem byggð var 1295. Hafi hún verið fyrirmyndin virðist hún hafa verið af sömu gerð og Borgundarkirkja í Noregi.*

[624] *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 135, 388.
[625] *Norges gamle love indtil 1387* (1846). Bls. 415.
[626] DI I (1857-76). Bls. 81. *Grágás* (2001). Bls. 12.
[627] Hjörleifur Stefánsson (1997). „Islandske middelalderkirker“. Bls. 31.
[628] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti Bls. 200-203.
[629] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti Bls. 203.
[630] *Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Bls. 47.
[631] *Sjá Sigilla Islandica I, útg. 1965. AM 216 og 218.*

Í *Grágás* er sagt að ef kirkja brotnaði niður vegna veðurs eða fúa voru menn skyldugir til að byggja hana upp aftur innan 12 mánaða en biskup réð hvort kirkja var endurreist ef kirkjuhús brann. Rétt þótti að flytja kirkju til eða leggja hana niður ef héruð fóru í „eyði úr afdölum eða útströndum“[632] eða flytja hana til. „Ef leiglendingur [bjó] á kirkjubæ“ átti hann að láta landeiganda vita um ástand kirkjunnar en bar sjálfur ekki aðra ábyrgð gagnvart viðhaldi hennar en gerði hann við hana ótilkvaddur fékk hann „Guðs þökk“ fyrir.[633]



*Grafarkirkja á Höfðaströnd er frá 17. öld. Hún er timburhús með stafverksgrind. Stoðir standa á stoðasteinum. Ytri langveggir eru hlaðnir úr streng og tyrft yfir þak. Ef alltaf væri logn í Skagafirði væru torfveggirnir alveg óþarfir.*

## Kirkjubúnaður og dýrlingar

Kirkjumáldagar greina yfirleitt ekki frá gerð kirkjubygginga en oft er minnst á gler í rúðum og raktar eru eigur þeirra, sem mætti aldursgreina miðað við stílbrigði og jafnvel hlutverk, væru þær varðveittar. Ýmislegt bendir til að tréverk kirknanna s.s. á dyraumbúnaði, göflum, hornstólpum, kórþili og víðar í kirkjunum hafi verið útskorið og að stílbrigði skurðverksins megi tímasetja finnist það. Dæmi um meinta kirkjumuni sem vísa til hás aldurs eru útskornar fjalir frá Flatatungu á Kjálka. Þær eru skornar í Hringaríkisstíl, sem var ríkjandi á fyrri hluta 11. aldar, og eru mögulega hluti af myndverki sem hefur verið á um 2,2 m háum gaflvegg.[634] Út frá myndverkinu hafa þær verið aldursgreindar til 11. aldar en aðferðin og myndefnið eru sögð bera sömu einkenni og þekkt engilsaxnesk og þýsk verk frá 8.-10. öld.[635] Fjalirnar hafa verið eignaðar Hóladómkirkju en líklegra er að þær hafi prýtt Flatatungukirkju á 11. öld.

Skrásetjari Kjalnesingasögu segir að Örlygur Hrappsson, sá sem sagður er hafa reist kirkju á 10. öld[636], hafi komið með klukku til landsins frá Suðureyjum, með írskum einkennum. Hún hékk „fyrir kirkjunni á Esjubergi er Árni biskup réð fyrir stað, Þorláksson, og Nikulás Pétursson bjó að Hofi, og var þá slitin af ryði“.[637] Lét Árni biskup laga hana suður í Skálholti. Einhverjir íbúa Íslands hafa sennilega byggt guðshús undir keltneskum og engilsaxneskum áhrifum á 11. öld hafi nokkuð mark verið tekið á þeim erlendu biskupum sem komu hingað.[638] Þótt sögur um elstu kirkjur hljómi helgisögulegar eru svona lýsingar tæplega úr lausu lofti gripnar. Spurning er hvort hægt er að nota verndardýrlinga til að tímasetja kirkjur en þeir voru misvinsælir eftir tímabilum. Þar með er ekki öll sagan sögð því dýrlingarnir gátu verið skornir og málaðir á mismunandi tímum. Menn tileinkuðu kirkjur sínar Guði og völdum verndardýrlingum sem þeir kölluðu kirkjudrottinn sinn. Fyrrnefndur Örlygur Hrappson kom ekki aðeins með kirkjuklukku með sér til landsins heldur einnig

632 *Grágás* (2001). Bls. 10-11.
633 *Grágás* (2001). Bls. 13.

634 Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“. Bls. 179. Svokallaður Mammenstíll var ríkjandi á síðari hluta 10. aldar, Hringaríkisstíll á fyrri hluta hinnar 11. og Úrnesstíll á seinni hluta þeirrar aldar.
635 Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“. Bls. 184.
636 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 53.
637 *Íslendinga sögur og þættir* II (1987). Bls. 1459. Árni var biskup í Skálholti 1269-1298.
638 *Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2Hungurvaka. Bls. 11-12.

kirkjuviði og hafði fengið þau ráð frá Suðureyjabiskupi að helga kirkju sína heilögum Kolumkilla og hið sama gerði Halldór Illugason í Hólmi (Innra) þegar hann lét reisa kirkju þar um miðja 11. öld.[639] Í kristnirétti eru tilmæli um að biskupar ráði því hvaða dýrlinga menn „kölluðu" til nývígðra kirkna.[640] Hefur það sennilega verið hluti af þeim ásetningi kirkjunnar að koma skikki á kristnihaldið og ná stjórn í kirkjumálum. Dýrlingavæðing íslenskra kirkna gæti hafa verið einhver frá kristnitöku en virðist í algleymingi á 13. og 14. öld, einmitt þegar kirkjueigendur fóru sjálfir að hafa varann á sér með eignarhaldið og nær hættir að gefa þeim heimalönd.[641]



*Klukkur geta enst vel ef vel er farið með þær. Hér sjást klukkur Hofsstaðakirkju. Sú til vinstri er frá 18. öld en sú belgvíða til hægri, með rómönsku lagi, telst vera elsta varðveitta kirkjuklukka í Skagafirði.*

Dýrlingarnir skiptu miklu máli í rekstri kirkjanna. Kirkjueigendurnir höfðu framan af umboð fyrir veraldlegum eigum Guðs í kirkjunni, sem þeir sjálfir byggðu, en strangt til tekið áttu þeir þær ekki og þegar fram liðu stundir tileinkuðu þeir kirkjudrottni sínum, þ.e. verndardýrlingnum og Guði allsherjar, kirkjuna og allt sem í henni var. Þannig nýttu kirkjuyfirvöld dýrlingana til að styrkja ítök sín.

Heilagur Nikulás var verndari ferðalanga og einn af vinsælustu verndardýrlingum kirkna á 11. og 12. öld. Aðrir vinsælir dýrlingar á þeim öldum voru María mey, Jóhannes skírari, postularnir Pétur og Andrés, Stefán frumvottur og Ólafur helgi konungur Noregs.[642] Erfitt er að fullyrða hvernig megi túlka vitneskju um dýrlingana, því þótt þeir séu taldir tilheyra einu ákveðnu tímabili fremur en öðru þá stungu þeir upp kollinum á öllum öldum á kaþólskum tíma. Ef þessir dýrlingar gætu staðfest aldur kirkna í Skagafirði ættu kirkjur að Hvammi, Sauðá, Sjávarborg, Ríp, Reynistað, Glaumbæ, Geldingaholti, Völlum, Víðimýri, Mælifelli, Goðdölum, Flatatungu, Silfrastöðum, Miklabæ, Víðivöllum, Stóru-Ökrum, Þverá, Hofstöðum, Hólum, Gröf, Hofi, Höfða, Málmey, Felli, Stórholti, Knappsstöðum og Tungu að eiga upphaf sitt á 11. til 12. öld. Helgi Þorláksson hefur velt fyrir sér hvort kirkjustaðir hafi snemma komið upp við hafnir og alfaraleiðir.[643] Nokkrar þessara staða stóðu vel gagnvart alfaraleiðum og eigendur þeirra hafa getað nýtt sér átrúnað á verndardýrling ferðamanna til að efla þær en það telst tæplega sönnun fyrir aldri þeirra. Menn hafa líka getað valið dýrling löngu eftir að fyrsta kirkja reis í þeim pólitíska tilgangi að afla þeim vinsælda og stuðla að áheitagjöfum til þeirra. Liður í því að auka vægi jarðarinnar og um leið eigin stöðu var að gefa kirkjunni, þ.e. Drottni og verndardýrlingi hennar, alla jörðina. Þannig gátu menn hugsanlega aukið helgi kirkjunnar og um leið gildi staðarins og gert hann að helgum og eftirsóttum áningarstað.[644]

639 *Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Bls. 55, 65. Samkvæmt neðanmálsupplýsingum á bls. 18 hefur Kolumkillakirkjan í Innra-Hólmi sennilega verið reist 1030-49 og hefur tekið við af kirkju sem þar var áður, sjá bls. 63 og 65, því nefnd eru bæði grafreitur og altari þar áður en hún reis.

640 *Grágás* (2001). Bls. 11.

641 Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist". Bls. 102. Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Bls. 84.

642 Cormack, Margret (1994). *The Saints in Iceland*. Bls. 109-111, 126-8, 134-8, 138-144, 146-151, 153-4.

643 Helgi Þorláksson (2005). „Why were the 12th Century Staðir Established?". Bls. 130-131, 142.

644 Helgi Þorláksson (2005). „Why were the 12th Century Staðir Established?". Bls. 154.

Forvitnilegt er að horfa á jarðir eins og Ás í Hegranesi, sem er vel í sveit sett gagnvart Hegranesþingstað og aðdráttum frá sjó. Ás var bústaður goða á 12. og 13. öld. Þingmenn þeirra gætu hafa búið á Hegranesjörðunum.[645] Hvort sem það er tilviljun eða ekki að þá er þéttleiki meintra kirkjujarða í Hegranesi á 11. öld mikill. Dýrlingur Áskirkju er óþekktur en Rípurkirkja sem er skammt undan var tileinkuð Andrési postula.[646] Vellir í Vallhólmi, sem var prestsetur á 14. öld, er einnig vel í sveit sett gagnvart hugmynd Helga. Á milli Valla og Vallholtsbæjanna þar sem voru bænhús á báðum jörðum var Vallalaug, áningarstaður flestra sem fóru vestur og austur um miðhérað Skagafjarðar fram á 18. öld. Hafi Helgi rétt fyrir sér í því að kirkjustaðir hafi snemma risið við alfaraleiðir, gætu kirkjur á Goðdölum og á Mælifelli, sem báðar nýttu sér helgi Nikulásar og voru staðir á 14. öld, verið dæmi um þá.[647]

Kirkjujarðir urðu sennilega eftirsóknarverðari en aðrar jarðir eftir því sem leið á 12. öld. Margar kirkjur áttu þá orðið hlunnindi sem þær höfðu keypt eða fengið gefin sem áheit svo sem: reka, skóg, beit, veiði o.s. fr.v. Staða forráðamanna kirkjueigna styrktist í takt við aukin verðmæti þeirra, ítök og stöðug áheit. Fjórtándu aldar máldagar lýsa oft ótrúlegum auði og hafi menn viljað hæna fólk að kirkjum sínum var það best leyst með því að hlaða þær skrauti og berast á með því að gera guðsþjónusturnar sem hátíðlegastar. Kirkjur auðugra höfðingja á 12. og 13. öld gátu vafalaust fengið stór hlutverk þótt jarðir væru í eigu Guðs og þær hafa getað misst hlutverk sín við kynslóðaskipti og áherslubreytingar í ráðandi pólitík. Eftir að biskupar fengu full forræði yfir eigum kirknanna breyttist margt. Afkomendur bænda sem bjuggu á jörðum sem höfðu verið gefnar Guði og verndardýrlingunum gátu jafnvel átt von á að vera vikið þaðan. Ekkert bendir til að hægt sé að nýta einstaka dýrlinga til að aldursgreina kirkjur eða kirkjustaði með óyggjandi hætti, enda eru engar ritheimildir um þá fyrr en á 13. til 14. öld.




*Kortið sýnir Hegranes og lögbýli þar miðað við ráðsmannsreikninga Hólastóls 1388 og Jarðabók 1713. Níu af sautján býlum eru nú þekkt sem kirkjujarðir. Eyhildarholt tilheyrði Akrahreppi fram á miðja 18. öld og er því ekki talið hér með. Vestari kvísl Jökulsár (Vestari-Héraðsvötn) var vatnslítil fyrir siðbreytingu.*

645 Helgi Þorláksson (2010). „Milli Skarðs og Feykis. Um valdasamþjöppun í Hegranesþingi í tíð Ásbirninga og um valdamiðstöðvar þeirra“. Bls. 67. Ás var einn af bústöðum höfðingja Ásbirninga á 12. öld.

646 DI II (1893). Bls. 467.

647 DI II (1893). Bls. 464, 465.

## IV NIÐURSTÖÐUR

Í upphafi er spurt hvernig hugsanlega megi staðsetja og staðfesta elstu kirkjur og grafreiti út frá rituðum heimildum, fornleifum og þeim minjum sem rannsakaðar eru í *Skagfirsku kirkjurannsókninni.* Svörin eru margþætt og felast í samlegð ólíkra heimilda, ritaðra, munnlegra, jarðfundinna og í menningarlandslaginu. Hugmyndir um að flestar kirkjur, sem við þekkjum, eigi sögu aftur á 11. öld virðist rétt og óhætt að fullyrða að kirkjur og kristnir grafreitir voru fleiri á 11. og 12. öld en síðar og víðar snemma á 11. öld en talið hefur verið.

Í Skagafirði einum hafa vel getað verið yfir 120 guðshús á 11. öld, sem hlýtur að þýða að fleiri en goðar og helstu höfðingjar hafi látið vígja grafreiti og reist kirkjur eftir kristnitökuna. Ástæða þess hve rýrar heimildar eru um elstu kirkjur og að hvergi er minnst á kirkjur eins og á Steinsstöðum, Keldudal, Garði og Bjarnastöðum, þar sem grafreitir frá 11. öld hafa verið staðfestir, getur verið sú að menn hafa gleymt þeim. Þær skiptu engu máli fyrir þá sem skráðu málefni kirkjunnar eftir 1300.

Þegar horft er á 11. öld, sem engar samtíma ritheimildir eru um, hefur maður á tilfinningunni að menn hafi búið í sátt og samlyndi án mikilla árekstra í þá tíð. Sú niðurstaða er byggð á heimildafæð, jákvæðum viðbrögðum bænda við ráðagerðum Gissurar Ísleifssonar, tíundarlögum og þeim heimildum sem hafa dulist neðanjarðar og grafnar hafa verið upp á undanförnum árum og vitna t.d. um aðra greftrunarsiði en elsti varðveitti kristniréttur kveður á um. Sáttur maður samþykkir breytingar hljóðalaust ef þær snerta ekki stöðu hans í bráð, þótt þær geti gert það til lengdar litið.

Kirkjur voru lagðar niður á 11. öld um leið og hætt var að grafa í grafreitina eða þegar þær misstu graftarréttindin. Margar héldu velli sem heimiliskapellur þótt þær komi sjaldan og jafnvel aldrei fram í ritheimildum. Sumar eru ekki nafngreindar fyrr en löngu seinna þótt þær stæðu áfram um árhundruð með takmörkuðum leyfum til bænagjörða og prestsþjónustu.

Samfélagsgerðin hefur tekið miklum breytingum á 11. öld þegar til urðu nýjar stéttir tengdar trúmálum og kirkjum. Áhrif prestlærðra manna hafa vaxið í réttu hlutfalli við fjölgun þeirra og vaxandi styrk kirkjunnar. Hugsanlega hafa kirkjueigendur sem gátu menntað og haldið presta haft betri stöðu gagnvart kirkjuyfirvöldum heldur en þeir sem ekki höfðu tök á því. Völd þeirra sem héldu uppi kristnifræðslu og kenndu prestsefnum hafa sennilega aukist eftir því sem leið á 11. öld þar sem þeir hafa getað haft frumkvæði í nýjum lögbundnum sið.

Hugmyndir um að kirkjubændur hafi verið orðnir ráðandi afl undir lok 11. aldar hljóta að eiga við þá sem komnir voru í góða stöðu gagnvart innlendum biskupum því að þeir bændur sem áttu kirkjur og grafreiti á 11. öld og lögðu þær niður í byrjun 12. aldar hefðu tæplega gert það hefðu þeir verið komnir til áhrifa vegna kirkjueignar. Höfðingjar eins og goðar, með innlenda biskupa í fararbroddi, hafa sennilega valdað stöðu sína í gegn um kirkjuhaldið og nýtt tíundarlöggjöf og kristniréttinn til að deila og drottna og skipuleggja hvar halda ætti kirkjur og hverjar fengju prestsþjónustu.

Sóknarskipulagið virðist hafa þróast og mótast frá seinni hluta 11. aldar til 13. aldar þegar grafreitum var fækkað og látnum „safnað" til ákveðinna kirkna. Heimiliskirkjur hafa verið afhelgaðar eða þeim hefur verið breytt í bænhús með minni þjónustu um leið og þær misstu graftarleyfið. Í kjölfar sóknaskipulagsins tókust kirkjan og veraldlegir valdhafar á um kirkjustaði. Líklegt er að biskupar og valdamenn, sem að baki þeim stóðu, hafi nýtt stöðu sína og valið eigin liðsmenn til að stýra kirkjum sem menn höfðu gefið jörð og búnað og notað prestsstöður til að véla með í samningum. Þeir sem áttu graftarleyfislausar heimilis-

kapellur eins og bænhús höfðu ekki mörg spil á hendi í þeim tilfæringum. Sóknarkirkjur virðast hafa verið nokkrar innan hvers prestakalls, eins og enn er, en prestaköllin voru fleiri þá en nú og fleiri fyrir 1300 heldur en seinna.

Bakgrunnur, þekking og ásetningur þeirra sem boðuðu og kenndu íslensku fólki kristinn sið á 11. öld hefur verið sprottin af metnaði og trúboða og skipulagi kristnihalds á þeim svæðum, löndum, sem þeir komu frá. Ekkert bendir til að heiðnir grafreitir hafi verið kristnaðir en mögulega voru heiðnir og kristnir lagðir saman í fjölskyldugrafreitina. Þeir sem reistu kirkjur og fengu vígða grafreiti á 11. öld hafa vafalaust gert það samkvæmt fyrirmælum kennimanna. Þá hefur skipt máli frá hvaða menningarsvæðum kennimenn komu, um það hver einkenni kirkjuhalds og greftrunarsiða voru.

Margt bendir til frjálsræðis í kirkjuhaldi á 11. öld en þar með er ekki sagt að óskipulag hafi ríkt. Grafsiðir geta varpað ljósi á kristnihaldið. Of fáir kirkjugarðar hafa enn verið rannsakaðir í heild sinni til að hægt sé að fullyrða um algengi ákveðinna greftrunarsiða en þeir sem hafa verið skoðaðir gefa þó ákveðnar hugmyndir. Kirkjugarðar í Keldudal og Garði (við Hegranesþingstað) og hugsanlega einnig á Mið-Grund og í eldri grafreitnum á Seylu, virðast lúta reglum um skiptingu kirkjugarðsins eftir kynjum og samfélagsstöðu og hafa verið skipulagðir samkvæmt greftrunarsiðum sem kenndir voru á 11. öld. Karlar liggja sunnan kirkju og konur norðan megin. Það að menn fylltu í og sléttuðu kirkjugarða áður en farið var að grafa í þá, eins og í kirkjugörðunum í Keldudal, í Garði, á Skíðastöðum, Mið-Grund og á Seylu, vísar einnig til þess að menn hafa farið eftir tilmælum um hvernig kirkjugarðar ættu að vera, enda hefur verið auðveldara að taka gröf í fyllingu en ósnortna jörð. Allir 11. aldar garðarnir, sem kannaðir hafa verið, eru hringlaga og af svipaðri stærð.

Þar sem regluverk 12. og 13. aldar vísa til annarra hátta en þeirra sem í jörðu sjást, á þessum stöðum, má túlka það svo að menn hafi viljað breyta grafsiðum eða samræma þá. Sennilega með tilkomu sóknargrafreita. Það gæti hafa gilt um fleira í kristnihaldinu. Lög spegla vilja valdhafa þegar þau eru sett og sannarlega er merkilegt að sjá að menn hafi viljað afmá kynja- og stéttskipta grafreiti strax á 12. öld á meðan Norðmenn t.d., og fleiri þjóðir, héldu þeim ákvæðum. Hugsanlega skipti þar máli að sæmd og heiður húsbænda og hjúa þeirra var í jafnvægi milli bæja með því að gera alla jafnrétthá gagnvart legstað í sameiginlegum kirkjugarði sóknarinnar.

Niðurstöður kirkjurannsóknarinnar eru að grafreitir hafi verið við alla bæi þar sem á annað borð risu kirkjur á 11. öld og miðað við kirkjufjöldann á 11. öld og að bændur hafi sjálfir sinnt prestsembættinu, a.m.k að einhverju marki. Óvígðir hljóta að hafa sinnt nauðsynlegustu hlutverkum við kirkjulegar athafnir, enda má sjá vísbendingu um það í lögum fram á 13. öld að gert var ráð fyrir að svo væri. Skoðun 13. aldar ritara um að prestsfæð hafi hamlað kristnihaldi á 11. öld hlýtur að hafa miðast við annað fyrirkomulag og aðrar hugmyndir en þegar fólk var að meðtaka kristnina og kirkjunnar menn að leita leiða til að stýra kristni- og kirkjuhaldi.

Heimildir um kirkjuhald og kristna grafreiti í eyðibyggðum byggjast fyrst og fremst á munnmælum og mannabeinafundum. Þar sem kirkjugarður frá 11. öld fannst á eyðibýlinu Bjarnastöðum í Kolbeinsdal má búast við að fleiri finnist í eyðibyggðum. Nokkrir grafreitir frá 11. öld, þar sem legbúar hvíla enn, sýna að 12. aldar ákvæði um beinaflutning hafa ekki náð til þeirra og hafa annaðhvort verið aflagðir áður en ákvæði laga um flutning beina voru sett eða að ákvæðið hafi verið óvirkt. Um það vitna grafreitirnir á Stóru-Seylu, Sauðá, Keldudal, Garði, Steinsstöðum, Neðra-Ási, Skíðastöðum, Bjarnastöðum, Óslandi og Ysta-Mói.

Staðsetningar þessara grafreita benda ekki endilega til ráðandi höfðingjaætta á 12. og 13. öld en sé horft til 10. og 11. aldar má greina söguleg minni sem tengjast þeim. Ysti-Mór hefur verið bendlaður við Flóka Vilgerðarsonar (Hrafna-Flóka). Í Ási í Hjaltadal var Spak-Böðvar og synir hans sagðir búa á 11. öld. Hjalti Þórðarson, sonarsonur Hjalta landnámsmanns, bjó á Hofi í Hjaltadal og Tungu-Steinn Bjarnarson, sonarsonur Kráku-Hreiðars, sem var sagður landnámsmaður á Steinsstöðum. Á Sauðá bjuggu sennilega afkomendur hins ætlaða landnema Sæmundar suðureyska. Fjórar af tólf staðfestum 11. aldar kirkjujörðum tengjast þannig sögulegum minnum um 11. aldar höfðingja. Enginn veit deili á bændum á Skíðastöðum, Stóru-Seylu, Mið-Grund, í Garði (Hegranesþingstað), Keldudal, Bjarnastöðum eða Óslandi.

Varla er það tilviljun að grafreitir hurfu úr notkun um það leyti sem tíundarlög voru sett 1096/7 og kristniréttur 1122 til 1133. Í kirkjurannsókninni hefur komið í ljós að elstu máldagarnir, frá 14. öld, nýtast ekki sem fullgildar heimildir um elstu kirkjur. Örnefni, munnmæli og minjar í landinu sjálfu eru jafn góðir vitnisburðir um mögulegar elstu kirkjur. Hið sama má segja um ritheimildir um bænhús á tímabilinu 1300 til 1700, samanber uppgrefti á Ysta-Mói, Mið-Grund og á Skíðastöðum.

Eðlilegt er að skoða í samhengi vitnisburð jarðlægra byggingarleifa, ummerkja í minjaumhverfinu og varðveittra kirkjumuna, sem hugsanlega geta gefið vísbendingar um aldur kirkna, grafreita, kirkjubúnaðar og um trúarhætti á 11., 12. og 13. öld. Þó skal hafa í huga að allir rannsóknarþættir geti verið vafa undirorpnir. Greining fornmuna og fornleifa er þar ekki undanskilin. Flatatungufjalirnar, sem hafa verið greindar sem 11. aldar verk, geta vel hafa prýtt kirkjuna í Flatatungu. Samkvæmt jarðlægum leifum kirkjubygginga þá virðast elstu kirkjur hafa verið stafverksbyggingar af svokallaðri stólpahúsagerð, með og án torfveggja. Flestar hafa þær verið umluktar hringlaga torfhlöðnum kirkjugarðsveggjum.

Spennandi væri að vita hvort elstu kirkjur í öðrum héruðum hafi þróast með öðrum eða sama hætti og í Skagafirði. Mikilvægast er þó að geta afla þekkingar um legu elstu kirkjugarða áður en tennur tímans eða vélar framkvæmdamanna eyðileggja þá.

## HEIMILDIR

### Skammstafanir

AM – Stofnun Árna Magnússonar.
BSk. – Byggðasafn Skagfirðinga.
DI – Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn.
HSk. – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
Þjms. – Þjóðminjasafn Íslands.
Þjskj. – Þjóðskjalasafn Íslands.

### Prentaðar heimildir


Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (2011). „Landscape of burial: Contrasting the Pagan and Christian Paradigms og burial in Viking age and medieval Iceland“ (50-64). *Archaeologia Islandica.* Rit Fornleifastofnunar Íslands, 9. Occasional Papers on Icelandic Archaeology. Editor, Gavin Lucas. Útg. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Agnar Helgason (2004). „Uppruni Íslendinga“ (29-55). *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni.* Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Útg. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Árni Daníel Júlíusson (2007). „Hver fann upp fjósið? Norska landbúnaðarsagan og lærdómur hennar“ (169-179). *Saga. Tímarit Sögufélags* XLV:2. Reykjavík.

Árni Daníel Júlíusson (1995). *Bønder i Pestens tid. Landbrug, godskrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund.* Ph.d. afhandlin ved Københavns Universitet. Københafn.

Árný E Sveinbjörnsdóttir, Jan Heinemeier, Jette Arneborg, Niels Lynnerup, Gudmundur Ólafsson, Gudný Zoëga (2010). „Dietary reconstruction and reservoir correction of $14^{C}$ dates on bones from pagan and early christian graves in Iceland“ (682.–696). *Radicarbon*, Vol 52, Nr. 2.–3. Proceedings of the 20th International Radiocarbon Conference. Edited by A J T Jull. Arizona Board of Regents on behalf of the University of Arizona.

*Ársskýrsla fyrir Byggðasafn Skagfirðinga* (2006). Útg. Byggðasafn Skagfirðinga.

*Ársskýrsla fyrir Byggðasafn Skagfirðinga* (2008). Útg. Byggðasafn Skagfirðinga.

*Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga* (2010). Útg. Byggðasafn Skagfirðinga.

*Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga* (2011). Útg. Byggðasafn Skagfirðinga.

Benedikt Eyþórsson (2005). „History of the Icelandic Church 1000-1300“ (19-69). *Church Centres. Church Centres in Iceland from the $11^{th}$ to the $13^{th}$ Century and their Parallels in other Countries.* Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði.* BA ritgerð í Fornleifafræði við Háskóla Íslands.

*Biskupa sögur* (1858). Gefnar út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn.

*Biskupa sögur* (1878). Gefnar út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Annat bindi. Kaupmannahöfn.

*Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal með viðbæti II.* Hólabiskupar 1551-1798 (1911-1915). Sögufélag gaf út. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson (1994). *The Settlement of Iceland. A Critical Approach. Granastaðir and the ecological Heritage.* Gautaborg.

Björn Sigfússon (1957). „Skriðan varð grafreitur“ (256-263). *Saga.* Tímarit Sögufélags, 11.3. Sögurit XXIV. Reykjavík.

Björn Th. Björnsson (1990). „Búnaður kirkja“ (314-323). *Saga Íslands* V. Reykjavík.

Björn Þorsteinsson (1978). *Íslenzk miðaldasaga.* Útg. Sögufélag. Reykjavík.

*Bóndi*, 1851. Íslenzkt tímarit, einkum ætlað fyrir ritgjörðir um ýmsa búnaðarhætti, atvinnuvegi og vinnubrögð, og fyrir skemtisögur. Kostað og gefið út af nokkrum bændum. 1. hepti, 1-6 blað. Ritstjóri Jakob Guðmundsson. Reykjavík.

Brendalsmo, A. Jan (2000). „De dødes landskap. Måtte man begraves ved sognekirken i middelalderen?" (27-56). *Hikuin 27. Middelalderens kirkegårde. Arkæologi og antropologi – insigt og udsyn.* Nordisk Seminar 2.-5. juni 1999. Ribe, Danmark.

Brendalsmo, Jan og Stylegar, Frans-Arne (2003). „Foreningen til norske fortidsminnes merkers bevaring". *Årbok*. Volume: 157. Útg. Foreningen. Oslo.

*Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942). Birt af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Reykjavík.

*Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar* (1979). Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I. Reykjavík.

Brink, Stefan (2005). „Some Aspects of the Christianization of Sweden and Early Church Organization" (201-209). *Church Centres. Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries.* Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Brynleifur Tobíasson (1943). *Heim að Hólum.* Skagfirzk fræði IV.-V. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík.

*Byggðasaga Skagafjarðar* I (1999) *Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur*; II (2001) *Staðarhreppur – Seyluhreppur*; III (2004) *Lýtingsstaðahreppur*; IV (2007) *Akrahreppur*; V (2010) *Rípurhreppur - Viðvíkurhreppur;* VI (2011) *Hólahreppur.* Skagfirsk fræði. Ritstjóri og aðalhöfundur: Hjalti Pálsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Akureyri, Sauðárkrókur, Reykjavík.

*Byskupa sögur* II. Hólabyskupar (1948). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan. Reykjavík.

Christie, Håkon (1974). *Middelalderen bygger i tre.* Universitetsforlaget Oslo-Bergen-Tromsø. Oslo.

Cormack, Margret (1994). *The Saints in Iceland.* Their Veneration from the Conversion to 1400. Société des bollandistes [...] Bruxelles.

Daniell, Christopher (1997). *Death and Burial in Medieval England 1066-1550.* London and New York.

DI I (1857-76). *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn.* Gefið út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Fyrsta bindi, 834-1264. Kaupmannahöfn; DI II (1893). Annað bindi, 1253-1350. Kaupmannahöfn; DI III (1896). Þriðja bindi, 1269-1415. Kaupmannahöfn; DI IV (1897). Fjórða bindi, 1265-1449. Kaupmannahöfn; DI V (1899-1902). Fimmta bindi, 1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík; DI VI (1900-1904). Sjötta bindi, 1245-1491. Reykjavík; DI VII (1903-1907). Sjöunda bindi, 1170-1505. Reykjavík; DI VIII (1906-1913). Áttunda bindi, 1261-1521. Reykjavík; DI IX (1909-1913). Níunda bindi, 1262-1536. Reykjavík; DI X (1911-1921). Tíunda bindi, 1169-1542. Reykjavík; DI XI (1915-1925); Ellefta bindi, 1310-1550. Reykjavík; DI XII (1923-1932). Tólfta bindi, 1200-1554. Reykjavík.

Eva S. Ólafsdóttir (2005). „Heiður og helvíti. Sviðsetning dauðans í Sturlungu í ljósi kristilegra og veraldlegra miðaldarita" (7-42). *Saga.* Tímarit Sögufélags XLIII:1. Útg. Sögufélag. Ritstjórar: Hrefna Róbertsdóttir, Páll Björnsson. Reykjavík.

*Flateyjarbók* (1944). Fyrsta bindi. Flateyjarútgáfan. Akranes.

„Forstöðumaður Fornleifastofnunar Íslands um uppgröft á Hrísbrú í sumar" (2002). Morgunblaðið 21. ágúst 2002. Reykjavík

Fuglesang, Signe Horn (2004). „Dekor, bilder og bygninger i kristninstiden" (197-262). *Religionsskiftet i Norden. Brytninger mellom nordisk og europeisk kultur 800-1200 e. Kr.* Útg. Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder / Jón Viðar Sigurðsson, Marit Myking og Magnus Ringdal. (red.). Skriftserie nr. 6. Oslo.

Gísli Gunnarsson, Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (1998). „Var tíundin, óbeinn tekjuskattur?“ (233-238). *Saga.* Tímarit Sögufélags XXXVI:1998. Útg. Sögufélag. Ritstj.: Guðmundur J. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, Sigurður Ragnarsson. Reykjavík.
*Grágás* (2001). Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Reykjavík.
Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“ (175-183). *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju.* Ritstjóri: Hjalti Hugason. Reykjavík.
Guðmundur Hannesson, 1943. „Húsagerð á Íslandi“ (1-317). *Iðnsaga Íslands,* Fyrra bindi. Ritstjóri, Guðmundur Finnbogason. Útg. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Reykjavík.
Guðmundur Ólafsson (1984). „Forn grafreitur á Hofi í Hjaltadal“ (117-133). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983.* Reykjavík.
Guðný Zoëga (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin.* Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/127.
Guðný Zoëga (2010). *Skagfirska kirkjurannsóknin.* Framvinduskýrsla 2010. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/111.
Guðný Zoëga (2009). „Fólkið í Keldudal“ (30-43). *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005.* Ritstjórar Guðmundur Ólafsson, Steinunn Kristjánsdóttir. Útg. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla.* Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/95.
Guðný Zoëga (2008). „Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2003-2007“ (57-77). *Skagfirðingabók 31.* Rit Sögufélags Skagfirðinga. Reykjavík.
Guðný Zoëga (2008). *Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2007.* Smárit Byggðasafns Skagfirðinga X. Akureyri.
Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin.* Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/91.
Guðný Zoëga (2006). *Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði.* Áfangaskýrsla/55.
Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín (2003). *Kirkjugarður í Keldudal í Hegranesi.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/18.
Guðrún Sveinbjarnardóttir (2009). „Kirkjur Reykholts - byggingasaga“ (58-69). *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005.* Ritstj.: Guðmundur Ólafsson, Steinunn Kristjánsdóttir. Útg. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
Gunnar F. Guðmundsson (2000). *Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja.* Ritstj.: Hjalti Hugason. Reykjavík.
Hadley, D.M. (2002). „Burial Practies in Northern England in the Latea Anglo-Saxon Period“ (209-228). *Burial in Early Medieval England and Wales.* Útg. Sam Lucy, Andrew Reynolds. Society for Medieval Archaeology Monograph 17. London.
Hansen, Steffen Stumman and Sheehan, John (2006). „The Leirvik ´Bønhustoftin´ And The Early Christianity Of The Faroe Islands, And Beyond“ (27-54). *Archaeologica Islandica.* Rit Fornleifastofnuna Íslands. Occational Papers on Iceland Archaeology, 5. Editor, Gavin Lucas. Reykjavík.
Helgi Þorláksson (2010). „Milli Skarðs og Feykis. Um valdasamþjöppun í Hegranesþingi í tíð Ásbirninga og um valdamiðstöðvar þeirra“ (51-93). *Saga.* Tímarit Sögufélags XLVIII: 2-2010. Útg. Sögufélag. Ritstj., Sigrún Pálsdóttir. Reykjavík.
Helgi Þorláksson (2006). „Goðar og trú á 10. öld“ (141-153). *Hugvísindaþing 2005.* Erindi af ráðstefnu Hugvísindadeildar og Guðfræðideildar Háskóla Íslands 18. nóvember 2005. Ritstj.: Haraldur Bernharðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Útg. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Helgi Þorláksson (2005). „Introduction“ (5-16) og „Why were the 12th Century Staðir Established?“ (127-155). *Church Centres. Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries*. Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Helgi Þorláksson (2002). „Að vita sann á sögunum. Hvaða vitneskja geta Íslendingasögurnar veitt um íslenskt þjóðfélag fyrir 1200“ (113-122). *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir.* Ritstj.: Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon. Reykjavík.

Helgi Þorláksson, 1998. „Hruni“ (9-72). *Árnesingur* V. Útg. Sögufélag Árnesinga. Selfoss.

Hjalti Hugason (2000). *Kristni á Íslandi I. Frumkristni og upphaf kirkju.* Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík.

Hjörleifur Stefánsson (1997). „Islandske middelalderkirker“ (25-41). *Kirkjas og kirkjuskruð. Kirker og kirkekunst på Island og i Norge i middelalderen.* Útg. Norsk Institut for Kulturminneforskning – Þjóðminjasafn Íslands. Redaktører: Lilja Árnadóttir, Ketil Kiran. Reykjavík.

Hjörtur M. Jónsson (1996). „Flutti Hallur Mjódælingur? Atlaga að munnmælasögunni um landnámsbæ Bárðar Suðureyings í Austur-Fljótum og fleira tengt Holtstorfunni“ (99-114). *Skagfirðingabók 14.* Rit Sögufélags Skagfirðinga. Reykjavík.

Hörður Ágústsson (1998). *Íslensk byggingararfleifð I.* Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Reykjavík.

*Íslendinga sögur. Orðstöðulykill og texti* (1998). The complete Sagas of Icelanders with Lemmatized Concordance. CD-diskur. Mál og menning. 2. útg. Reykjavík.

*Íslendingasögur og þættir* I-III (1987). Ritstjórar Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Útg. Svart á hvítu. Reykjavík.

Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Útg. Svart á hvítu. Reykjavík.

*Íslensk hómilíubók. Fornar stólræður* (1993). Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson rituðu inngang. Útg. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

*Íslensk orðabók M-Ö* (2002). Þriðja útgáfa aukin og endurbætt. Ritstjóri Mörður Árnason. Útg. Edda. Reykjavík.

*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II* (1896). Safnað hefur Jón Árnason. Leipzig.

*Íslenzk fornrit* 1. bindi (1986). Íslendingabók, Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

*Íslenzk fornrit*, XV. bindi (2003). Biskupa sögur 1, síðari hluti. Sögutextar. Kristni saga, Kristni þættir, Jóns saga hins helga. Ritstj. Jónas Kristjánsson. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

*Íslenzk fornrit*, XVI. bindi (2011). Biskupa sögur 2. Hungurvaka, Þorláks saga byskups in elzta, Jarteiknabók Þorláks byskups in forna, Þorláks saga byskups yngri. Jarteiknabók Þorláks byskups önnur, Þorláks saga byskups C, Þorláks saga byskups E, Páls saga byskups, Latínubrot um Þorlák byskups. Ritstj. Jónas Kristjánsson. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

*Íslenzkar þjóðsögur I* (1945). Safnað hefur Ólafur Davíðsson. Búið hafa til prentunar Jónas J. Rafnar og Þorsteinn M. Jónsson. Útg. Þorsteinn M. Jónsson. Akureyri.

*Jarða - og búendadatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949* (1949-1959). Skagfirzk fræði, 1.-4. hefti. Reykjavík.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsíngum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709-1714. 9. bindi (1930). Kaupmannahöfn. Ljósprentað 1986 í Odda, Reykjavík.

Jón Jóhannesson (1956). *Íslendinga saga 1. Þjóðveldisöld.* Útg. Almenna bókafélagið. Reykjavík.

Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Høvdingene, storkirkene og den litterære aktiviteten på Island fram til ca. 1300“ (181-196). *Den kirkehistoriske utfordring.* Red. Steinar Imsen. Trondheim.

Jón Viðar Sigurðsson (2005). „Islandske storkirker før 1300" (157-166) *Church Centres. Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries*. Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Jón Viðar Sigurðsson, Marit Myking og Magnus Ringdal (red.) (2004). *Religionsskiftet i Norden. Brytninger mellom nordisk og europeisk kultur 800-1200 e. Kr.* Útg. Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder. Skriftserie nr. 6. Oslo.

Jón Viðar Sigurðsson (2003). *Kristninga i Norden 750-1200*. Det Norske Samlaget. Oslo.

Jón Viðar Sigurðsson (2000). „Gårds- og kirkestruktur på Island fram til ca. 1200" (43-56). *Hikuin 27. Middelalderens kirkegårde. Arkæologi og antropologi - insygt og udsyn*. Nordisk Seminar 2.-5. juni 1999. Ribe, Danmark.

Jón Steffensen (1967). „Ákvæði kristinna laga þáttar um beinafærslu" (71-78). *Árbók hinzs íslenzka fornleifafélags 1966*. Ritstj. Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Jón Þ. Þór (2006). „Saga biskupsstóls á Hólum í Hjaltadal" (245-401). *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára - 2006 - Hólar 900 ára*. Aðalritstjóri: Gunnar Kristjánsson. Ritstj. Óskar Guðmundsson. Útg. Bókaútgáfan Hólar. Reykjavík.

*Jónsbók* (2004). Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurskoðuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Reykjavík.

Júlíana Gottskálksdóttir (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar" (16-29). Goðdalakirkja; „Byggingarsaga kirkjunnar" (100-106). Reykjakirkja; „Byggingarsaga kirkjunnar" (137-144) Reynistaðarkirkja. *Kirkjur Íslands* 5. bindi; „Byggingarsaga kirkjunnar" (39-43) Fellskirkja. *Kirkjur Íslands* 6. bindi. Reykjavík.

Keller, Christian (1989). *The Eastern Settlement Recornsidered. Some Anlyses of Norse Medieval Greenland*. Oslo.

Kieffer - Olsen, Jakob (2004). „Tidlige kirkegårde struktur og gravskik" (174-180). *Kristendommen i Danmark før 1050. Et symposium i Roskilde den 5.-7. februar 2003*. Roskilde Museum Forlag. Roskilde.

*Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*, 5. bindi (2005): Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja, Víðimýrarkirkja; 6. bindi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja, Viðvíkurkirkja. Útg. Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Byggðasafn Skagfirðinga. Reykjavík.

Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útgáfa. Ritstj. Adólf Friðriksson. Reykjavík.

Kristmundur Bjarnason (1992). *Sauðárkrókskirkja og formæður hennar*. Saga kirkjumála og kennidóms í Fagranesprestakalli forna. Útg. Sóknarnefnd Sauðárkrókskirkju. Akureyri.

*Lovsamling for Island* (1749-1772). 3. bindi. Kaupmannahöfn.

Lúðvík Ingvarsson (1987). *Goðorð og goðorðsmenn,* 3. bindi. Útg. Lúðvík Ingvarsson. Reykjavík.

Magnús Jónsson (1939). *Ásbirningar. Skagfirzk fræði I*. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík.

Magnús Stefánsson (2005). „De islandske stadenes egenart og eldste historie" (117-125). *Church Centres. Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries*. Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Magnús Stefánsson (2000). *Staðir og staðarmál. Studier i islandske egenkikelige og beneficialrettslige forhold i middelaldleren I*. 4 skrifter. Historisk institut Universitet i Bergen. Bergen.

Magnús Stefánsson (1975). „Kirkjuvaldið eflist" (57-145). *Saga Íslands II*. Björn Teitsson þýddi. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík.

McNicol, John (1997). *Plassering av de første kirkene i Norge i forhold til de første kultstedene. En historiografisk studie omfattende tiden etter 1830.* Kult skriftserien nr, 98. Oslo.

Mjöll Snæsdóttir (1987). „Kirkjugarður að Stóru-Borg undir Eyjafjöllum“ (5-40). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1987.* Reykjavík.

*Norges gamle love indtil 1387* (1846). Ifölge offentlig Foranstaltning og tillige med Understöttelse af det Kongelige Norske Videnskabers Selskab udgivne ved R. Keyser og P.A. Munch. Förste Bind. Norges Love ældre end Kong Magnus Haakonssöns Regjerings-Tiltrædelse i 1263. Christiania.

Orri Vésteinsson (2007). „Bannað að ganga á grasinu“ (187-196). *XLV:2 -2007.* Útg. Sögufélag. Ritstj.: Eggert Þór Bernharðsson, Páll Björnsson. Reykjavík.

Orri Vésteinsson (2005). „The Formative Phase of the Icelandic Church ca 990-1240 AD“ (71-81). *Church Centres. Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries.* Editor: Helgi Þorláksson. Reykholt.

Orri Vésteinsson (2000). *The Christianization of Iceland. Priests, power, and social shange 1000-1300.* Oxford.

Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998* (skýrsla). Útg. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Ólafur Lárusson (1940). *Landnám í Skagafirði.* Skagfirzk fræði II. Útg. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík.

Ólafur Olavius (1964). *Ferðabók* I. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand. Reykjavík.

*Saga Mera Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks*) (1912). Útg. Símon Bjarnason Dalaskáld. Prentsm. Suðurlands.

Sanmark, Alexandra (2004). *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia.* University College, London 2002. Ph.D. Thesis. Department og Archaeology and Ancient History, Uppsala University. Upssala.

Sellevold, Berit J. (2004). „Trosskiftet og gravskikken i Norge: et spørsmål om kontinuitet“ (139-158). *Religionsskiftet i Norden. Brytninger mellom nordisk og europeisk kultur 800-1200 e.Kr.* Útg. Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder / Jón Viðar Sigurðsson, Marit Myking og Magnus Ringdal. (red.). Skriftserie nr. 6. Oslo.

Sigilla Islandica (1967). ÁM 216 og 218, 8vo. Útg. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík

Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Glaumbær. Kirkja og staður.* Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VIII. Akureyri.

Sigríður Sigurðardóttir (2005). „Kirkjubúnaður og messuföng“ (138-151) Hofsstaðakirkja. *Kirkjur Íslands,* 6. bindi. Reykjavík.

Sigurður Líndal (1974). „Upphaf kristni og kirkju“ (227-288). *Saga Íslands I.* Reykjavík.

Sigurjón Páll Ísaksson (1986). „Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur“ (32-56). *Skagfirðingabók XV árgangur.* Rit Sögufélags Skagfirðinga. Ritstj.: Gísli Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson, Sölvi Sveinsson. Reykjavík.

Snorri Sturluson (1944). *Heimskringla* I og II. Reykjavík.

Stefán Ólafsson (2009). *Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandasýslu.* Útg. *Fornleifastofnun Íslands.* FS393-08051. Reykjavík.

Steinberg, John M. og Bolender, Douglas (2004). „Rannsóknir á búsetuminjum í Skagafirði“ (107-130). *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 2002-2003.* Ritstj. Mjöll Snæsdóttir. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir (2011) “The Viking as a Diaspora – Cultural and Religious Identities in Early Medieval Iceland” (422-436).*Viking Settlements & Viking Society.* Papers from the

Proceedinga of the Sixteenth Viking Congress,Reykjavík and Reykholt, 16-23 August 2009. Editor: Svavar Simundsson. Fylgirit Árbókae Hins íslenska fornleifafélags 2011. Útg. Hið íslenska fornleifafélag & University of Iceland press.

Steinunn Kristjánsdóttir (2007). „Kristnitakan. Áhrif tilviljanakennds og skipulegs trúboðs" (113-129). *Saga.* Tímarit Sögufélags XLV:1 -207. Útg. Sögufélag. Ritstj.: Guðmundur J. Guðmundsson, Páll Björnsson. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir (2004). *The Awakening of Christianity in Iceland. Discovery of a Timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in Seyðisfjörður.* GOTARC. Gothenburg Archaeological Thesis. Series B. No 31. Útg. University og Gothenburg; Part II. Gothenburg.

*Sturlunga saga* I og II (1946). Reykjavík.

Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi.* 2. útg. með viðaukum og breytingum eftir Dr. Hannes Þorsteinsson. Hið íslenzka bókmenntafélag gaf út. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Reykjavík.

Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar.* Reykjavík.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 II* (1954). *Skagafjarðarsýsla.* Safn til landfræðisögu Íslands. Akureyri.

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, 2012. Íslensk kirkjusaga. Flateyjarútgáfan Reykjavík.

Unnar Ingvarsson (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar" (55-58) Hvammskirkja; „Kirkjustaður" (73-74); „Byggingarsaga kirkjunnar" (74-79) Ketukirkja. *Kirkjur Íslands 5.* Reykjavík.

Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögunum" (23-47). *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 53. árg. Reykjavík.

Þorsteinn Gunnarsson (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar" (232-238) Knappsstaðakirkja. *Kirkjur Íslands,* 6. bindi. Reykjavík.

Þór Magnússon (2007). *Á minjaslóð.* Safn ritgerða og ljósmynda gefið út í tilefni sjötugsafmælis höfundar 18. nóvember 2007. Útg. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Þórir Stephensen (2005). „Byggingarsaga kirkjunnar. Síðasta torfkirkjan" (235-341). *Kirkjur Íslands* 5. bindi. Reykjavík.

## Örnefnaskrár

Varðveittar í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík.

*Arnarstaðir. Örnefnaskrá* (1975). Kristján Eiríksson skráði.

*Fagranes. Örnefnaskrá* (óársett). Gunnar Helgason skráði.

*Geldingaholt. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Gilhagi. Örnefnaskrá* (óársett). Rósmundur Ingvarsson skráði.

*Glaumbær. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Grindur í Deildardal. Örnefnaskrá* (1998). Steinar Þórðarson skráði.

*Gröf og Grafargerði. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Helluland í Hegranesi. Örnefnaskrá Jóns Normanns* (óársett).

*Hof í Vesturdal. Örnefnaskrá* (1934). Margeir Jónsson skráði.

*Hvammur í Laxárdal. Örnefnaskrá* (1974). Kristján Eiríksson skráði

*Kimbastaðir og Gil* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Knappsstaðir. Örnefnaskrá* (óársett).

*Lambanes. Örnefnaskrá* (1972). Kristján Eiríksson skráði.

*Lýtingsstaðir. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Miklibær. Örnefnaskrá* (1971). Jóhann Ólafsson skráði.

*Miklibær í Blönduhlíð. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.

*Mælifell. Örnefnaskrá* (2) (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Reykjarhóll. Örnefnaskrá*. Kristján Eiríksson skráði 1972.
*Róðhóll. Örnefnaskrá* (1985). Guðrún S. Magnúsdóttir skráði.
*Sjöundarstaðir í Flókadal. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Skálá. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Slétta í Fljótum. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Stóra-Holt í Fljótum. Örnefnaskráning* (óársett). Margeir Jónsson skráði
*Stóra-Þverá. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Stóru-Reykir. Örnefnaskrá*. Kristján Eiríksson skráði 1973.
*Syðri-Mælifellsá. Örnefnaskrá* (óársett). Kristján Eiríksson skráði.
*Tunga. Örnefnaskrá* (óársett). Páll Sigurðsson skráði.
*Vallanes. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Víðivellir í Blönduhlíð. Örnefnaskrá* (óársett). Margeir Jónsson skráði.
*Ysti-Mór. Örnefnaskrá* (1976). Hermann Jónsson skráði.

**Skýrslur, minnisblöð og munnlegar heimildir**

BSk. Ragnheiður Traustadóttir og Sigríður Sigurðardóttir (2005). *Kolkuós. Höfn og verslunarstaður á miðöldum*. Greinagerð um helstu niðurstöður við fornleifarannsókn á Kolkuósi. Drög að skýrslu. Útg. Byggðasafn Skagfirðinga.
BSk. Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga, 2015. Sjá á: http://www.glaumbaer.is/static/files/Skjol/-Arsskyrslur/15-arsskyrsla-lok.pdf
Gunnfríður I. Björnsdóttir, Þorleifsstöðum, f.1920, d.2010. Munnleg heimild.
Hjalti Pálsson. Minnispunktar frá viðtali við Stefán Kristjánsson frá Róðhóli, 6.8. 2007. Tekið vegna vinnu við Byggðasögu Skagafjarðar. Afhent SS 24. febrúar 2012.
Hjalti Pálsson. Minnispunktar frá viðtali við Margréti Kristjánsdóttur 14.6. 2002 um Ósland í Óslandshlíð. Afhent SS 5. mars 2011.
HSk. Ólafur Lárusson. „Kirkjur og bænhús" í Skagafjarðar-, Rangárvalla- og Árnessýslum. Ópr. handrit. Lbs. 4060. Quarto 4to (Ljósrit í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga).
HSk. 1304, 4to: Um fornar rústir kirkna og bænhúsa eftir Árna Sveinsson.
Páll Þorgilsson, Eyrarlandi, f.1940 og uppalinn á Grindum. Munnleg heimild.
Þjms. Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl (2000).
Þjskj. *Minnisbók Guðbrands Þorlákssonar*, óútgefin. Þjóðskjalasafn, Kansellí KA-52, 1795.

**Kirkjurannsóknarskýrslur á rafrænu formi frá 2011-2018**

Framvindu kirkjurannsóknarinnar frá 2011.
Uppgröftur kirkjugarðs í Stóru-Seylu, 2013.
Greining viðarleifa úr kirkjugarðinum á Stóru-Seylu, 2014.
Uppgröftur 11. aldar kirkjugarðs á Stóru-Seylu 2012-2013.
Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2003, 2013.
Keflavik on Hegranes. Cemetary Excavation Interim Report 2015.
Keflavik on Hegranes. Cemetary Excavation Interim Report 2016.